



VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS
Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Skýrsla til Viðskiptaþings 2001

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

INNGANGUR	5
I. HAGSVEIFLAN OG HAGVAXTARMÖGULEIKAR Á NÆSTU ÁRUM	7
Inngangur	
Áhrif viðskiptahallans	
Hagvöxtur á næstu árum	
Vinnumarkaður og framleiðni	
Bygðastefna og hagvöxtur	
Skattamál	
Alþjóðavæðing og útflutningur	
Aukin virkni markaðarins	
Hagstjórn og vextir	
Lokaorð - samantekt	
II. NÝSKÖPUNARGETA ÍSLENSKS ATVINNULÍFS	18
Inngangur - almenn atriði	
Vinnumarkaður og nýsköpun	
Ísland - tilrauna- og þróunarmarkaður	
Nýsköpun og útrás íslenskra fyrirtækja	
Útrás nýsköpunarfyrirtækja og skattar	
Útrás nýsköpunarfyrirtækja og almenn viðskiptalöggjöf	
Aðgangur nýsköpunarfyrirtækja að fjármagni	
Lokaorð - samantekt	
III. HAGRÆÐING OG ENDURSKIPULAGNING Í ATVINNULÍFINU	28
Inngangur - almenn atriði	
Nokkur dæmi um möguleika á hagræðingu og endurskipulagningu	
Ný tækni skapar tækifæri	
Bygðaðþróun	
Lokaorð - samantekt	
IV. NÝJA HAGKERFIÐ	36
Innviðir nýja hagkerfisins	
Menntun	
Fjármagnsmarkaður	
Hagnýting upplýsinga- og fjarskiptatækni á Íslandi	
Breytingar á vinnumarkaði - nýjar atvinnugreinar	
Sala á netinu	
Samantekt	
V. ALÞJÓÐAVÆÐING OG SAMKEPPNISSTAÐA ÍSLANDS	46
Alþjóðavæðing	
Staðan í alþjóðlegum samanburði	
Nýjar útflutningsgreinar	
Erlend fjárfesting	
Samtinging fjármagnsmarkaða	
Samantekt	
VI. HLOTVERK RÍKISINS Í NÝJA HAGKERFINU	51
Grundvallarhlutverk ríkisvaldsins	
Hagstjórnarhlutverk ríkisins og varðstaða um stöðugleika	
Ríkisfjármál - nauðsyn aukins aðhalds	
Almennt um skattamál atvinnulífsins	
Tekjuskattar fyrirtækja	
Skattar á starfsmenn fyrirtækja	
Eignarskattar og stimpilgjöld skaða samkeppnisstöðu	
Önnur skattaleg atriði	
Umsvif ríkisins í atvinnulífinu - einkavæðing	
Nútímaleg viðskiptalöggjöf	
Fjármálamarkaður í örri þróun	
Félagalöggjöf taki mið af breyttum aðstæðum	
Samkeppnislöggjöfin	
Samantekt	
VII. AÐILD AÐ EVRÓPUSAMBANDINU OG ÁHRIF Á ÍSLENSKT ATVINNULÍF	63
Staða EES-samningsins	
Heldur EES-samningurinn eða úreldist hann?	
Áhrif evrunnar	
Sjávarútvegsstefnan og hugsanleg aðild	
Áhrif hugsanlegrar aðildar á tolla	
Stofnanabáttur ESB	
Samantekt	

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

INNGANGUR

Skýrsla til Viðskiptaþings Verslunarráðs Íslands 2001 fjallar um nokkur mikilvægustu þróunar- og nýsköpunarmál í íslensku atvinnu- og viðskiptalífi um þessar mundir. Reynt er að draga ályktanir af framförum og vandamálum liðinna ára, meta stöðu og horfur nú og gera grein fyrir þeim aðgerðum og úrbótum sem eru forsendur áframhaldandi framfara og hagvaxtar á Íslandi.

Yfirskrift og kjörorð skýrslunnar og Viðskiptaþings 2001 lýsir kjarnanum í viðfangsefni stjórnvalda og þjóðar um þessar mundir. Íslendingar vilja langflestir halda uppi rösklegum hagvexti til framtíðar, og skýrslan lýsir því hvers konar stefna og aðgerðir stuðla að þessu markmiði, hvað verkar gegn slíku markmiði, og hvernig árangursvænlegast er að standa að málum til þess að bæta lífskjör og þjóðlíf í landinu á komandi árum um leið og grundvöllur er lagður að stöðugum framförum.

Í fyrstu köflum skýrslunnar er fjallað um hagþróunina, nýsköpunarhorfur og nauðsynlega hagræðingarþróun í hagkerfinu. Því næst er fjallað um svonefnt "nýja" hagkerfi og ýmsa þætti þess. Þá er grein gerð fyrir þróun alþjóðavæðingar hér, atriðum varðandi erlenda fjárfestingu og varðandi hlutverk ríkisvaldsins í æskilegri framþróun. Loks er kafli um stöðu Íslands andspænis Evrópuþróuninni.

Nokkrir umræðuhópar félagsmanna Verslunarráðs unnu að undirbúningi skýrslunnar, auk nokkurra sérfræðinga. Eru þátttakendur í starfinu nefndir hér á eftir:

Agnar Hansson	Háskólinn í Reykjavík
Andri Teitsson	Þróunarfélag Íslands
Anna M. Pétursdóttir	PriceWaterhouseCoopers ehf
Árni Alvar Arason	Össur hf
Árni Harðarson	Deloitte & Touche
Björgvin Njáll Ingólfsson	Nýsköpunarsjóður
Dagný Halldórsdóttir	Íslandssími hf
Einar Baldvin Stefánsson	Verðbréfasráning Íslands
Einar Sigurjónsson	Verðbréfasráning Íslands
Finnur Sveinbjörnsson	Verðbréfaþing Íslands hf
Geir Borg	Gagarín ehf
Gunnar Thoroddsen	OZ
Gunnlaugur M. Sigmundsson	Kögun hf
Gylfi Árnason	Opin Kerfi hf
Ingólfur Bender	Íslandsbanki – FBA hf
Ingólfur Sveinsson	Útflutningsráð Íslands
Jafet S. Ólafsson	Verðbréfastofan
Jón Helgi Guðmundsson	BYKO hf
Jón Sigurðsson	Össur hf

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Már Guðmundsson	Seðlabanki Íslands
Páll Kr. Pálsson	3P Fjárhús ehf
Pétur Óli Gíslason	Salt-kerfi hf
Róbert Guðfinnsson	SH hf
Sigurður Atli Jónsson	Landsbréf
Sigurður Kjartan Hilmarsson	MP Verðbréf hf
Sigurður Hrafnsson	i7 hugbúnaður hf
Sigurður B. Stefánsson	VÍB
Steinþór Skúlason	Sláturfélag Suðurlands
Tómas Hansson	Íslandsbanki-FBA hf
Tryggvi Þór Herbertsson	Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Þórður Magnússon	Gilding hf
Þórður Friðjónsson	Þjóðhagsstofnun
Þórólfur Árnason	Tal hf

Umsjónarmenn verkefnisins af hálfu Verslunarráðs voru:

Birgir Ármannsson aðstoðarframkvæmdastjóri
Sigríður Ásthildur Andersen lögfræðingur
Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri

HAGSVEIFLAN OG HAGVAXTARMÖGULEIKAR Á NÆSTU ÁRUM

INNGANGUR

Landsframleiðslan á árinu 2000 var tæplega 25% hærri en á árinu 1995 og á þessu mikla hagvaxtarskeiði hefur Ísland færst í hóp tekjuhæstu þjóða heims. Á árinu 2001 er því spáð að það hægi á hagvexti og að landsframleiðslan hækki einungis um 1,6% milli ára. Hægt hefur verulega á vexti eftirspurnar í hagkerfinu og verðbólga lækkað.

Uppsveiflan í efnahagslífinu er því á enda en spurningar vakna um framhaldið næstu ár. Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 2001 er því spáð að hagvöxtur geti orðið á bilinu 2% - 2,5% á ári 2002 – 2005. Gangi slík spá eftir verður landsframleiðslan á árinu 2005 einungis 11% hærri en hún var á árinu 2000. Ísland gæti þá tæplega haldið stöðu sinni í hópi tekjuhæstu þjóða. Til þess að halda samkeppnishæfninni þarf landsframleiðslan að aukast um 3% - 4% á ári og verða á árinu 2005 a.m.k. 17% - 18% meiri en hún var á árinu 2000.

Skilyrði
samkeppnis-
hæfni

Pegar tölur um núverandi uppgangsskeið í efnahagslífinu eru skoðaðar kemur í ljós að talsverðar breytingar hafa orðið á eðli uppsveiflunnar frá því að hún hófst á árinu 1996. Á árinu 1996 er tiltölulega lítill viðskiptahalli og uppsveiflan hefst með góðum vexti í útflutningi og fjárfestingum. Útflutningur vöru og þjónustu náði 36,5% af landsframleiðslu og fjárfestingin varð 20,2%. Hlutfall einkaneyslu, 57,6%, var frekar lágt í sögulegu samhengi en hlutfall samneyslu, 21,8%, var svipað og síðustu þrjú ár þar á undan. Innflutningur vöru og þjónustu nam 35,9% af landsframleiðslu sem var töluvert hærra en á fyrri árum.

Þetta mynstur í þjóðarbúskapnum hélst svipað á árunum 1997 og 1998, utan að fjárfesting og innflutningur vöru og þjónustu jukust í hlutfalli af landsframleiðslu. Útflutningshlutfallið var t.d. 35,3% á árinu 1998 sem var hátt í sögulegu samhengi. Hagvöxturinn á þessum árum var því framboðsdrifinn, þ.e.a.s. atvinnulífið var að rétta úr kútnum og fjárfestingar og útflutningsaukning stóðu fyrst og fremst undir vextinum.

Á árinu 1999 breytist eðli hagsveiflunnar og neyslan fer að eiga meiri þátt í vextinum. Sú þróun hélt áfram á árinu 2000 og nú á árinu 2001 er svo komið að einkaneyslan verður væntanlega 59,4% af landsframleiðslunni en samneyslan 23,7%. Samtals verður neyslan 3,7% meiri á árinu 2001 miðað við landsframleiðslu en hún var á árinu 1996. Fjárfestingin verður ennþá mikil eða 22,6% af landsframleiðslunni. Meginbreytingin er þó sú að hlutfall útflutnings vöru og þjónustu lækkar í 33% á árinu 2001 meðan hlutfall innflutningsins er hátt eða 38,8% af landsframleiðslu.

Eðli hag-
sveiflunnar

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Hagvöxturinn á síðari hluta uppsveiflunnar hefur því verið eftirspurnardrífinn, þ.e.a.s. eyðsluvilji almennings og hins opinbera skýra meginhluta vaxtarins á árunum 1999 til 2001. Í raun lýsa þessar tölur sígildri þróun hagsveiflu og ef allt fer eftir formúlunni mun hin mikla eftirspurn, sem kemur fram í þenslu á vinnumarkaði og minni hagnaði, smám saman leiða til minni fjárfestingar fyrirtækja. Það markar síðan upphaf niðursveiflu í efnahagslífinu.

Framboðs-
hliðin fylgi

Eftirspurn sem fjármögnuð er með skuldasöfnun fyrirtækja og heimila getur ekki til lengdar haldið uppi hagvexti nema framboðshliðin í hagkerfinu fylgi með. Það hefur hún ekki gert í síðari hluta hagsveiflunnar þar sem viðskiptahalli hefur vaxið hröðum skrefum og eftirspurninni verið fullnægt með innflutningi vöru og þjónustu meðan útflutningshlutfallið af landsframleiðslu hefur lækkað.

Uppgangur í íslensku efnahagslífi á næstu árum mun ekki koma frá eftirspurnarhliðinni eins og frá árinu 1999. Spá Þjóðhagsstofnunar um árlegan meðalvöxt á bilinu 2% - 2,5% er framreikningur á því ástandi sem frekar slakur árangur í atvinnulífinu leiðir til og ekki er gert ráð fyrir teljandi minnkun viðskiptahalla. Það er svo annað mál að ekki er einfalt að sjá fram á fjármögnun viðvarandi viðskiptahalla af þessari stærðargráðu við slík skilyrði og líklega myndi eitthvað annað gerast sem breytir því að spáin gangi fram.

Framreikningur Þjóðhagsstofnunar byggist á 1% - 1,5% árlegri framleiðniaukningu og varfærnu mati á viðgangi fiskistofna, þróun ferðaþjónustu og atvinnugreina nýja hagkerfisins. Ekki er heldur gert ráð fyrir nýrri stóriðju.

Nýtt átak
komi til

Ljóst er að gera verður nýtt átak í atvinnulífinu til þess að auka framleiðni ef hagvöxturinn á að ná ásættanlegu stigi. Árleg framleiðniaukning verður að vera a.m.k. á bilinu 2,5% - 3% til þess að tryggja 3,5% - 4% árlegan hagvöxt. Þá yrði framboðshliðin í hagkerfinu á nýjan leik drifkraftur hagvaxtarins og hann því byggður á traustari grunni en nú.

Ekki er jafn einfalt að ná hagvexti nú og var á árunum 1996 – 1998 þegar umtalsvert atvinnuleysi var til staðar á sama tíma og eftirspurn eftir vinnuafli var að aukast. Atvinnuþátttaka nú er mjög mikil eða rúmlega 85% og þekktist ekki í nálægum löndum svo mikil atvinnuþátttaka. Að einhverju leyti getur íslenska hagkerfið stækkað með innflutningi fólks erlendis frá en það breytir ekki eðli viðfangsefnisins. Mikilvægast er að framleiðnin aukist því að aðeins þannig má reikna með viðvarandi bata á lífskjörum þjóðarinnar. Ennfremur verða íslensk fyrirtæki að taka sig á í alþjóðavæðingu en hlutfall útflutnings af landsframleiðslu hefur lækkað ískyggilega.

ÁHRIF VIÐSKIPTAHALLANS

Viðskiptahallinn hefur verið ótrúlega mikill á undanförunum árum eða á bilinu 6% - 8% og spáð er yfir 9% viðskiptahalla í ár meðað við landsframleiðslu, og því hafa spurningar vaknað um hverslu lengi slíkur viðvarandi viðskiptahalli fær staðist. Reyndar er viðskiptahallinn

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

nú frábrugðinn því sem áður var að því leyti að hann er ekki unnt að rekja til slakrar stýringar peningamála eða opinberra fjármála heldur hafa heimili og fyrirtæki skuldsett sig á móti hallanum. Ennfremur er athyglisvert að eignastaða þjóðarinnar gagnvart útlöndum hefur ekki versnað með sama hætti og viðskiptahallinn gefur tilefni til. Þannig var nettóstaða þjóðarinnar neikvæð um rúm 50% af landsframléiðslu í árslok 1995 en í september 2000 er áætlað að staðan hafi verið neikvæð um nálægt 60%. Þetta skýrist af því að Íslendingar hafa verið að fjárfesta mikið í erlendum verðbréfum á undanförunum árum.

Engu að síður er viðskiptahallinn mikið áhyggjuefni þar sem hann lýsir ójafnvægi í hagkerfinu. Almennt má segja að eftirspurnarstigið í hagkerfinu móti kostnaðarstig atvinnulífsins. Mikil eftirspurn eftir vörum og þjónustu kallar á samsvarandi mikla eftirspurn eftir vinnuafli og spennu á vinnumarkaðnum. Þetta hækkar launakostnað atvinnulífsins og skapar vanda í þeim tilvikum þar sem launakostnaður er hátt hlutfall og hagnaðarstig lágt. Að sjálfsögðu reyna fyrirtæki að bregðast við eftir því sem hægt er með því að leita nýrra leiða og leysa verkefni með innflutningi sem áður voru leyst með innlendra framléiðslu. Frá slíkum sjónarhóli má segja að ýmis tækifæri geti skapast við þessa miklu eftirspurn til þess að auka hagkvæmni og nýta kosti innflutnings þar sem það gengur upp.

Ójafnvægi
í hagkerfinu

Launakostnaðarhækkunarir setja engu að síður ýmis útflutningsfyrirtæki í vanda þar sem þau geta sjaldnast hækkað verð á erlendum mörkuðum til að mæta kostnaðarhækkunum innanlands. Þetta á að sjálfsögðu fyrst og fremst við þar sem framlegðarstig er lágt og fyrirtækin eru að keppa í atvinnugreinum þar sem samkeppnishæfni snýst um að hafa sem lægstan kostnað.

Eftir því sem útflutningsgreinarnar búa lengur við efnahagslegt ójafnvægi dregur úr hagnaði þeirra og mörg fyrirtæki lenda í erfiðleikum. Að einhverju leyti er unnt að hagræða og auka framleiðni í útflutningsfyrirtækjum til þess að standast þessar launakostnaðarhækkunarir og útflutningsfyrirtæki verða að geta aukið framleiðni og tekið á sig launakostnaðarhækkunarir eins og önnur fyrirtæki. Við skilyrði viðvarandi umframeftirspurnar og viðskiptahalla af þeirri stæðargráðu sem við höfum nú búið við er hins vegar hættu á því að fleiri og fleiri útflutningsfyrirtæki ráði ekki við þetta launakostnaðarstig og starfsemi þeirra dragist saman.

Hættu á
óförum

Til þess að mæta þeirri hættu sem stafar af viðvarandi miklum viðskiptahalla er þeim mun nauðsynlegra að ekki sé lagður steinn í götu þeirra sem vilja hagræða í atvinnulífinu og auka framleiðni í því skyni að standa undir hærri launakostnaði og auknum kröfum.

HAGVÖXTUR Á NÆSTU ÁRUM

Þeir utanaðkomandi þættir sem venjulega hafa haft mikið að segja um hagvöxt á Íslandi eru stóriðja og sjávarfang. Ekki er á vísan að róa með hvorugan þessara þátta en frekari uppbygging stóriðju eða meiri sjávarafli en nú er reiknað með leiða vissulega bæði af sér aukna

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

landsframleiðslu og styðja við nauðsynlega alþjóðavæðingu hagkerfisins.

Sjávarútvegurinn hefur sem atvinnugrein ýmist galdið þess eða notið að vera helsta útflutningsgrein landsmanna. Borið saman við sjávarútveg annarra þjóða verður almennt að segja að íslenskur sjávarútvegur hefur fengið að standa á eigin fótum og hagkvæmni er meginsjónarmið við rekstur hans. Hins vegar geldur sjávarútvegurinn þess að þáttur hins opinbera við stjórn fiskveiða er óhjákvæmilega svo stór sem raun ber vitni og mörg önnur sjónarmið en hrein hagkvæmnissjónarmið eru jafnan fyrirferðarmikil við slík skilyrði. Rekstur með hagkvæmni að leiðarljósi er grunnforsenda þess að unnt sé að auka framleiðni í atvinnugreininni, bæði með því að lækka kostnað við veiðar, vinnslu og markaðssetningu afurða og með því að þróa nýjar aðferðir, afurðir og leiðir sem auka tekjur greinarinnar.

Rætt um
leikreglur

Nú stendur yfir ný endurskoðun á leikreglunum sem gilda um stjórn fiskveiða og í þeirri endurskoðun skiptir miklu máli að ekki sé slegið af hagkvæmniskröfum og atvinnugreininni gefnir allir möguleikar á því að þróast áfram. Ekki má takmarka um of möguleika til samruna fyrirtækja, en uppbygging nokkurra öflugra sjávarútvegsfyrirtækja á undanförunum árum hefur skapað einingar sem í senn eru fjölhæfar, hafa mikla aðlögunarmöguleika að síbreytilegum aðstæðum og hafa getað lagt í umtalsverðar fjárfestingar. Einingar í íslenskum sjávarútvegi hafa þó tæplega reynst nógu stórar til þess að fyrirtækin hafi getað fært út kvíarnar erlendis með nægilega góðum árangri og með frekari stækkun eininga er ennfremur betri möguleiki á því að ná frekar niður kostnaði í greininni.

Takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi eru íslenskum fyrirtækjum fjötur um fót. Ekki er t.d. hægt að sameina fyrirtæki yfir landamæri í tengslum yfirtöku íslenskra fyrirtækja á rekstri í erlendum sjávarútvegi. Þetta þýðir að íslensk fyrirtæki komast ekki inn í erlend sjávarútvegsfyrirtæki nema með því að greiða með peningum en geta ekki boðið fram hlutabréf sem algengt er við sameiningar og yfirtöku. Útrás íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja verður því alltaf mun dýrari en hún þyrfti að vera. Framtíð sjávarútvegsins byggist hins vegar ekki síst á því að koma á fót hvers kyns samstarfi við erlenda aðila allt frá veiðum til markaðssetningar.

Horfur í
ferða-
þjónustu

Ferðaþjónusta hefur verið í mikilli sókn á undanförunum árum eins og víðast hvar í heiminum. Á árinu 2000 er áætlað að um 303 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið til landsins, sem er um 15 % fjölgun frá fyrra ári, og að heildartekjur vegna þeirra nemi varla minna en um 30 milljörðum ísl.króna. Fjölgun erlendra ferðamanna á Íslandi er ýmist vegna þess að við njótum góðs af almennri aukningu á ferðalögum í heiminum, eða árangurs af markaðsstarfi og aukins framboðs á ferðum og aðstöðu hér á landi. Ferðaþjónusta verður vaxandi hluti af atvinnulífi framtíðarinnar og því er mikilvægt að við hagnýtum okkur þá möguleika hún gefur.

Líklega verður helst að leita aukinnar framleiðni og aukins hagvaxtar í breytingum í atvinnulífinu þar sem aukin hagræðing hefur í för með sér betri nýtingu starfsfólks. Segja má að brýnt sé að starfsfólki geti

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

fækkað í störfum þar sem mögulegt er fyrir atvinnulífið í heild að halda úti sömu framleiðslu og þjónustu með færri fólki. Þetta þýðir bæði að hagræðing með sameiningum fyrirtækja og stækkun eininga er nauðsynleg og ennfremur að mikil endurskoðun á hvers kyns vinnuferlum og samskiptaferlum er mikilvæg þar sem upplýsingatæknin nýtist til að gera ferli sjálfvirkari og lækka kostnað. Hagræðing af þessu tagi er ekki bundin við einstakar atvinnugreinar heldur nær hún yfir allt atvinnulífið. Hvert einasta fyrirtæki í atvinnulífinu býr við viðskiptakostnað sem brýnt er að sé ekki meiri en hann þarf að vera. Upplýsingatæknin og notkun hennar til að ná meiri hagkvæmni í ferlum í flutningum, dreifingu og samskiptum gefa óteljandi möguleika. Upplýsingatæknin gefur einnig mikla möguleika á markvissari markaðssetningu og hægt er að nálgast og þjónusta viðskiptavini með hagkvæmari hætti.

Hin mikla eftirspurn eftir vinnuafli sem nú er í hagkerfinu og sú þrönga staða sem nú er á vinnumarkaðnum ætti að vera fyrirtækjum hvatning til þess að sameinast og hagræða innan húss og í samskiptum við aðra. Á næstu árum verður sérstaklega mikill þrýstingur á fyrirtæki í hefðbundnum framleiðsluiðnaði og vörudreifingu. Einingar hafa verið að stækka í smásöluverslun og verkaskipting atvinnugreina er ekki jafn skýr og áður var. Miklir möguleikar eru til frekari hagræðingar, t.d. með sameiningu fyrirtækja í framleiðsluiðnaði og vörudreifingu. Í fjármálaþjónustu hafa örar breytingar gengið fram á undanföllum árum. Jafnvægi hefur komist á milli framboðs og eftirspurnar eftir lánsfé og þjónustu, tengingar við erlenda markaði hafa stórbatnað og síðast en ekki síst hefur ný tækni skapað ný tækifæri fyrir fyrirtækin. Þessum öru breytingum er þó hvergi nærri lokið og frekari möguleikar til aukinnar hagkvæmni blasa við.

Hagræðing,
stækkun
og samruni

Fækkun starfa með sameiningum fyrirtækja og hagræðingu skapar alls ekki vandamál á vinnumarkaðnum eins og staðan er nú, heldur er þvert á móti nauðsynlegt að slík hagræðing fái að ganga í gegn. Spurningar vakna um afstöðu samkeppnisyfirvalda til þess samruna sem þarf að gerast í atvinnulífinu á næstu árum til þess að auka framleiðnina. Hugsanlega geta samkeppnisyfirvöld tafið framþróun atvinnulífsins með því að koma í veg fyrir hagkvæma samrunaþróun. Því er þýðingarmikið að samkeppnisyfirvöld grípi ekki inn í samrunaþróunina þegar hún skapar sterkari einingar og aukna framleiðni.

Afstaða
samkeppnis-
yfirvalda

Á næstu árum má reikna með því að 4000 - 4500 manns komi inn á vinnumarkaðinn árlega en að um 2000 hverfi af honum. Með óbeyttu atvinnustigi þurfa því að skapast 2000 – 2500 störf árlega umfram þau störf sem hverfa. Framleiðniaukningin í hagkerfinu verður því meiri sem meiri velta er á störfunum, þ.e. að að störf séu bæði að hverfa og ný að verða til á sama tíma. Við þessi skilyrði má segja að lykilsþrúningin sé hversu mörgum störfum þarf að eyða árlega með hagræðingu í atvinnulífinu til þess að skapa svigrúm fyrir nýju störfum sem þurfa að skapast, eigi hagkerfið að halda áfram að vaxa eins og það hefur gert á undanföllum árum.

VINNUMARKAÐUR OG FRAMLEIÐNI

Vinnutími
og vinnu-
þátttaka

Það er athyglisvert að á sama tíma og mælingar sýna almenna lengingu vinnutíma á íslenskum vinnumarkaði eru settar fram kröfur í kjarasamningum um styttingu vinnutímans. Í síðustu kjarasamningum var einmitt komið til móts við þessa kröfu og dagvinnutími stytur um hálfu klukkustund á viku í samningum við verslunarmenn. Ennfremur hefur atvinnuþátttakan aldrei verið meiri þar sem 85,9% Íslendinga töldust til vinnumarkaðarins á árinu 1999. Hin mikla atvinnuþátttaka þýðir að mikill fjöldi námsfólks vinnur með námi og tölur sýna ennfremur að heimavinnandi fækkaði um hátt í helming á árunum 1991 til 1999.

Með bættum efnahag og meiri atvinnuþátttöku virðist fólk líka almennt vera ákveðnara í að nýta frí sín betur en oft hefur verið. Þetta sýna tölur um utanferðir Íslendinga. Þeim hefur fjölgað ár frá ári. Á árinu 2000 fjölgaði utanferðum Íslendinga um sem næst 10 % og ferðuðust um 283 þúsund Íslendingar til útlanda og frá á árinu.

Hin mikla atvinnuþátttaka, lengri vinnutími og þá um leið dýrari vegna styttingar vinnuviku, og meiri orlofsnotkun auka enn á kröfur til íslenskra fyrirtækja um framleiðniaukningu. Þessar breytingar á vinnumarkaðnum vekja líka upp spurningar um mælingu á framleiðni, en með henni er reynt að meta magnaukningu á framleiðslu miðað við hverja einingu vinnuafli. En burtséð frá því hvernig tæknilega er staðið að framleiðnimælingum er augljóst að kröfur til íslenskra fyrirtækja fara vaxandi og þá sérstaklega kröfur um hóflegan vinnutíma, möguleika á fullu orlofi og almennt séð fjölskylduvænu starfsumhverfi. Allt þetta kallar enn og aftur á aukna áherslu á hagræðingu og sparnað og betri nýtingu á vinnuafli.

Hlutverk
mennta-
kerfisins

Vaxandi hæfni og þekking starfsfólks íslenskra fyrirtækja er órjúfanlegur þáttur í því að ná meira út úr hverjum og einum og auka framleiðni í atvinnulífinu. Íslensk fyrirtæki þurfa því ekki síður en opinberir aðilar að hafa vakandi auga með því að menntakerfið þjóni hagsmunum atvinnulífsins og þjóðarinnar fyrir vel menntað starfsfólk. Þetta kallar ekki aðeins á að nægt framboð sé af tækifærum fyrir fólk til að menntast og auka við þekkingu sína bæði áður en það kemur á vinnumarkaðinn og yfir starfsævina, heldur er ekki síður mikilvægt að stjórnendur í íslenskum fyrirtækjum skynji nauðsyn þess að auka hæfni starfsfólksins og yti því áfram til að ná sér í frekari menntun.

BYGGÐASTEFNA OG HAGVÖXTUR

Í opinberri umræðu um hagvöxt og hagræðingu í atvinnulífinu kemur oft fram að hagræðing sé andstæð ýmsum svæðum á landsbyggðinni sem eigi þá enn frekar í vök að verjast með að halda fólki. Íbúapróuin talar vissulega sínu máli, en íbúum landsbyggðarinnar hefur fækkað lítillega eða um 1,7% á árunum 1990 - 2000 meðan íbúum höfuðborgarsvæðisins hefur fjölgað um tæplega 40.000 eða um nálægt 20% á sama tíma.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Hið rauverulega vandamál landsbyggðarinnar felst einkum í því að starfsfólki í mikilvægum atvinnugreinum, s.s. sjávarútvegi og landbúnaði, hefur fækkað en aðrar atvinnugreinar hafa ekki byggst upp í sama mæli á sama tíma. Lausnin á þessum vanda landsbyggðarinnar getur hins vegar aldrei falist í því að stöðva eða tefja framþróun í landbúnaði eða sjávarútvegi. Hagræðing í þessum greinum þarf að geta gengið eðlilega fyrir sig ef þær eiga að halda samkeppnishæfni sinni um vinnuafli og fjármagn. Atvinnulíf á landsbyggðinni verður almennt að standast samkeppni og geta staðið undir sambærilegum lífskjörum og atvinnulífið á höfuðborgarsvæðinu.

Kyrrstaða
engin lausn

Síðan snýst byggðastefna á Íslandi líka um að viðhalda landinu í heild samkeppnisfæru gagnvart öðrum löndum. Ísland er vissulega jaðarbyggð í Evrópu og ekki sjálfgefið að fólk vilji búa í landinu, ekki síst þegar möguleikar til þess að setjast að annars staðar hafa stórbatnað.

SKATTAMÁL

Þekking á alþjóðlegum skattamálum hefur aukist mjög á Íslandi á undanförunum árum. Þetta hefur gerst með því að fólk hefur sérhæft sig í alþjóðlegum skattarétti og helstu endurskoðunarfyrirtækin hafa tengst alþjóðlegum fyrirtækjum á þessu sviði. Íslensk fyrirtæki og einstaklingar eiga því mun betri aðgang en áður að þekkingu á því hvernig best er að skipuleggja fjármál og starfsemi eftir löndum út frá því hvað hagstæðast er frá skattalegu sjónarmiði.

Þessi staðreynd veldur því að Ísland er í sífellt harðari skattalegri samkeppni við nágrannalöndin. Í mörgum þessara landa er mjög ákveðið reynt að laða að starfsemi, annað hvort á einstökum sviðum eða almennt, með skattalegum aðgerðum. Nefna má Írland sem mun bjóða almenna 12.5% skattprósentu á fyrirtæki, Danmörku og Holland sem bjóða hagstætt umhverfi fyrir eignarhaldsfélög og Bretland sem býður margs konar möguleika í tengslum við aflandsstarfsemi á Ermarsundseyjum og fleiri stöðum.

Skatta-
samkeppni
harðnar

Ekki er í eitt skipti fyrir öll hægt að gera skattalög þannig úr garði að þau tryggji skattalega samkeppnisstöðu landsins, heldur er það sífellt viðfangsefni að kanna hvort skattalegt umhverfi íslenskra fyrirtækja sé samkeppnisfært. Hugmyndir um skattabreytingar eru því jafnan ofarlega á dagskrá þegar rætt er um hagvöxt og möguleika íslensks efnahagslífs í alþjóðlegum samanburði.

Helstu atriðin sem rætt er um að þurfi að breyta nú til þess að íslenskt atvinnulíf fái vænlegri stöðu eru lækkanir á eignarskatti og stimpilgjaldi auk ýmissa breytinga á tekjuskatti. Um þessi mál er fjallað á öðrum stað í skýrslunni.

ALPJÓÐAVÆÐING OG ÚTFLUTNINGUR

Hlutfall útflutnings vöru og þjónustu miðað við landsframleiðslu lækkar um 3,5% milli árána 1996 og 2001. Þetta þýðir að rúma 25 milljarða

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

króna vantar í útflutning landsmanna til þess að ná sama hlutfalli af landsframléiðslu og á árinu 1996. Þetta gat í útflutningsframléiðsluna verður að brúa á næstu árum til þess að atvinnulífið vaxi eins og þarf.

Fjölbreytt tengsl

Miklar breytingar hafa orðið á undanförunum árum á tengslum íslenskra fyrirtækja við erlend. Fleiri og fleiri fyrirtæki sjá þörf til þess að tengjast erlendum fyrirtækjum með fjárfestingum eða að íslensk fyrirtæki stofna ný fyrirtæki eða útibú erlendis í því skyni að sækja fram á erlendum mörkuðum. Tengsl íslenskra og erlendra fyrirtækja eru því mun fjölbreyttari en áður var þegar þau einkenndust af hreinum viðskiptum í innflutningi og útflutningi.

Þessi auknu rekstrarlegu tengsl íslenskra og erlendra fyrirtækja og aukin þekking á alþjóðlegu starfsumhverfi fyrirtækja, þ.m.t. skattalegum starfsskilyrðum, kalla á sérstakar aðgerðir í því skyni að tryggja fyrirtækjum í alþjóðlegum rekstri samkeppnisfær starfsskilyrði hér á landi.

Sérstaklega þarf að tryggja að skilyrði fyrir eignarhaldsfélög, höfuðstöðvar og eignarhald hugverka séu samkeppnisfær. Þetta snýst ekki einungis um skattalegt umhverfi heldur líka um að íslenskur fjármagnsmarkaður sé nútímalegur og samkeppnisfær. Ennfremur þurfa fyrirtæki í alþjóðlegum rekstri að geta fært bókhald sitt og ársreikninga og miðað starfsemi sína eftir gjaldmiðli að eigin vali, því að íslenska krónan er í auknum mæli að verða slíkum fyrirtækjum fjötur um fót.

AUKIN VIRKNI MARKAÐARINS

Markaðs- og einkavæðing

Hækkun samneyslulutfallsins á undanförunum árum um 1,9% af landsframléiðslu (eða tæpa 14 milljarða króna) er áhyggjuelfni og sömuleiðis að álitleg tækifæri til einkavæðingar eru ekki nýtt. Afar mikilvægt er að á næstu árum verði gengið hratt fram í að einkavæða og markaðsvæða þá opinberu starfsemi sem almennt getur starfað á viðskiptalegum forsendum. Þá er fyrst og fremst átt við opinber fyrirtæki á fjármagnsmarkaði, fjarskiptamarkaði, pósthjónustu og orkumarkaði. Sum fyrirtækjanna sem hið opinbera á að meira eða minna leyti og starfa á þessum sviðum eru í fullri samkeppni við önnur fyrirtæki en önnur eru í afar vernduðu viðskiptalegu umhverfi. Einkavæðing og markaðsvæðing eftir því sem við á er nauðsynleg til þess að hvetja til aukinnar hagkvæmni í rekstri þessara fyrirtækja.

Ennfremur þarf að auka frekar svigrúm fyrir einkarekstur og útboð þjónustuverkefna á þeim tveimur stóru sviðum rekstrar sem ríkið fæst við, þ.e. í mennta- og heilbrigðiskerfum. Í báðum þessara kerfa hafa aðrir aðilar en hið opinbera haft ákveðið takmarkað svigrúm og verður ekki annað séð en að þeir aðilar hafi leyst hlutverk sín með sóma þar sem á það hefur reynt. Miklir möguleikar eru til staðar á báðum þessum stóru sviðum til þess að nýta betur kosti einkarekstrar.

HAGSTJÓRN OG VEXTIR

Miklar umræður hafa að undanförunu verið um hagstjórn á Íslandi enda von þar sem hinar efnahagslegu aðstæður eru um margt sérstakar. Hagvöxturinn hefur verið sérstaklega kraftmikill og viðskiptahalli verið ótrúlegur, þrátt fyrir að ríkissjóður hafi líka verið rekinn með metafgangi. Verðbólga hefur verið of há eða í kringum 5% sem er umfram það sem þarf að vera til að tryggja efnahagslegan stöðugleika.

Of mikil
verðbólga

Gagnrýni hefur komið fram á að afgangurinn á ríkissjóði sé ekki nægur til þess að draga úr eftirspurninni og að Seðlabankinn hafi þurft að ganga of langt í vaxtahækkunum til þess að halda uppi gengi krónunnar og hamla þannig gegn hækkun á verðlagi.

Hinir háu vextir á Íslandi og mikli vaxtamunur milli Íslands og helstu viðskiptalandanna hlýtur að vera áhyggjuefni. Gengi krónunnar hefur lækkað og verð á erlendum gjaldmiðlum er nú meira en 10% hærra en það var í ársbyrjun 2000 þrátt fyrir mikla vaxtahækkun á sama tíma. Vaxtamunur milli Íslands og helstu viðskiptalanda var í mörgum tilfellum á bilinu 3% - 5% á árinu 1999 en er nú algengt um 7%.

Hækkun vaxta í því skyni að halda uppi gengi krónunnar og hamla þannig gegn hækkun verðlags dregur ekki úr ójafnvægi í efnahagslífinu heldur hvetur að sjálfsgöðu til innstreymis erlends lánsfjár og aukins viðskiptahalla. Þetta hagstjórnartæki er því ekki hagstætt fyrir framboðshliðina í hagkerfinu almennt séð og er sérstaklega óhagstætt fyrir lítil og fjárhagslega veikari fyrirtæki sem ekki hafa beinan aðgang að erlendum fjármagnsmörkuðum.

Brýnt er að vextir geti farið lækkandi sem hraðast eftir því sem hægir á eftirspurn í efnahagslífinu. Það hefur mikla þýðingu fyrir uppgang lítilla fyrirtækja á næstu árum en þau eru mörg hver vaxtarsprotar í efnahagslífinu sem verða að fá svigrúm til að dafna. Það er heldur ekki fýsilegt að mál þróist þannig að gengi krónunnar fari lækkandi á sama tíma og vextir haldast mjög háir. Vaxtahækkunir við slík skilyrði eru ekki trúverðugar og hafa varla mikil áhrif til þess að hækka gengi krónunnar.

Brýnt
að lækka
vexti

LOKAORÐ – SAMANTEKT

Í þessari greinargerð um hagsveifluna og hagvaxtarmöguleika á næstu árum koma m.a. fram eftirfarandi athugasemdir og ábendingar:

* Gangi spár Þjóðhagsstofnunar um hagvöxt á næstu árum eftir verður landsframléiðslan aðeins 11% hærri á árinu 2005 en hún var í fyrra. Til þess að Ísland haldi samkeppnishæfni sinni þarf landsframléiðslan að hækka um 17% - 18% á þessu tímabili.

* Útflutningur vöru og þjónustu náði 36,5% af landsframléiðslu á árinu 1996 og hagvöxturinn á árunum 1996 – 1998 var framboðsdrifinn, þ.e. fjárfestingar og úrflutningsaukning stóðu fyrst og fremst undir uppganginum.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

- * Hagvöxturinn í síðari hluta hagsveiflunnar hefur verið eftirspurnardrífinn og hlutfall útflutnings hefur lækkað í 33% af landsframleiðslu.
- * Eftirspurn sem fjármögnuð er með skuldasöfnun heimila og fyrirtækja heldur ekki til lengdar uppi hagvexti nema framboðshliðin í hagkerfinu fylgi með. Uppgangur á næstu árum mun ekki koma frá eftirspurnarhliðinni í hagkerfinu.
- * Nýtt átak þarf að gera í atvinnulífinu til þess að auka framleiðni og árleg framleiðniaukning verður að vera á bilinu 2,5% - 3%. Ennfremur verða íslensk fyrirtæki að taka sig á í alþjóðavæðingu því að hlutfall útflutnings hefur lækkað ískyggilega.
- * Eignastaða þjóðarbúsins hefur ekki versnað eins og viðskiptahallinn gefur tilefni til. Nettóstaða þjóðarinnar var neikvæð um 50% í árslok 1995 en í september 2000 var hún neikvæð um 60%.
- * Engu að síður lýsir viðskiptahallinn ójafnvægi í hagkerfinu og hætta er á því að hann ógni starfsemi fleiri og fleiri útflutningsfyrirtækja. Því má ekki leggja steina í götu þeirra sem vilja hagræða í atvinnulífinu og auka útflutningshæfni þess.
- * Við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða þarf að gefa aukið svigrúm til stækkunar eininga og fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi.
- * Helst verður að leita aukinnar framleiðni í atvinnulífinu á næstu árum í endurskoðun á hvers kyns vinnuferlum og samskiptaferlum þar sem upplýsingatæknin nýtist til að ná niður kostnaði.
- * Fækkun starfa í einstökum fyrirtækjum skapar ekki vandamál við núverandi skilyrði heldur er nauðsynlegt að hagræðing fái að ganga fram. Lykilspurningin er hversu mörgum störfum þarf að eyða árlega með hagræðingu í því skyni að skapa svigrúm fyrir nýju störfum sem þurfa að verða til, eigi hagkerfið að vaxa eins og það hefur gert á undanförunum árum.
- * Ásókn í styttri vinnutíma og lengra orlof auka kröfur til íslenskra fyrirtækja um framleiðniaukningu. Mikilvægt er að stjórnendur fyrirtækja séu meðvitaðir um þýðingu menntunar fyrir starfsfólk sitt.
- * Lausnin á byggðavandanum getur ekki falist í að tefja hagræðingu og framþróun í landbúnaði og sjávarútvegi. Atvinnulífið á landsbyggðinni verður að geta staðið undir samkeppnishæfum lífskjörum.
- * Íslensk fyrirtæki hafa nú betri aðgang að þekkingu á því hvernig best er að skipuleggja fjármál og starfsemi milli landa eftir því sem hagstæðast er út frá skattalegu sjónarmiði. Skattaleg samkeppnishæfni Íslands er sífellt viðfangsefni.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

- * Lækkun hlutfalls útflutnings um 3,5% milli 1996 og 2001 þýðir að rúma 25 milljarða króna vantar til þess að ná fyrra hlutfalli. Þetta gat þarf að brúa til þess að atvinnulífið vaxi eins og kröfur eru gerðar um.
- * Hækkun samneyslulutfalls um 1,9% af landsframleiðslu eða tæpa 14 milljarða króna er áhyggjuefni. Afar mikilvægt er að á næstu árum verði gengið hart fram í að einkavæða og markaðsvæða þá opinberu starfsemi sem getur gengið á viðskiptalegum forsendum.
- * Hækkun vaxtamunar milli Íslands og annarra landa úr 3% - 5% í mörgum tilfellum í 7% er áhyggjuefni á sama tíma og verð erlendra gjaldmiðla hefur hækkað um 10%.
- * Hækkun vaxta dregur ekki úr ójafnvægi í hagkerfinu heldur hvetur til innstreymis erlends fjármagns og viðskiptahalla. Vaxtahækkunir eru óhagstæðar fyrir framboðshliðina í hagkerfinu og sérlega óhagstæðar fyrir lítil og fjárhagslega veikari fyrirtæki sem ekki hafa beinan aðgang að erlendum fjármagnsmörkuðum.
- * Brýnt er að vextir geti farið lækkandi sem hraðast, en það hefur mikla þýðingu fyrir vaxtarsprotana í efnahagslífinu.

NÝSKÖPUNARGETA ÍSLENSKS ATVINNULÍFS

INNGANGUR – ALMENN ATRIÐI

Á undanförunum árum hefur verið mikil nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Flestir sem að málefnum atvinnulífsins koma skynja að aðgangur að fjármagni, sérstaklega áhættufjármagni, hefur stórbatnað og aðstæður til nýsköpunar hafa að öðru leyti verið fremur hagstæðar. Í skýrslu sem Verslunarráðið tók saman á árinu 1999 um hindranir fyrir nýsköpun í atvinnulífinu kom fram að flestir töldu þörf á að koma inn ákvæðum í skattalög um kaupréttarsamninga. Það varð að veruleika vorið 2000. Nú þegar hægir á í íslensku efnahagslífi og landsframléiðslan vex aðeins um 1,6%, eins og horfur eru á fyrir þetta ár, er tími til að staldra við og velta fyrir sér hvort nýsköpunargeta atvinnulífsins sé að minnka.

Víðtæk
nýsköpun

Hin mikla nýsköpun í atvinnulífinu á undanförunum árum hefur komið fram í öllum atvinnugreinum. Mest hefur borið á framgangi fyrirtækja í upplýsingatækni og öðrum greinum nýja hagkerfisins. En nýsköpunin hefur ekki síður verið í gangi í gamla hagkerfinu þar sem miklar breytingar hafa verið að gerast. Greina má nokkra þætti vegna nýsköpunar atvinnulífsins sem gagnlegt er að hafa í huga í þessu sambandi.

Nýsköpun í hefðbundnum greinum, gamla hagkerfinu, sem starfa aðallega á heimamarkaði felst fyrst og fremst í að finna leiðir til að hagræða og lækka kostnað við framleiðslu á vöru eða þjónustu. Þetta á jafnt við um hefðbundinn iðnað og verslun eins og þjónustugreinar s.s. fjármálafyrirtæki og flutningafyrirtæki. Að sjálfsögðu hefur 25% stækkun hagkerfisins á undanförunum árum haft í för með sér fjölmarga vaxtarmöguleika og hinar miklu þjóðfélagsbreytingar hafa enn fremur skapað mörg tækifæri á nýjum sviðum. Á einhverjum tímamarki þarf hins vegar að horfast í augu við þann veruleika að framleiðnin mun þurfa að vaxa hraðar en markaðurinn stækkar.

Í hinum nýju atvinnugreinum sem starfa á heimamarkaði felst nýsköpunin í því að framleiða nýjungarnar og kynna þær á markaðnum. Árangurinn fer síðan eftir viðbrögðum markaðarins og hvort tekst að búa til nýja vöru eða þjónustu sem viðskiptavinurinn er tilbúinn til að greiða nægilega mikið fyrir þannig að starfsemin standi undir sér. Þótt íslenski markaðurinn sé almennt lítil er engu að síður töluverðir möguleikar á nýsköpun á þessum forsendum, ekki síst þar sem Íslendingar eru almennt nýjungagjarnir.

Vaxtar-
færin

Í atvinnugreinum sem selja á erlendan markað eru möguleikarnir mestir, en jafnframt er nauðsynlegt að halda vel á málum þar sem almennt er mun erfiðara og kostnaðarsamara að ná árangri á erlendum mörkuðum en á heimamarkaði. Þar eru vaxtarmöguleikarnir hins vegar ótakmarkaðir í flestum tilfellum. Íslensk fyrirtæki hafa sýnt að þau geta náð árangri ef þau eru að selja vöru eða þjónustu sem á

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

annað borð gengur á markaðnum og hafa vandað nægilega til undirbúnings og hafa fjármagn og úthald.

Oft er reynt að leita svara við því hvaða atriði það nákvæmlega séu sem verði til þess að ákveðin svæði eða lönd vaxi meðan önnur svæði eða lönd dragast aftur úr. Slíkar spurningar eru ekki séríslenskar heldur alþjóðlegar og sjaldnast fást einhlít svör vegna þess að ástæðurnar eru væntanlega afar fjölbreytilegar. Algengast er að benda á menntun, öflugt frumkvöðlastarf, aðgang að fjármagni, áhættuvilja, áherslu á rannsóknir og þróun, góða innviði fyrir atvinnulíf, áhugavert opið samfélag, hvetjandi skattkerfi og slíka þætti sem þarf til að árangur náist. Hér á landi hafa flest þessi atriði verið að ganga í rétta átt á undanförunum árum.

Helstu
áhrifaþættir

Búsetuþróun og byggðastefna er nátengd umfjöllun um nýsköpun og vöxt á ákveðnum svæðum eða löndum. Bent er á að þjóðir fara mismunandi leiðir í þessum efnum. Bandaríkin til að mynda leggja litla áherslu á byggðastefnu og þar geta bæir og byggðir sprottið upp eða lagst af eins og nýleg dæmi sanna og þar getur verið mjög stutt á milli staða sem gengur mjög illa eða mjög vel. Bandaríkin eru hins vegar nú á tímum höfuðland nýsköpunar á öllum sviðum og Bandaríkjamenn hafa náð miklum efnahagslegum árangri á undanförunum árum. Írar hafa hins vegar lagt mikla áherslu á uppbyggingu byggðar á svæðum sem hafa átt í erfiðleikum. Þeir hafa náð miklum árangri á vesturströndinni og svæði þar eru í mikilli sókn, ekki síður en Írland allt. Að sjálfsögðu er rétt að meta árangur þeirra í ljósi fjármagnsins sem veitt hefur verið inn á svæðið en engu að síður virðast Írar stoltir af því sem gert hefur verið. Mikilvægt er að aðgerðir til að hafa áhrif á byggðapróun eða byggðamál verði ekki til þess að draga úr nýsköpun, en hins vegar er jafn ljóst að öflug nýsköpun er nauðsynleg forsenda fyrir uppgangi hvort heldur er einstakra landa eða byggða.

Eitt af lykilatriðum nýsköpunar sem lítið fer fyrir í umræðum um þessi mál hér á landi er að þjóðfélagið þarf að vera opið og almennt að geta og vilja laða til sín fólk utan frá. Á undanförunum árum hefur fólk verið að flytjast til Íslands og hluti af því fólki hefur komið inn í störf sem krefjast menntunar og oft mikillar þekkingar, þótt stór hluti innflytjenda hafi líka haslað sér völl í störfum sem ekki krefjast sérþekkingar eða langrar skólagöngu. Erlendir ríkisborgarar sem fá íslenskan ríkisborgararétt hafa verið á þriðja hundrað á ári en um 8000 erlendir ríkisborgarar dvelja hér nú og um 3% vinnumarkaðarins er fólk sem fætt er utan Íslands. Í fiskvinnslu eru 7,5% starfsmanna fæddir erlendis, á gististöðum er hlutfallið 6% og í vefjar- og fataiðnaði er hlutfallið 4%. Margir starfa ennfremur á veitingastöðum.

Vilji til að
laða fólk
til sín

Engin sérstök stefna hefur verið rekin gagnvart því fólki sem kemur til landsins og sest hér að nema þeim sem koma sem formlegir flóttamenn. Ekki er með neinum hætti reynt að laða fólk að, heldur hefur umræðan frekar verið á þann veginn að hætta stafaði af of örum eða of miklum innflutningi fólks. Mikið umhugsunarefni er hvort þessi stefna eða skortur á stefnu sé rétt. Í því fólki sem tekur sig upp og flyst milli landa býr oft mikill kraftur, frumkvæði og þekking sem hægt er að virkja. Íslenska hagkerfið er líka svo lítið að fámennið takmarkar verulega vöxt á ýmsum sviðum. Þess vegna ætti að taka upp þá

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Ísland
sem
segull

almennu stefnu að hvetja fólk með menntun og þekkingu til þess að flytjast til Íslands og taka þátt í uppbyggingu þjóðfélagsins. Ísland þarf að virka sem segull á fólk ekki síður en fjármagn og sú starfsemi sem rekin er og beinist að því að laða fjármagn til landsins á ekki síður að miða að því að ná framtakssömu fólki til landsins. Ennfremur þarf að fylgja fordæmi Bandaríkjamanna sem nota skólakerfi sitt, sérstaklega háskólana, ótæpilega til að laða að hæfileikaríkt ungt fólk frá öðrum löndum. Þetta unga fólk sem kemur til Bandaríkjanna og fær menntun nýttist Bandaríkjunum vel hvort sem það flytur á brott að loknu námi eða sest að í Bandaríkjunum. Koma þarf upp sérstöku verkefni hér á landi í þessu skyni.

Á næstu árum munu fyrirtæki í hefðbundnum atvinnugreinum sem selja á heimamarkað búa við sífellt harðari kröfur um hagkvæmni. Markaðurinn er takmarkaður en áframhaldandi hagvöxtur þýðir að fyrirtækin þurfa að standa undir sífellt auknum kaupmætti starfsfólks. Þau fyrirtæki sem ekki geta aukið framleiðni sína og verið þannig samkeppnisfær á vinnumarkaðnum munu heltast úr lestinni. Mikil nýsköpunarvinna í því skyni að lækka kostnað og hagræðingarvinna sem oft felst í stækkun eininga er því framundan á þessu sviði atvinnulífsins.

Skilyrði
árangurs
og hættur

Í upplýsingatæknigreinunum, eða fyrirtækjunum í nýja hagkerfinu, er staðan önnur. Þessi fyrirtæki hafa mörg hver notið greiðari aðgangs að fjármagni en áður tíðkaðist hér á landi og því getað fleytt sér áfram í nokkurn tíma með því að ganga á hlutafé. En tiltölulega fljótt þurfa nýju fyrirtækin að sýna fram á hagnað af starfseminni og það gerist ekki nema þau nái árangri á markaðnum sem er í fyrstu bundinn við heimamarkaðinn. Sem þumalfingursreglu má miða við að þessi fyrirtæki þurfi að ná 600 – 700 þús. króna mánaðarveltu á hvern starfsmann til þess að sjá til lands í rekstrinum. Þau fyrirtæki sem hafa náð bestum árangri í upplýsingatæknigeiranum hafa mörg hver aðlagð erlendar lausnir að íslenskum fyrirtækjum og náð að breiða þær út. En þegar hægir á í atvinnulífinu eru þau fyrirtæki að sjálfsögðu í vissri hættu. Upplýsingatæknifyrirtækin verða því almennt séð að komast inn á erlenda markaði til þess að eiga raunverulega vaxtarmöguleika eða möguleika til þess að festa sig í sessi og skila einhverjum umtalsverðum hagnaði. En slíkt er oft hart sótt þar sem mikla fjármuni þarf til og hlutirnir verða að geta gerst hratt ef einhver hreyfing verður á annað borð.

Nýsköpun í sjávarútvegi, helstu útflutningsgrein landsmanna, hefur fram að þessu mótast af varnarbaráttu ekki síður en því að það sé verið að sækja fram. Fyrirtækin eru í vörn fyrir þau byggðarlög sem þau starfa í, en samkeppnin innan sjávarútvegsins er mjög hörð. Mikil orka fer í þessa vörn. Í sjávarútvegi eru hins vegar iðulega gerðar mjög harðar kröfur til þess að nýjungar skili árangri og arði. Stjórnendur fyrirtækjanna vilja sjá tekjur hærri en kostnað á fyrsta eða öðru ári. Nefna má dæmi um að aðrar greinar séu að spretta upp úr sjávarútvegi, t.d. á Siglufirði og Akureyri. Ætlast er til þess að sú starfsemi skili jákvæðu greiðsluflæði á stuttum tíma og alls ekki hægt að setja það sem markmið að fjárfestingin sé farin að skila sér eftir fimm ár eða hvað þá lengur. Þetta hangir m.a. saman við þá óvissu sem sífellt þjakar sjávarútveginn, ekki síst óvissuna um leikreglur við

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

stjórn fiskveiða og tækifæri greinarinnar til þess að stunda hagkvæman rekstur.

Fyrirtækjamenning á Íslandi hefur lítið verið til umræðu í tengslum við nýsköpun. Því má hins vegar velja upp hvort nægilega mikil hreyfing sé á stjórnendum fyrirtækja. Þannig heyrir það viðhorf að stjórnendur fyrirtækja reyni of snemma að koma sér í ævistarf en reikni ekki með því að flytjast tiltölulega ört á milli fyrirtækja og á milli starfa. Þetta er mikið umhugsunarefni vegna þess að í nýsköpunarfyrirtækin vantar víða stjórnendur með reynslu og í fyrirtækin í hinum hefðbundnu atvinnugreinum vantar oft stjórnendur með nýja sýn og orku eins og er að finna í nýsköpunarfyrirtækjunum. Að sjálfsögðu er engin regla algild í þessum efnum en óhætt er að fyllyrða að betri blöndun á reynslu og nýjungagirni væri til góðs.

Breytingar
í fyrirtækja-
menningu

Aðkoma hins opinbera að nýsköpun er sífellt viðfangsefni. Fullyrða má að gagnsemi opinberra aðgerða er best ef þær eru almennar og snúast um að skapa skilyrði þar sem kraftur og hugvit einkaaðilanna er laðað fram til átaka. Ennfremur má fullyrða að rétt sé að forðast að byggja einstök nýsköpunarverkefni á pólitískum forsendum. Þess vegna þarf hið opinbera að bæta starfsumhverfið fyrir atvinnulífið í heild með styrki hagstjórn og almennu frjálsræði til athafna en fylgja líka eftir einstökum málum, s.s. í skattlagningu eða menntakerfi, þar sem hindranir eru í vegi árangurs í atvinnulífinu.

VINNUMARKAÐUR OG NÝSKÖPUN

Vel menntað og hæft starfsfólk er nauðsynleg forsenda fyrir árangri í nýsköpun í atvinnulífinu og framgangi fyrirtækja, hvort heldur þau starfa í hefðbundnum greinum gamla hagkerfisins eða í upplýsingatækni eða öðrum greinum nýja hagkerfisins. Hér á landi er sama staða og víðast erlendis að skortur er á fólki til þess að takast á við nýsköpun. Þekkingin er til staðar og hér á landi er líklega af þeim ástæðum hægt að framleiða flest það sem framleitt er í heiminum á annað borð. Á sviði upplýsingatækni og í öðrum greinum, þar sem við höfum haslað okkur völl eða hyggjumst gera það, þarf að leggja mesta áherslu á að hönnun, þróun og skipulagning sé hér á landi en fyrirtæki þurfa væntanlega að leita í auknum mæli út fyrir landssteinana til þess að fá fólk í vinnuafsfreka þætti. Fyrirtæki þurfa því almennt að vera mjög vakandi fyrir því að fá aðra til þess að taka að sér einstaka starfsþætti og reyna að hámarka með því nýtinguna á því fólki sem er til staðar á íslenskum vinnumarkaði. Nýsköpunarfyrirtæki ættu almennt ekki að reyna að gera allt sjálf.

Skipting
hlutverka

Samkeppni um hæft starfsfólk á sviði upplýsingatækni er afar hörð og það sama gildir reyndar um mörg önnur svið á vinnumarkaðnum. Við slíkar aðstæður er mikið kvartað undan lausung á vinnumarkaðnum og stjórnendum þykir almennt erfitt að ná í nýtt starfsfólk eða halda því sem fyrir er. Þetta er dæmigert einkenni umframeftirspurnar eftir vinnuafli á þeim sviðum sem í hlut eiga. Að sjálfsögðu hækkar launakostnaður við slík skilyrði. Mikil orka fer í það hjá stjórnendum sem búa við þessa miklu samkeppni að sinna starfsmannamálum og

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

taka þátt í henni. Það dregur svo úr getu þeirra til þess að sinna öðrum hlutum.

Staða
útvegs-
fyrirtækja

Hinar nýju atvinnugreinar landsmanna hafa verið fyrirferðarmiklar í umfjöllun um nýsköpun enda hefur störfum í viðkomandi fyrirtækjum fjölgað mjög á síðustu misserum. Ungt fólk sem er að hasla sér völl á vinnumarkaðnum hefur mikið leitað inn í þessar greinar. Hefðbundnar greinar hafa átt í vök að verjast og má t.d. benda á að ungt fólk leitar ekki í sama mæli inn í sjávarútveg og áður. Fyrir áratug síðan var sjávarútvegur vinsæll sem starfsvettvangur fyrir ungt og menntað fólk. Mikil uppstokkun var í greininni og því opnuðust mörg ný tækifæri fyrir fólk til að láta að sér kveða. Sjávarútvegsfyrirtæki voru almennt framarlega í að hagnýta sér möguleika hlutabréfamarkaðarins og á árinu 1997 mynduðu þau um 40% af markaðsverðmæti á Verðbréfabingi Íslands. Eftir því sem leið á síðasta áratug gaf sjávarútvegurinn eftir að þessu leyti og nú er markaðsverðmæti hans um fjórðungur af verðmætinu á þinginu eftir að fleiri fyrirtæki úr öðrum greinum komu inn á hlutabréfamarkaðinn. Ætla má að neikvæð umræða um sjávarútveginn og óvissa um framhald á hagræðingu innan greinarinnar eigi sinn þátt í að ungt fólk leitar ekki í sama mæli og áður inn í sjávarútveginn. Ennfremur hafa menntunarmál fiskvinnslu og sjómennsku ekki verið sem skyldi og þarf að tengja námið betur almennum námsbrautum.

Almennt séð er æskilegt að nokkur hreyfing sé á fólki milli fyrirtækja og atvinnugreina. Þannig tekur fólk með sér reynslu og lærir jafnframt eitthvað nýtt. Þannig skapast umhverfi sem er hvetjandi fyrir nýsköpun. Ísland hefur almennt þótt vera með sveigjanlegan vinnumarkað og ekki eru hér á landi sömu hindranir á vinnumarkaði og kvartað er undan hjá nágrönnum okkar í Evrópu. Íslandi svipar meira til Bandaríkjanna eða Bretlands í þessum efnum. Hins vegar virðist vinnumarkaðsmenningin almennt ekki vera nægilega opin fyrir hreyfingu hjá okkur. Hvert fyrirtæki þarf að vera vakandi fyrir því að búa til hæfilega blöndu af starfsfólki, þar sem einhver hluti þess er fólk með langan starfsaldur, en stjórnendur verða líka að vera tilbúnir til þess að taka nýtt fólk inn, þjálf það og ætlast svo til að það fari annað. Þannig verður sífelld hreyfing á fólki og hugmyndum.

Vinnu-
umhverfi

Eftir því sem lífskjör hafa batnað á Íslandi gerir fólk meiri kröfur til aðstöðu, vinnuumhverfis og möguleika til þess að njóta lífsins. Þetta er að sjálfsögðu ekki bundið við Ísland. Að mörgu leyti stendur Ísland vel í þessum efnum þar sem hér er mikið landrými og margt í boði. Því hefur uppbygging menningar- og skemmtanalífs á Íslandi á undanfórnum árum haft mikla þýðingu til þess að skapa samkeppnishæft vinnuumhverfi fyrir ungt og menntað fólk. Þessi uppbygging býr til segul sem laðar að sér fólk.

ÍSLAND – TILRAUNA- OG ÞRÓUNARMARKAÐUR

Smæð íslenska markaðarins hefur einn stóran kost sem getur nýst afar vel við nýsköpun í atvinnulífinu. Hann hentar afar vel sem tilrauna- og þróunarmarkaður. Jafnframt því að íslenski markaðurinn er vel afmarkaður eiga hvers kyns nýjungar greiða leið inn á hann.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Þetta á við á ótrúlega mörgum sviðum atvinnulífsins, bæði í nýja hagkerfinu sem og hinum hefðbundnu atvinnugreinum. Ísland þarf að skapa sér þá ímynd erlendis að tilrauna- og þróunarstarfsemi finni hér góðan jarðveg.

Erlend fyrirtæki sem vilja hasla sér völl í útflutningi eða reynd útflutningsfyrirtæki sem vilja prófa vörur sínar á Evrópumarkaði geta nýtt Ísland afar vel sem tilraunamarkað. Hér er aðgangur greiður að markaðnum og ekki þarf að leggja í mikinn kostnað til þess að finna út hvort varan á möguleika eða ekki. Eigi vara möguleika á Íslandi þar sem samkeppni er mikil og framboð af hvers kyns varningi þá á hún möguleika á stærri mörkuðum.

Góður
tilrauna-
markaður

Íslenskur sjávarútvegur hefur löngum verið vettvangur fyrir nýjungar á sviði tækni, véla og tækja. Forráðamenn sjávarútvegsfyrirtækja hafa í seinni tíð verið sérstaklega opnir fyrir því að taka upp nýjungar og þetta hefur skapað innlendum framleiðendum slíkra véla og tækja góð tækifæri, en ennfremur hafa erlendir aðilar sem bjóða fram sína vöru átt greiða leið inn á markaðinn. Íslenskur sjávarútvegur er framarlega í hagnýtingu upplýsingatækni og það hefur skapað aðilum á því sviði möguleika.

Hugbúnaðarframleiðendur og aðrir sem starfa í upplýsingatæknigreinum eiga mjög auðvelt með að nota Ísland sem tilraunamarkað. Auk þess sem nýjungagirninn er okkur í blóð borin að því er virðist höfum við góða innviði í fjarskiptum og öðru sem máli skiptir. Frumútgáfur af hugbúnaði eru reyndar á Íslandi og markaðurinn er tiltölulega umburðarlyndur gagnvart mistökum og erfiðleikum vegna þróunar. Síðan, þegar varan hefur verið þróuð, er hægt að fara með hana á ósveigjanlegri erlendan markað sem ekki þolir mistök.

NÝSKÖPUN OG ÚTRÁS ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA

Árangur nýsköpunarstarfs í atvinnulífinu þarf að koma fram í aukinni alþjóðavæðingu og útrás íslenskra fyrirtækja. Vegna þess hve íslenski markaðurinn er smár er alltaf takmarkað hverju nýsköpun í atvinnulífinu skilar ef hún er eingöngu miðuð við heimamarkaðinn. Í ýmsum atvinnugreinum er hefð fyrir markaðssetningu erlendis, s.s. í sjávarútvegi, ferðaþjónustu og öðrum útflutningsgreinum. Nýsköpunarstarf í þessum atvinnugreinum beinist því að erlendum mörkuðum beint eða óbeint og er hluti af aukinni alþjóðavæðingu og betri útflutningshæfni atvinnulífsins í heild.

Útrás
og alþjóða-
væðing

Í sjávarútveginum hefur líka orðið sú þróun að íslensk fyrirtæki hafa leitast við að taka aukinn þátt í verðmætakeðjunni sem liggur frá því að fiskur er veiddur frá því að hann kemur á borð neytenda. Þannig hafa íslensk fyrirtæki haslað sér völl í vinnslu, sölu og dreifingu á fiski erlendis. Nýsköpunarstarf fyrirtækja eins og Össurar og Marels hefur ennfremur leitt til þátttöku þessara fyrirtækja í sambærilegum rekstri erlendis.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Íslensk upplýsingatæknifyrirtæki hafa verið að hasla sér völl erlendis en hins vegar hefur vantað að fylgja því starfi betur eftir með sameiginlegri stefnumótun og aðgerðum. Þannig mætti auka samvinnu fyrirtækja á þessu sviði í öflun upplýsinga og markaðsþekkingar og almennt kynningarstarf mætti bæta. Fólki með markaðsþekkingu vantar víða inn í fyrirtæki í þessari grein.

Land
upplýsinga-
tækni

Skapa þarf ímynd af Íslandi sem upplýsingatækniland. Með þessari ímynd þarf að vera hægt að laða fólk til Íslands á þeim forsendum að hér séu hlutirnir að gerast og að hér sé gott að búa. Stór þáttur í þessari ímynd er að kynna landið sem þróunar- og tilraunamarkað sem fyrr var getið. Alþjóðavæðing upplýsingatæknifyrirtækjanna er rétt að hefjast og því er starf af þessum toga afar mikilvægt.

ÚTRÁS NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKJA OG SKATTAR

Skattlagning og skattkerfi hafa almennt mikil áhrif á nýsköpunarstarf og nýsköpun í atvinnulífinu. Íslenska skattkerfið er engin undantekning að þessu leyti. Í skýrslu Verslunarráðs um hindranir fyrir nýsköpun á árinu 1999 kom fram að þáverandi skattaleg meðferð kaupréttarsamninga væri veruleg hindrun og í framhaldinu var lögum breytt. Fram hefur komið að hin nýju ákvæði um kaupréttarsamninga hefðu þurft að ganga lengra til að nýtast nægilega vel fyrir nýsköpunarfyrirtæki. Sérregla sem gildir um kaupréttartilboð til allra starfsmanna er of þröng, fjárhæðir þurfa að vera hærrí og sveigjanleiki á millifærslu milli ára þarf að vera til staðar.

Hörð
skatta-
samkeppni

Íslenska skattkerfið er í samkeppni við skattkerfi annarra ríkja um að búa atvinnulífinu starfsskilyrði og vinna að endurbótum á íslenska skattkerfinu þarf alltaf að vera í gangi. Nú eru nokkur atriði ofarlega á baugi vegna skattalegrar stöðu nýsköpunar á Íslandi miðað við önnur ríki.

Þegar íslensk fyrirtæki í upplýsingatækni leita á erlendan markað er algengt að stofnuð séu dótturfélög erlendis eða að farið sé í samstarf við erlenda aðila með stofnun eignarhaldsfélags eða gagnkvæmri eignaraðild. Í þessu samstarfi er skilgreint hvernig eignum og eignarhaldi skuli háttáð og hvernig tekjustraumar skuli renna. Í upplýsingatækni og mörgum greinum hins nýja hagkerfis eru helstu eignirnar hugverk af ýmsum toga. Ein helsta tekjumyndunin í rekstrinum verður til vegna greiðslna fyrir afnot af þessum hugverkum.

Íslenska skattkerfið er ekki vel samkeppnisfært um að ná til sín fyrirtækjum sem hafa eignarhald á öðrum félögum eða eignarhald á hugverkum. Almenn skattalög eru óhagstæð fyrir eignarhaldsfélög og í löggjöfina um alþjóðleg viðskiptafélög vantar veigamikil atriði til þess að þau séu almennilega samkeppnisfær fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki. Eignarhald á íslenskum upplýsingatæknifyrirtækjum og hugverkaréttindi í eigu íslenskra fyrirtækja munu því smám saman flytjast til annarra landa eftir því sem alþjóðavæðing þessarra fyrirtækja verður meiri. Því er brýnt að löggjöf um alþjóðleg viðskiptafélög og skattaleg staða þeirra sé þannig að

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

hún nýtist til að halda hugverkaréttindum í eigu íslenskra fyrirtækja á Íslandi.

Eignarskattur og stimpilgjald eru séríslenskir skattar sem íþyngja íslenskum fyrirtækjum og það kemur ekki síst við nýsköpunarfyrirtæki sem hyggja á útrás á erlendum mörkuðum. Þessir skattar, sérstaklega eignarskatturinn, vega því þungt í ákvörðunum um að flytja eignarhald úr landi.

Íþyngjandi
sérreglur

Pegar eignarhaldið flyst úr landi fer einnig drjúgur hluti af tekjustraumnum sem fylgir rekstrinum, fyrst og fremst þær greiðslur sem tengjast eignarhaldi á hugverkum. Því er afar brýnt að breyta skattalegri stöðu alþjóðlegra viðskiptafélaga þannig að þau geti einnig þjónað sem eignarhaldsfélög fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki sem halda á erlendan markað.

ÚTRÁS NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKJA OG ALMENN VIÐSKIPTALÖGGJÖF

Íslensk viðskiptalöggjöf hefur verið endurnýjuð að stórum hluta á síðustu tíu árum. Mikil endurnýjun varð í kjölfar EES-samningsins en ennfremur hafa verið gerðar breytingar á öðrum þáttum því óháð. Almennt má segja að viðskiptaumhverfi á Íslandi sé nútímalegt og hagstætt fyrir atvinnurekstur. Íslensk fyrirtæki sem taka þátt í samstarfi við erlend fyrirtæki gera það ekki á mismunandi forsendum heldur er lagalega starfsumhverfið hér á landi svipað og tíðkast í helstu viðskiptalöndum okkar.

Meðal þess sem á vantar er aðild og aðlögun að ýmiss konar alþjóðlegum samningum á sviði viðskipta sem íslenska stjórnkerfið virðist ekki hafa lagt áherslu á. Í flestum tilvikum eru engin vandkvæði á því fyrir íslensk stjórnvöld að gangast fyrir aðild að slíkum samningum, heldur hafa mál þessi ekki fengið nauðsynlega athygli. Meðal þeirra samninga sem vantar er fjárfestingarsamningur við Bandaríkin en hann hefur staðið Íslendingum lengi til boða. Nú mun hafin vinna við að gera slíkan samning og vonandi tekst að ljúka þeirri vinnu fyrr en síðar. Á undanförunum árum hafa verið gerðir allmargir tvísköttunarsamningar, en þeim samningum þarf að fjölga og koma þeim samningum í gildi sem gerðir hafa verið, en dráttur á birtingu þessara samninga í C deild stjórnartíðinda hefur komið í veg fyrir gildistöku þeirra.

Vantar
aðlögun að
samningum

Íslensk nýsköpunarfyrirtæki sem hyggjast hasla sér völl erlendis rekast gjarnan á það að íslenska krónan og íslenskar reikningskilareglur eru vandamál í samskiptum við erlenda fjárfesta. Íslenska krónan þykir ekki trúverðugur gjaldmiðill þrátt fyrir að standa tiltölulega sterkt. Þetta er eitt þeirra atriða sem valda því að eignarhaldsfélög eru sett upp erlendis vegna samstarfs íslenskra og erlendra fyrirtækja. Meginhættan er sú að verði Ísland ekki ákjósanlegur vettvangur fyrir slík eignarhaldsfélög og höfuðstöðvar fyrirtækja muni yfirstjórn fyrirtækjanna flytjast úr landi jafnframt.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Sveigjanleg
reiknings-
skil

Til þess að bregðast við þessu þarf að taka upp sveigjanlegra fyrirkomulag á reikningsskilum þannig að íslensk fyrirtæki geti fært bókhald sitt og ársreikninga í þeim gjaldmiðli sem þau kjósa. Með því móti gætu öll fyrirtæki sem það kjósa nýtt sér alþjóðlega reikningsskilastaðla og öll fyrirtæki þyrftu að eiga rétt á því að gera upp sín mál gagnvart skattyfirvöldum með uppgjörum í erlendum gjaldmiðlum og þurfa þá ekki heldur að nota verðbólgu-reikningsskil.

Íslensk nýsköpunarfyrirtæki sem reyna fyrir sér í samstarfi við erlenda aðila komast einnig að því að erlendir fjárfestar sem hyggjast fjárfesta á íslenskum hlutabréfamarkaði mæta ekki notendavænu viðmóti. M.a. er gerð krafa um íslenska kennitölu sem vefst fyrir mörgum að útvega sér og spurning hvaða þörf er á yfirleitt.

AÐGANGUR NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKJA AÐ FJÁRMAGNI

Flestum ber saman um að aðgangur nýsköpunarfyrirtækja að fjármagni hafi stórbatnað á undanförunum árum. Nokkrir aðilar hafa haslað sér völl á sviði áhættufjárfestinga og þekking og fagmennska í mati á verkefnum hefur stórbatnað. Nú er ekki litið til opinberra aðila sem bjargvættar við útvegum áhættufjármagns fyrir nýsköpun og Nýsköpunarsjóður er einungis einn í hópi annarra áhættufjárfesta og hefur afmarkað starfssvið sitt til þess að keppa sem minnst við almenna fjárfesta.

Nokkrir þessara áhættufjárfesta hafa starfað um nokkurn tíma, s.s. Þróunarfélagið og EFA, meðan aðrir eru tiltölulega nýkomnir inn á markaðinn, s.s. Gilding og 3P Fjárhús. Þá hafa einstök fyrirtæki haft á sínum snærum fjárfestingarfélög, s.s. Burðarás á vegum Eimskips. Fyrirtæki á fjármagnsmarkaði, s.s. bankar og verðbréfafyrirtæki, hafa ennfremur komið inn í áhættufjárfestingar og þannig leitað inn á fleiri starfssvið en áður.

Hlutverk
að velja
og sía

Í störfum áhættufjárfesta hefur komið fram að mikið framboð er á verkefnum á sviði nýsköpunar þótt að sjálfsögðu séu þau misgóð. Það er hins vegar hlutverk þessara aðila að sía úr og aðstoða við endurskipulagningu eða endursköpun þeirra verkefna sem eiga möguleika en er ábótavant að einhverju takmörkuðu leyti.

Mikilvægt er að áfram ríki það ástand að nægir fjármunir séu til staðar fyrir góð nýsköpunarverkefni. Sífelld þarf að hlúa að þeim vaxtarsprotum sem finnast í atvinnulífinu. Þær breytingar sem gerðar voru á skattalögum og fólust í möguleikum til frestunar á skattskyldu söluhagnaðar af hlutabréfum hefur hjálpað mikið til að laða fé inn í áhættufjárfestingar.

LOKAORÐ – SAMANTEKT

Í þeirri greinargerð um nýsköpunargetu íslensks atvinnulífs sem hér hefur verið sett fram eru m.a. eftirfarandi tillögur og ábendingar:

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

- * Aðgerðir til að hafa áhrif á byggðapróun og byggðamál mega ekki verða til þess að draga úr nýsköpun, en það er líka jafn ljóst að öflug nýsköpun er nauðsynleg forsenda fyrir uppgangi hvort heldur er einstakra landa eða byggða.
- * Nýta þarf með markvissari hætti en nú er gert hæfileika og getu erlends fólks sem flytur til landsins. Laða þarf hæfileikafólk erlendis frá í því skyni að auka framboð af framtakssömu fólki sem fæst við nýsköpun. Koma þarf í gang sérstöku verkefni í þessu skyni.
- * Íslensk fyrirtækjamenning þarf að breytast þannig að inn í nýsköpunarfyrirtæki komi stjórnendur og starfsfólk með meiri reynslu en nú er og inn í fyrirtæki í hefðbundinni starfsemi þarf að koma meira af ungu fólki í stjórnunarstörf með nýjar hugmyndir og aðra framtíðarsýn en þar er fyrir. Þannig skapast betra umhverfi fyrir nýsköpun.
- * Fyrirtæki sem vinna að nýsköpun þurfa almennt að vera betur reiðubúin en nú er til sérhæfingar og samstarfs við önnur fyrirtæki innan lands sem utan til þess að nýta betur starfsfólkið við þá þætti sem fyrirtækin eru best í.
- * Uppbygging í menningar- og skemmtanalífi er mikilvæg til þess að skapa samkeppnishæft vinnumhverfi og virka sem segull fyrir ungt og menntað fólk.
- * Íslenski markaðurinn getur vegna smæðar sinnar hentað afar vel sem tilrauna- og þróunarmarkaður. Þetta þarf að verða hluti af ímynd Íslands. Ennfremur verður að kynna Ísland sem upplýsingatækniland.
- * Ákvæði skattalaga um kaupréttarsamninga verður að þróa áfram og gera verður Ísland samkeppnishæft skattalega til þess að hýsa hugverkaréttindi og eignarhaldsfélög. Breyta verður lögum um alþjóðleg viðskiptafélög í þessu skyni. Ennfremur þarf að hverfa frá eignarskatti og stimpilgjöldum sem hafa mikil neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.
- * Leggja þarf aukna áherslu á aðild að ýmsum alþjóðlegum samningum um viðskipti sem okkur standa til boða og útvíkka verður net tvísköttunarsamninga.
- * Íslensk fyrirtæki verða að fá möguleika til þess að færa bókhald og ársreikninga í þeim gjaldmiðli sem þau kjósa og gera þannig upp gagnvart skattyfirvöldum.

HAGRÆÐING OG ENDURSKIPULAGNING Í ATVINNULÍFINU

INNGANGUR – ALMENN ATRIÐI

Hagræðing og endurskipulagning í atvinnulífinu eru sífelld viðfangsefni í fyrirtækjum. Árangur í þeim störfum ræður því hvort lífskjör þjóðarinnar batna jafn hratt og þarf til þess að halda Íslendingum í hópi tekjuhæstu þjóða heims. Á síðustu árum hefur íslenska hagkerfið stækkað um fjórðung og takist að ná hagvexti á skrið á næstu árum má vænta að það stækki um a.m.k. 45% milli áranna 1995 og 2005.

Róttæk
þróun
starfa

Nái atvinnulífið þessum árangri má vænta þess að um helmingur þeirra starfa sem verða til á árinu 2005 hafi ekki verið til á árinu 1995. Þetta þýðir að hagvöxturinn verður ekki einungis til með fjölgun starfa í takt við fjölgun þjóðarinnar heldur líka með því að mörg störf úreldast og hverfa með hagræðingu og endurskipulagningu í atvinnulífinu. Ákveðin hugarfarsbreyting hefur verið að gerast gagnvart atvinnulífinu á undanförunum árum sem þarf að halda áfram á næstu árum eigi sett markmið að nást. Hin hefðbundna íslenska sýn á fyrirtæki eða atvinnulíf var sú að fyrirtæki eða atvinnugrein væri þeim mun betri sem starfsemin tæki til sín meira starfsfólk eða fjármagn. Hugarfarsbreytingin hefur falist í því að nú velta menn meira fyrir sér arðsemi en áður var og nauðsynlegt er að þessi áherslubreyting haldi áfram.

Hagkerfi sem vex á áratug um 45% er að vaxa að meðaltali um 3,5% - 4% á ári. Slíkur vöxtur gerir miklar kröfur til stjórnenda íslenskra fyrirtækja og vissulega má velja því fyrir sér hvort þær séu raunhæfar. Á árunum 1995 – 2000 stækkaði hagkerfið um 25% en það reyndi mjög á þanþol þess sem hinn mikli viðskiptahalli og aukin verðbólga á tímabili staðfesta. Engu að síður er nauðsynlegt að stjórnendur og starfsfólk íslenskra fyrirtækja geri ráð fyrir því að þurfa að auka samkeppnishæfni rekstrar síns svo mikið að hann verði samkeppnisfær í slíku hagvaxtarumhverfi.

Við hagræðingu og endurskipulagningu í rekstri fyrirtækis er nauðsynlegt að allir sem í fyrirtækinu starfa séu meðvitaðir um markmiðin, sammála þeim og tilbúnir til að leggja sitt af mörkum. Sé ekki eining milli stjórnenda og starfsfólks verður allt erfiðara viðfangs og ekki von á árangri. Mörgu fyrirtækinu reynist erfitt að hagræða nema að vera undir samfelldum utanaðkomandi þrýstingi. Það er einfalt fyrir utanaðkomandi aðila að segja að málið snúist um að stjórnendur fyrirtækja verði að hafa bein í sér til að hætta þeirri starfsemi sem tap er á og útskýra nauðsyn þess fyrir starfsfólkinu og finna svo eitthvað sem hægt er að græða á en innan hvers fyrirtækis eru málin ekki alltaf svo einföld. Fyrir fyrirtæki er farsælast að búa við stöðugleika til lengri tíma en slíkt umhverfi er hagstæðast fyrir samfellda hagræðingu í rekstrinum. Hin mikla þensla sem var í atvinnulífinu á síðustu árum ýtti verulega á eftir hagræðingu en þegar

Stöðugleiki
hagstæð-
astur

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

vinnumarkaðurinn er orðinn yfirspenntur reynist starfsmönnum fyrirtækjanna erfiðara að stýra verkefnum eftir réttri forgangsroð.

Almennt má fullyrða að skilyrði til framleiðniaukningar í atvinnulífinu á Íslandi séu góð. Hið opinbera kerfi í víðtækri merkingu þess virkar þokkalega og leikreglur og almenn starfsskilyrði viðskiptalífsins eru stórt séð í lagi. Alltaf þarf þó eitthvað að laga eða aðlaga að breyttum tímum og nýjum þörfum á þessum sviðum. Þannig er nú mikil óvissa í atvinnulífinu um möguleika til hagræðingar með samruna fyrirtækja vegna afstöðu samkeppnisyfivalda og augljóst að þeim málum verður að koma í lag. Á mörgum sviðum atvinnulífsins er ljóst að einingar eru ekki nægilega öflugar til þess að vera samkeppnisfærar á erlendum mörkuðum og eða þá til að verjast samkeppni erlendis frá. Stækkun eininga er í slíkum tilvikum nauðsynleg til þess að íslenskt atvinnulíf geti þróast þannig að hagstæðast sé fyrir þjóðina í heild.

Almenn
skilyrði
góð

Hagkerfi í miklum vexti einkennist af því að inn á markað eru að koma fjölmargar nýjar tegundir af vöru og þjónustu sem er afleiðing af nýsköpunarstarfi í atvinnulífinu. Jafnframt eru vörur og þjónusta að hverfa af sjónarsviðinu og ennfremur finna fyrirtæki leiðir til þess að framleiða vörur sínar eða veita þjónustu með lægri kostnaði. Samrunaþróun í atvinnulífi er eðlilegur og líka nauðsynlegur fylgifiskur þess að eftirspurn eftir tiltekinni vöru eða þjónustu dregst saman og einnig þegar framleiðni á markaði vex hraðar en eftirspurnin. Hindranir í vegi fyrir samruna í atvinnulífinu er því oft ávísun á stöðnun og efnahagslega erfiðleika.

Almennt séð er íslenskur vinnumarkaður hagstæður fyrir íslenskt atvinnulíf. Almenn þekking er góð og fyrirtæki hafa möguleika á því að ráða vel menntað starfsfólk á flestum sviðum. Íslenski vinnumarkaðurinn er mun sveigjanlegri en tíðkast í flestum Evrópulöndum og líkist meira bandarískum vinnumarkaði að því leyti. Það sem helst er gagnýnisvert við íslenskan vinnumarkað er verkfallsgleðin og hið mikla vald sem stéttarfélög hafa til verkfalla. Það er vissulega umhugsunarvert hvort eðlilegt sé að stéttarfélög hafi rétt til þess að valda fjárhagslegu tjóni langt umfram það sem deilt er um í viðkomandi vinnudeilu.

Þróun fjármagnsmarkaðarins á undanförunum árum hefur haft mikla þýðingu fyrir möguleika fyrirtækja til hagræðingar og endurskipulagningar. Aukið framboð af fjármagni og meiri geta og þekking í íslenskum fjármálafyrirtækjum hefur stórlega stuðlað að betri fjármögnun atvinnulífsins almennt og auðveldað uppstokkun í fyrirtækjum. Bættur aðgangur fyrirtækja að erlendu lánsfé og þjónustu erlendra fjármálafyrirtækja hefur ennfremur haft mikla þýðingu þar sem með þeim viðskiptum hefur komið mikil þekking á rekstrarlegum málefnum þeirra fyrirtækja sem þessarar þjónustu hafa notið. Þessi framþróun á fjármagnsmarkaðnum verður að halda áfram því að hún er nauðsynlegt skilyrði fyrir árangri í hagræðingu og endurskipulagningu. Sérstaklega er brýnt að þekking á því að lána fé á grundvelli viðskiptaáætlana og rekstraráætlana batni því að eitt af helstu einkennum nútíma atvinnulífs er að hin hefðbundnu veð fyrir lánnum eru á undanhaldi en verðmætin liggja sífellt meira í þekkingu

Framþróun
fjármagns-
markaðar

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

starfsmanna og möguleikum fyrirtækjanna til þess að ná árangri á markaðnum og skila nægilegum tekjum.

Óheppi-
legar
kröfur

Mikið hefur verið fjallað um erlendar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi eða öllu heldur skort á nægilegum áhuga erlendra aðila á fjárfestingum hér. Erlend fjárfesting í fyrirtækjum á heimamarkaði er ekki mikil enda takmarkaður áhugi erlendra aðila á því að þjóna svo litlum markaði sem Ísland er og kannski heldur ekki við öðru að búast. Fjárfesting erlendra aðila í íslenskum hlutabréfum í hreinu ávöxtunarskyni hefur verið hverfandi. Svo virðist sem erlendir fjárfestar hafi ekki mikinn áhuga á íslenskum hlutabréfum sem skráð eru á Verðbréfabingi enda virðast þær kröfur sem gerðar eru til erlendra fjárfesta ekki vera til þess að laða þá að. Er þá m.a. átt við að erlendir fjárfestar þurfa að hafa íslenska kennitölu og jafnvel óskað eftir ljósriti af vegabréfum stjórnarmanna í erlendum fyrirtækjum. Helst hefur náðst árangur í að laða að hagsmunatengdar erlendar fjárfestingar í útflutningsfyrirtækjum.

Margar skýringar eru færðar á þessum skorti á erlendri fjárfestingu og margt hefur verið gert til þess að laga löggjöf, reglur eða starfshætti á íslenskum verðbréfamarkaði og almennt í umgjörð atvinnulífsins en samt hefur árangur ekki verið nægilega mikill að þessu leyti. Akkurinn í aukinni þátttöku erlendra aðila í íslensku atvinnulífi felst ekki aðeins í aukinni almennri uppbyggingu og atvinnusköpun heldur ekki síður í bæta þekkingu á flestum sviðum rekstrar.

NOKKUR DÆMI UM MÖGULEIKA Á HAGRÆÐINGU OG ENDURSKIPULAGNINGU

Íslenskur sjávarútvegur er algengt umfjöllunarefni þegar hagræðingu og endurskipulagningu ber á góma. Ekki einasta er sjávarútvegurinn mikilvægasta útflutningsgreinin heldur hefur sjávarútvegurinn löngum búið við mikla klafa af hálfu hins opinbera. Að sjálfsögðu verður ekki komist hjá því að stjórnvöld setji leikreglur um stjórn fiskveiða en í gegnum tíðina hefur sjávarútvegurinn búið við mikla opinbera íhlutun í allskyns rekstrarleg mál.

Hindranir
gegn
framþróun

Nú blasir við mikil umframfjárfesting í greininni og í henni er bundið of mikið fjármagn miðað við það sem þörf er á. Það eru því mörg verkefni sem bíða af þeim ástæðum í því að stokka upp rekstur einstakra fyrirtækja. Tvö atriði standa upp úr sem hindranir af hálfu hins opinbera í vegi fyrir hagræðingu og endurskipulagningu. Takmarkanir á stærð einstakra fyrirtækja eru farnar að draga úr möguleikum sem stjórnendur í greininni sjá til frekari hagræðingar og bættrar nýtingar framleiðslutækja. Ennfremur eru takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi farnar að verða einstökum fyrirtækjum fjötur um fót. Málið snýst ekki einungis um skipulagningu starfseminnar hér innanlands heldur hafa komið upp ýmsir möguleikar á útrás sjávarútvegsfyrirtækja sem ekki nýtast sem skyldi vegna þess að einingar á Íslandi eru of litlar til þess að geta gert sig gildandi erlendis og sameining fyrirtækja er ekki möguleg yfir landamæri. Afnáam þessara hindrana væri því til þess fallin að bæta árangur í íslenskum sjávarútvegi.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Íslensk fyrirtæki sem þjóna íslenskum sjávarútvegi hafa verið að sækja fram erlendis á undanförunum árum. Þetta á við um fyrirtæki sem selja vélar, tæki, veiðarfæri, hugbúnað og ýmsa þjónustu fyrir sjávarútveg. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa ennfremur verið að hasla sér völl erlendis í lánastarfsemi í sjávarútvegi. Meira er þó unnt að gera á þessum sviðum því að möguleikarnir eru miklir. Smæðin háir okkur að einhverju leyti en þess mikilvægara er að ekki séu lagðar hindranir í götu þeirra sem geta náð árangri. Nú eru frændur okkar Norðmenn að leitast við að gera Kauphöllina í Osló að miðstöð sjávarútvegs í heiminum og verður fróðlegt að fylgjast með því máli. Íslendingar þurfa líka að setja sér metnaðarfull markmið í útrás og alþjóðavæðingu sjávarútvegsins og tengdra atvinnugreina.

Framþróunin á fjármagnsmarkaðnum hefur ekki síður komið fram í því að sífellt er að koma fram ný þjónusta og færra og færra fólk sinnir þeirri starfsemi sem áður einkenndi fyrirtæki á þessum markaði. Starfsemi fjármálafyrirtækja hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum árum og þróunin á næstu árum getur ekki síður verið ör sé rétt haldið á málum. Setja þarf sem markmið að innan þriggja til fjögurra ára verði reiðufé nánast útrýmt í íslenska hagkerfinu en að viðskipti fari að mestu fram með rafrænum hætti.

Markmið um
rafræn
viðskipti

Fyrirtæki í smásölu og heildsölu hafa á undanförunum árum verið að ganga í gegnum miklar breytingar. Vörudreifingarkerfi hafa verið endurskipulögð og stórar einingar myndast í smásölunni. Heildsala hefur í auknum mæli orðið að þekkingariðnaði og markaðsstarfsemi og starfsemin þróast frá afgreiðslu yfir í milligöngu. Á einstökum sviðum hafa íslensk fyrirtæki verið að hasla sér völl á erlendum mörkuðum. Þessi þróun mun án efa þurfa að halda áfram.

Í framleiðsluþætti sem fyrst og fremst selur á heimamarkaði verður mikil þörf á næstu árum á endurskipulagningu og samruna fyrirtækja. Mörg dæmi hafa komið upp þar sem hagkvæmt er að stækka einingar til þess að ná niður kostnaði, fá afl til vörupróunar og markaðssetningar og geta þannig styrkt stöðu viðkomandi starfsemi á markaðnum. Samruni fyrirtækja á þessu sviði atvinnulífsins getur haft mikla þýðingu til þess að bæta lífskjör í landinu og því er brýnt að samkeppnisyfirvöld hindri ekki þá þróun en þau virðast hafa haft sérstaka andúð á henni á síðustu misserum.

Samkeppnis-
yfirvöld
hindri ekki

Íslenskur landbúnaður hefur gengið í gegnum mikla hagræðingu á undanförunum árum, sérstaklega í mjólkurframleiðslu. Ef landbúnaðurinn á að vera samkeppnisfær um fólk þurfa einingar í landbúnaði að geta skilað þeim sem við hann starfa sambærilegum tekjum og í öðrum atvinnugreinum. Mikið vantar á það, ekki síst í sauðfjárbúskap, og því hlýtur umtalsverð hagræðing og endurskipulagning að vera framundan á því sviði.

Í opinberum búskap er sífelld þörf á endurskipulagningu og hagræðingu. Nauðsynlegt er að gera sambærilegar kröfur til framleiðniaukningar og í atvinnulífinu almennt. Þannig þarf jafnan að endurskoða þá þjónustu sem verið er að veita og hvernig hún er veitt. Ennfremur er nauðsynlegt að fjármagn sé nýtt eins vel og kostur er í

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

fjárfestingum hins opinbera þannig að einstakar framkvæmdir gangi fram á eins stuttum tíma og hagkvæmast er þannig að ekki sé með óhóflega löngum framkvæmdatíma verið að binda fé að óþörfu. Ótal dæmi eru um að byggingar standi lengi hálfkláraðar og ekki er veitt fé til þess að ljúka við byggingu þeirra meðan aðrar framkvæmdir eru hafnar. Hið opinbera verður að standa að framkvæmdum og nýta fjármagn að þessu leyti á sömu forsendum og einkarekstur gerir.

NÝ TÆKNI SKAPAR TÆKIFÆRI

Mikið hefur verið rætt og ritað um þau tækifæri sem upplýsingatæknin skapar fyrir hagræðingu í vinnubrögðum og endurskipulagningu á hvers kyns starfsemi í atvinnulífinu. Hér verður ekki stórum kafla bætt við þá umfjöllun en bent á að aukinn hraði í hvers kyns samskiptum og samstarfi fólks getur haft mikla þýðingu til þess að auka framleiðni í atvinnulífinu.

Ísland hefur með smæð sinni ákveðna möguleika til þess að ná meiri árangri en margir aðrir. Þannig eru t.d. aðeins 5 – 6 bókhaldskerfi ráðandi á markaðnum hér. Lítið mál er að smíða tengingar milli kerfa inn í þessi bókhaldskerfi sem þýðir að hér á landi eru óvenjulega góðar aðstæður til þess að senda reikninga og önnur viðskiptagögn milli fyrirtækja á rafrænan hátt. Væntanlega er aðeins tímaspurning hvenær raunveruleg bylting verður í þessum efnunum á Íslandi.

Sérstök
tækifæri
og forskot

Ísland hefur ennfremur forskot með fámenninu þar sem auðveldara er fyrir fólk að hittast og eiga samskipti. Þannig þarf ekki að eyða mörgum klukkustundum í ferðalög innan staða á Íslandi eins og víða erlendis þegar fólk þarf að funda. Með því að blanda vel saman hinni nýju samskiptatækni og þeim leiðum sem fólk hefur hingað til notað er ljóst að íslenskt atvinnulíf er í góðri samkeppnisstöðu að þessu leyti.

BYGGÐAÞRÓUN

Ísland er í samkeppni um fólk við önnur lönd. Ekki er skylda neins einstaklings að búa á Íslandi og með samningum við aðrar þjóðir hafa Íslendingar meiri réttindi en áður til að setjast að annars staðar. Ísland verður því í auknum mæli valið til búsetu vegna þeirra kosta sem henni fylgja fremur en að fólk eigi ekki um annað að velja.

Sú samkeppni sem Ísland á við að etja um búsetu við aðrar þjóðir má ekki gleymast eða leggjast til hliðar í umræðum um byggðaðróun innanlands. Á undanförunum árum hefur fjölgun landsmanna fyrst og fremst komið fram í fjölgun íbúa höfuðborgarsvæðisins. Vaxtargreinar atvinnulífsins eru að mestu staðsettar á höfuðborgarsvæðinu en mikil hagræðing og endurskipulagning í atvinnulífi landsbyggðarinnar hefur leitt til takmarkaðri atvinnutækifæra þar.

Keppt
við önnur
lönd

Nú er ljóst að miklar eignir og miklar fjárfestingar eru vannýttar á landsbyggðinni meðan samfelld uppbygging er í gangi á höfuðborgarsvæðinu. Af þeim ástæðum má segja að byggðaðróunin

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

sé að einhverju leyti óhagkvæm fyrir landið í heild. Ennfremur felur byggð og mannlíf á landsbyggðinni í sér að Ísland sem heild verður meira aðlaðandi sem ferðamannaland. Í öðrum löndum sem búa við svipaða byggðapróun og Ísland er rætt um svokallað menningarlandslag og það talið skipta máli fyrir vöxt og viðgang landsins í heild.

Fólk ræður sjálft búsetu sinni í hverju nútíma þjóðfélagi og almennt séð er ekki unnt að gera aðrar kröfur á hendur ríkinu en að fólk búi við tiltekinn sanngjarnan aðgang að samgöngum, möguleikum til samskipta í gegnum fjarskiptakerfi og sanngjarnan aðgang opinberri þjónustu s.s. í menntun og heilbrigðisþjónustu. Lífshættir höfuðborgarsvæðisins hafa greinilega haft mikið aðdráttarafi á síðustu áratugum auk þess sem afkomumöguleikar fólks hafa í mörgum tilvikum verið betri þar og m.a. af þessum ástæðum hefur landsbyggðin átt tiltölulega erfitt uppdráttar.

Aðdráttarafi
höfuðborgar

Byggðastefna og réttlætning hennar hafa verið mikið til umfjöllunar í opinberri umræðu. Ýmist er bent á nauðsyn þess að halda úti öflugri byggðastefnu eða bent er á mikil mistök í fjárfestingum eða öðrum aðgerðum í nafni byggðastefnu sem ekki hafa skilað tilætluðum árangri. Ekki er hægt að segja að náðst hafi almenn samstaða meðal landsmanna um hvað sé æskileg stefna af hálfu ríkisvaldsins í því skyni að hafa áhrif á byggðapróun.

Atvinnulíf landsbyggðarinnar mun á næstu árum þurfa að leggja mikið af mörkum til aukinnar framleiðni með hagræðingu og endurskipulagningu. Það blasir við að mörg þau störf sem nú eru unnin á landsbyggðinni munu ekki verða til staðar eftir nokkur ár. Almennt séð er það hagkvæmt fyrir samfélagið að atvinnulíf landsbyggðarinnar verði ekki á samfelldu undanhaldi heldur að ný starfsemi geti haslað sér völl þar.

Álitamálið er fyrst og fremst hvort og hvernig ríkið eigi að koma að málum til þess að hafa áhrif á byggðapróunina. Án þess að kveða upp dóm í því máli er þó ljóst að sú atvinnustarfsemi sem sett er á fót verður að vera arðbær eigi hún að eiga sér framtíð eða geta laðað að fólk til búsetu. Arðsemi starfseminnar er mikilvægari heldur en hvort fólk er að fækka eða fjölga á tilteknum stað milli ára eða hvort íbúar staðarins eru einhverjum tugum fleiri eða færri. Rétt að varast að byggðaaðgerðir felist í viðvarandi stuðningi við tiltekin fyrirtæki. Mun vænlegra er til árangurs að styðja fyrirtæki vegna útlagðs kostnaðar við flutning og eða veita fjárfestingarstyrki.

Arðbær
starfsemi
eina leiðin

LOKAORÐ – SAMANTEKT

Í þessari umfjöllun um hagræðingu og endurskipulagningu í atvinnulífinu hafa komið fram eftirfarandi athugasemdir og ábendingar:

* Nái atvinnulífið nýjum vaxtarspretti á næstu árum má búast við að helmingur þeirra starfa sem verða til á árinu 2005 hafi ekki verið til á árinu 1995. Mörg störf munu því úreldast á þessum sama tíma.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

- * Árlegur hagvöxtur upp á 3.5% - 4% er mikill og á mörkum þess að vera raunhæfur. Engu að síður þurfa stjórnendur og starfsfólk fyrirtækja að gera ráð fyrir því að auka framleiðni rekstrarins svo mikið að þau geti verið samkeppnisfær í slíku hagvaxtarumhverfi.
- * Mikil óvissa er í atvinnulífinu um möguleika til hagræðingar með samruna fyrirtækja vegna afstöðu samkeppnisfirvalda og þeim málum verður að koma í lag. Hindranir í vegi samruna í atvinnulífinu eru gjarnan ávísun á stöðnun og efnahagslega erfiðleika.
- * Vinnumarkaðurinn er almennt hagstæður fyrir atvinnulífið en helst að verkfallsgleði setji þar skugga á. Vald stéttarféлага til þess að skapa fjárhagslegt tjón langt umfram þær upphæðir sem um er deild í kjarasamningum hlýtur að vera umhugsunarefni.
- * Öflugri fjármagnsmarkaður hefur bætt fjármögnun atvinnulífsins og með viðskiptum við erlendar bankastofnanir hefur færst aukin þekking inn í íslenskt atvinnulíf. Sérstaklega er nauðsynlegt að þekking innlendra fjármálafyrirtækja á því að lána út á viðskiptaáætlanir og rekstraráætlanir aukist vegna þess að verðmæti fyrirtækja byggjast í auknum mæli á þekkingu og hugverkum.
- * Þrátt fyrir vilja og aðgerðir hefur ekki gengið vel að ná erlendri fjárfestingu til landsins. Akkurinn í erlendri fjárfestingu felst ekki aðeins í atvinnusköpun heldur líka um að veita þekkingu inn í atvinnulífið.
- * Í sjávarútvegi er bundið of margt fólk og of mikið fjármagn. Afnám hindrana s.s. stærðartakmarkana og banns við erlendum fjárfestingum í íslenskum sjávarútvegi er til þess fallið að bæta árangur hans.
- * Framþróun í íslenskum fjármálafyrirtækjum getur verið ör á næstu árum ef rétt er á málum haldið. Setja þarf sem markmið að innan þriggja til fjögurra ára verði reiðufé nánast útrýmt en að viðskipti fari að mestu fram með rafrænum hætti.
- * Samruni fyrirtækja í framleiðsluiðnaði getur verið mjög mikilvægur hluti af framþróun atvinnulífsins á næstu árum og ennfremur er mikil hagræðing og endurskipulagning framundan í íslenskum landbúnaði.
- * Aðeins 5 – 6 bókhaldskerfi eru ráðandi á íslenska markaðnum og með því að smíða tengingar milli þessara kerfa getur orðið bylting í rafrænum viðskiptum milli fyrirtækja.
- * Smæð Íslands og greiður samgangur á milli manna gerir það að verkum að með því að blanda vel saman nýrri samskiptatækni og hinum hefðbundnu samskiptaleiðum er íslenskt atvinnulíf í góðri samkeppnisstöðu.
- * Eignir og fjárfestingar á landsbyggðinni eru vannýttar en í löndum sem búa við svipaða byggðapróun og Ísland er rætt um

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

svokallað menningarlandslag sem talið er skipta máli fyrir vöxt og viðgang.

* Fólk ræður búsetu sinni í nútíma samfélagi og almennt séð er ekki unnt að gera aðrar kröfur á hendur ríkinu en að fólk búi við tiltekinn sanngjarnan aðgang að samgöngum, möguleikum til samskipta í gegnum fjarskiptakerfi og sanngjarnan aðgang að opinberri þjónustu s.s. í menntun og heilbrigðisþjónustu.

* Mikil hagræðing og endurskipulagning mun verða í atvinnulífi á landsbyggðinni og mörg störf sem nú eru unnin þar munu ekki verða til eftir nokkur ár. Arðsemi nýrrar starfsemi skiptir lykilmáli og hefur meiri þýðingu en smávægilegar breytingar á íbúatölu. Viðvarandi stuðningur við einstök fyrirtæki er ekki ráðlegur en vænlegra að styrkja fyrirtæki vegna útlagðs kostnaðar við flutning eða veita fjárfestingarstyrki.

NÝJA HAGKERFIÐ

INNVIÐIR NÝJA HAGKERFISINS

Sígild
lög­mál

Því hefur verið haldið fram að hið „nýja hagkerfi“ sé ekki eins nýtt og nafnið gefur til kynna. Það má með rökum styðja þá skoðun enda hafa gömul og þekkt hagfræðilög­mál ekki enn verið hrakin. Ennþá gildir lög­málið um framboð og eftirspurn, lög­málið um hagkvæmni stærðarinnar og ennþá er það viðleitni einstaklinganna til að bæta eigin hag sem knýr fram þróunina í hagkerfinu. Samt sem áður virðast vera nú til staðar nýir þættir sem töluverð áhrif hafa haft á hagkerfið, til dæmis í þá veru að lengja hagsveiflur umfram það sem áður hefur þekkt og jafnvel að minnka þær. Einnig virðist sem það taki þróun í framleiðslu skemmri tíma en áður að hafa víðtæk áhrif í hagkerfinu.

Í fljótu bragði virðist sem tilkoma internetsins hafi haft mótandi áhrif til þeirra breytinga sem menn hafa helst greint. Þess vegna er „nýja hagkerfið“ iðulega tengt tölvutækninni almennt og þeirri tækni sem internetið hefur gert kleift að nýta. Að mörgu leyti má það til sanns vegar færa. Hin svokölluðu þekkingar­fyrirtæki hafa rutt sér til rúms, en með „þekkingar­fyrirtæki“ virðist vera átt við fyrirtæki sem hefur það ekki að aðal­markmiði að fjöldaframleiða vöru heldur að bjóða upp á nýjar lausnir sem svo seinna er hægt að færa í fjöldaframleiðslu ef við á. Þekkingar­fyrirtæki vinna þannig gjarnan með huglæg efni en eru ekki beinlínis í frum­vinnslu.

Trúlega hefur tilvísun til hins „nýja hagkerfis“ mismunandi þýðingu meðal manna. Og merking þess er sjálfsagt mismunandi eftir löndum. Oft er með hugtakinu átt við lengri hagvaxtartíma án verðbólgu eins og menn hafa þótt sjá í Bandaríkjunum. Svo er hugtakið oft tengt hátækni­iðnaðinum nánast eingöngu. Sjálfsagt er þó skynsamlegast að líta á „nýja hagkerfið“ sem sambland af mörgum þáttum, svo sem eins og hagfræðilegum þáttum, tæknilegum, lagalegum og félagslegum. Það sem kannski er nýjast í hagkerfi nútímans eru ný sjónarmið í atvinnulífinu. Þannig hefur almennt viðskipta- og einstaklings­frelsi aldrei verið meira og aldrei hafa frumkvöðlar átt jafn auðvelt uppdráttar og nú.

Efnahagur
byggist á
frelsinu

Það er mikilvægt að hafa í huga að tækniframfarir og nýjar lausnir í framleiðslu geta ekki ýtt til hliðar gömlum hagfræðilög­málum. Verðlagseftirlit er þannig af hinu slæma og heftir hagvöxt hvort sem það lýtur að framleiðslu á brauði eða tölvukubbum. Tilkoma internetsins hefur engu breytt um nauðsyn þess að viðhalda frelsi í fjármagns­flutningum. Og jafnvel þótt ýmsar tækniframfarir greiði götu viðskipta­frelsisins má ekki gleyma því að þessar sömu tækniframfarir urðu til í haftalaus­u umhverfi sem hefur frelsi í viðskiptum að leiðarljósi og hefðu síður orðið ef önnur lög­mál hefðu verið höfð að leiðarljósi. Myndu hugbúnaðar­fyrirtækin til dæmis spretta upp svo ört sem raunin er ef forritun væri í höndum lögverndaðrar starfs­stéttar? Hefðu nýjar lausnir í fjarskiptamálum Íslendinga verið kynntar til sögunnar jafn snemma og raun varð á ef einokun ríkisins á þeim markaði hefði

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

haldið velli? Spurningar sem þessar hljóma kannski í fyrstu sem einfaldar og léttvægar en varða þó grundvallaratriði; það hvort mönnum leyfist að vinna að framförum og nýta sér þær.

Eftir mikla umræðu og væntingar um hið nýja hagkerfi, skilgreint eins og áður er lýst sem tölvu- og tæknikerfi, skýtur það svo skökku við að allt ætlar um koll að keyra þegar olíuverð rís og svo virðist sem stöðugleika sé ógnað og fjármálastefnur ríkisstjórna víða um heim þurfi endurskoðunar við. Slík áhrif „gamla“ hagkerfisins eru áhugaverð í ljósi umræðunnar og benda til þess að mörkin milli hins nýja og gamla hagkerfis séu óskýr. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á að atvinnugreinar hins gamla hagkerfis hafa tileinkað sér hina öru tækniþróun og gegna þær því í sjálfu sér miklu hlutverki í nýja hagkerfinu. Gamla hagkerfið hefur nefnilega alls ekki orðið útundan í tækni framförumum og hafa atvinnugreinar þess nýtt sér í miklum mæli það sem hið nýja hagkerfi býður upp á. Alan Greenspan seðlabankastjóri Bandaríkjanna hefur þess vegna bent á mikilvægi þess að stjórnvöld leiði hugann að því hvernig tækniþróun og breyttur fjármálamarkaður hafi hugsanlega leitt til þess að bregðast þurfi öðruvísi við ýmiss konar sveiflum í hagkerfinu, til dæmis skyndilegum verðbreytingum á olíu, og jafnframt að stjórnvöld leiði stöðugt hugann að því hvernig best sé að bregðast við þess háttar sveiflum.¹ Svo dæmi sé áfram tekið af olíunni, þá hefur leit að henni og framleiðsla tekið svo örum framförum að sveiflur í olíuverði eru ekki taldar geta orðið eins miklar og áður.

Hið gamla
og hið nýja
nátengt

Á þennan hátt þarf að huga að áhrifum tækni framfara, ekki bara á sviði nýrra atvinnugreina heldur líka á vettvangi þeirra atvinnuvega sem fyrir voru.

MENNTUN

Hagkerfið byggist að öllu leyti á þekkingu. Hluta af þeirri þekkingu má og er oft nauðsynlegt að víða að sér með skipulegum hætti í menntastofnunum. Menntakerfið, sem kallað er, er því órjúfanlegur hluti hins „nýja“ hagkerfis og skipar að minnsta kosti jafn mikilvægan sess í hagkerfinu og áður. Það sem líta má á sem nýtt er hins vegar hraðinn sem einkennir þekkingarflæðið. Menn eru alltaf að leita leiða til að dreifa upplýsingum sem hraðast um hagkerfið og til sem flestra. Markmiðið er að þekkingin nýtist sem flestum til þess að hægt sé að afla frekari þekkingar. Menntastofnanir verða að vera tilbúnar til að bregðast hratt við þörfum og kröfum markaðarins. Miðstýrt kerfi menntamála er ekki heppileg leið til að ná þessu markmiði. Skipulag menntamála á Íslandi hefur valdið því að nemendur hafa ekki átt þess kost að haga menntun sinni eftir því sem þurfa þykir hverju sinni. Þó frelsi í kennslumálum hafi verið aukið töluvert undanfarin ár eru grunn- og framhaldsskólar þó enn bundnir í klafa námsskráa sem veita lítið svigrúm til frávika. Samkeppni milli skóla er engin og þar af leiðandi lítil samkeppni milli nemenda. Ríkið er enn aðalfjármögnunaraðili menntunar og jafnframt aðalveitandi á því sviði. Þó eru dæmi um að

Ríkið nánast
einokar
menntunina

¹ Í erindi á 18. árlegu peningamálaráðstefnu Cato stofnunarinnar, *Monetary Policy in the New Economy*, sem haldinn var 19. október 2000 í Washington DC.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Þörf fyrir tengsl við atvinnulífið

einkaaðilar hafi tekið að sér að veita þjónustuna og óhætt er að fullyrða að þess háttar fyrirkomulag hefur reynst afar heppilegt. Á vegum Verslunarráðs Íslands er nú starfrækt sjálfseignarstofnun sem rekur framhaldsskóla, sem er nú einn sá rótgrónasti í landinu, og háskóla, en báðir skólarnir hafa verið í góðu sambandi við atvinnulífið með það að leiðarljósi að sýna frumkvæði og framsýni í menntamálum. Þörfin fyrir aukin tengsl við atvinnulífið var reyndar ástæða þess að þessir skólar voru settir á stofn.

En verulegra breytinga á uppbyggingu menntakerfisins er þörf ef vel á að vera. Oft heyrast að nauðsynlegt sé að fækka námsárum að stúdentsprófi. Vissulega væri það æskilegt að nokkru leyti. En menn skyldu þó forðast að takmarka vandamál skólakerfisins við formið eitt. Vandamál skólakerfisins felast miklu frekar í efnislegum þáttum. Því er æskilegt að námstíminn sé endurskoðaður en þó með það í huga að skólum sé falið það sjálfum að bjóða nám á tíma sem þeir sjálfir finna út að henti best. Fækkun námsára er nefnilega ekki endilega það sem mestu máli skiptir í skólakerfinu en án efa er slík breyting nauðsynleg og möguleg í mörgum skólum.

Endurskoðun á fyrirkomulagi menntamála þarf að fara fram á öllum skólastigum, allt frá leikskólastiginu til háskólastigs. Rekstur leikskóla er til að mynda svo staðnaður að með ólíkindum má teljast, sérstaklega með tilliti til þess að leikskólastigið er ekki skyldustig í menntakerfinu. Sveitarfélög sjá að langmestum hluta um byggingu og rekstur leikskóla og hafa gert þjónustusamninga við örfá einkarekin barnaheimili. Reglur um leikskóla eru óþarflega strangar og ekki til þess fallnar að auðvelda uppbyggingu fjölbreyttra einkarekinna dagheimila. Slík uppbygging er þó orðin afar brýn, bæði með tilliti til atvinnuhagsmuna foreldra og aukinnar kröfu til þjónustu dagheimila.

Sveigjanleiki er mikilvægur

Endurskoðun skólakerfisins þarf að fara fram með opnum huga og án þess að rekstur skóla verði njörvaður niður í eitthvert eitt tiltekið fyrirkomulag. Þarfir markaðarins, nemenda og foreldra í þessu tilviki, eru misjafnar og skólum verður að veita tækifæri til að mæta þeim, hverjum á sinn hátt.

Þegar hlutverk ríkisvaldsins hefur verið rætt hafa menn yfirleitt í fljótu bragði afgreitt það sem óhjákvæmilegt á vettvangi menntunar. Hefur í því falist að ríkið sé heppilegur aðili til þess að fjármagna menntun, veita hana og skipuleggja. Miklar efasemdir hafa þó verið uppi um hvort einmitt þetta hlutverk ríkisins sé réttmætt. Hefur verið á það bent af þeim sem sjá vankanta á miklu umfangi ríkisins að menntunin sé einmitt það sem ríkisvaldið ætti að koma sem minnst nálægt. Hefur sú skoðun verið rökstudd með vísan til sögunnar en skipulögð menntun hefur einmitt í áranna rás verið tæki stjórnvalda til að koma hugmyndafræði sinni á framfæri og í dreifingu á öruggan hátt. Það er óhætt að fullyrða að slík áróðurstækni hefur verið afar óheilladrjúg gegnum aldirnar.

Það hvarflar hins vegar að fáum að nú til dags sé ástæða til að óttast skipulegan andfélagslegan áróður stjórnvalda í gegnum menntakerfið. Sem betur fer verður ekki aftur snúið til þeirra ára þegar slík skoðanakúgun var tæknilega möguleg. En þó hafa þær raddir ekki

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Þagnað sem telja að ríkið sé ekki heppilegt til að veita menntun. Foreldrar ættu að hafa sterkar skoðanir á námsefni barna sinna og hafa þær vissulega í flestum tilvikum. Er það svo líka staðreynd að námsefni grunn- og framhaldsskóla er engan veginn til þess fallið að koma til móts við kröfur allra foreldra enda hafa foreldrar afar takmarkaða möguleika á að hafa áhrif á námsefni skólanna. Ennþá starfrækir ríkið sérstaka stofnun um námsefni grunnskólanemenda, Námsgagnastofnun. Það er trúlega löngu kominn tími til að velta fyrir sér nauðsyn slíkrar stofnunar því óneitanlega gefur slík miðstýring tilefni til efasemda um að fjölbreytni og sveigjanleiki í stefnumótun fái þrífist.

Hlutverk
ríkisins
endurskoðað

Krafa er uppi um breytta kennsluhætti. Nú á dögum eru fyrir hendi viðurkenndir valkostir í kennslufræði og starfsháttum skóla sem ýta undir frumkvæði, áræði, sveigjanleika, framtíðarhugsun og marksækni nemenda, í stað ráðandi áherslu á hlýðni, þolandahátt, fastheldni og tortryggni gagnvart áhættu og nýjungum. Einkaaðilum lætur það betur en ríkinu að framfylgja slíkum kennsluháttum.

Nauðsynlegt er að kannaðir verði kostir þess að skilja að fjármögnun ríkisins og sjálfa þjónustustarfsemina á sviði menntamála. Meðal leiða sem kanna þarf er leið hins svokallaða ávísanakerfis.

Ávísanakerfi er tiltölulega einfalt fjármögnunarkerfi. Segja má að nú þegar sé vísir að ávísanakerfi notað í takmörkuðu mæli og hefur verið um árabil. Þeir einkaskólar, á grunn- og framhaldsskólastigi, sem starfræktir eru hafa fengið greitt frá ríki (og nú í tilfalli grunnskóla frá sveitarfélögum) ákveðna fjárhæð með hverjum nemenda. Hefur það hugsanlega verið forsenda þess að þeir einkaskólar fái þrífist í samkeppni við opinbera skóla sem innheimta ekki skólagjöld. Einkaskólar hafa svo í misríkum mæli innheimt skólagjöld sem, ásamt greiðslu frá hinu opinbera, standa straum af rekstrinum.

Ávísana-
kerfi er
mögulegt

Þetta fyrirkomulag mætti nýta með mun víðtækari hætti, bæði af hálfu ríkisins vegna framhaldsskólanna en einnig af hálfu sveitarfélaga vegna leik- og grunnskóla.

Ávísanakerfi gerir uppbyggingu einkaskóla auðveldari um leið og það getur veitt skólum gríðarlegt aðhald með þeirri samkeppni sem þannig kemst á. Það virkar á þann hátt að foreldrar fá ákveðna greiðslu frá hinu opinbera til umráða sem þeir geta ráðstafað til þess skóla sem þeir binda sínar vonir við í sambandi við menntun barna sinna. Þannig fengju allir foreldrar ákveðinn möguleika til að velja og þar með töluverð áhrif á stefnumótun skólanna. Einkaskólar yrðu því raunhæfur möguleiki fyrir alla.

Krafan um uppstokkun í opinberum skólarekstri hefur hvarvetna aukist og fer nú stuðningur við hefðbundinn skólarekstur ríkisins þverrandi í Bandaríkjunum og Evrópu. Í flestum löndum hafa nú risið öflugir einkaskólar án alls opinbers fjárhagsstuðnings. Slíkir skólar selja að sjálfsgöðu þjónustu sína og innheimta því skólagjöld sem öllum er ekki kleift að greiða. Með ávísanakerfi er þó hægt að gera langflestum kleift að sækja þjónustu til dýrari skóla.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Aukið vægi
símenntunar

Þeir tímar, er stúdentspróf eða einfalt háskólapróf entust mönnum út ævina, eru liðnir. Prófgráður duga sem slíkar ekki lengur til að veita mönnum atvinnuöryggi og starfsframa til lengri tíma. Fólk gerir ráð fyrir og stefnir að því að starfa á ýmsum sviðum á starfsævi sinni og ævistörfin verða mörg og margvísleg. Það er orðinn kostur, frekar en löstur eins og áður var talið, að skipta reglulega um starfsvettvang. En til þess að svo megi verða þarf menntunin að vera í samræmi við það og krafa gerð til menntastofnana að þau bregðist við þessu á einhvern hátt. Sérstaklega mikilvægt í þessu sambandi er símenntunin. Símenntun er ólík grunnmenntun að því leyti að henni er ætlað að ná til fólks sem þegar hefur aflað sér töluverðrar menntunar. Það hentar því ekki endilega að fólk afli sér sífellt meiri grunnmenntunar. Við skipulagningu símenntunar þarf að huga vandlega að þeim tíma sem fer í hana og uppbyggingu. Símenntun má ekki verða markmið í sjálfu sér heldur þarf hún að lúta kröfum atvinnulífsins um aukna menntun. Meðal annars vegna þessa er símenntun annars eðlis en grunnmenntunin.

Ýmsir einkaaðilar hafa brugðist við þessari þörf og almenningur reyndar líka. Aðsókn að ýmiss konar starfsþjálfun og endurmenntunarnámskeiðum er mikil. Næsta víst er að í óefni væri komið ef ætlunin hefði verið að treysta á ríkisvaldið varðandi menntastarf af þessu tagi.

FJÁRMAGNSMARKAÐUR

Sú breyting hefur nú orðið á fjármagnsmarkaðinum að fjárfestingar eru nú í auknum mæli á sviðum sem ekki hafa enn sannað sig á þann hátt sem fjárfestar hafa yfirleitt krafist. Þannig hafa fjárfestar nú verið minna ragir en áður við að binda fé sitt í fyrirtækjum sem hvorki hafa sýnt fram á hagnað né einhverja áþreifanlega fjárfestingu. Menn virðast því í raun vera að fjárfesta í mannauðinum.

Verðmæti
þekkingar

En það er nokkrum vandkvæðum bundið að átta sig á þeim verðmætum sem búa í mannauði hvers fyrirtækis. Þess vegna hafa að undanförunu komið upp hugmyndir um „þekkingarþótt“ sem gera á fyrirtækjum kleift að gera sér grein fyrir þeirri þekkingu sem þau búa yfir. Nauðsynlegt er í þessu sambandi að gera sér grein fyrir því hvaða þekking það er sem er verðmæti í raun því líklegt er að fjárfestar muni í auknum mæli krefjast slíkrar verðmætagreiningar þeirra fyrirtækja sem fjárfestingarmöguleikar eru í, jafnvel þótt hingað til hafi fjárfestingar virst tilviljanakenndar a.m.k. í fljótu bragði. Því má hins vegar ekki gleyma að gömul hagfræðilögmál eiga ennþá við. Fjárfestar ættu því ekki að slaka á arðsemiskröfunni sem eftir sem áður hlýtur að vera mikilvægasta krafan til fyrirtækja. Jafnvel þótt þekking og mikill mannauður sé til staðar, þá er hagnaðurinn eini mælikvarðinn á hagkvæmni og verðmæti rekstursins og á gæði og raunsæi í stjórnun. Kortlagning á þekkingu fyrirtækis, framkvæmd með skipulegum hætti, getur þó verið hjálpartæki spámennskunnar og á þann hátt aukið verðmæti fyrirtækisins. Rannsóknarráð Íslands hefur í samvinnu við Norræna iðnaðarsjóðinn umsjón með verkefni er lýtur að því að móta aðferðir við mat á þekkingarverðmætum. Mörg fyrirtæki gætu haft hag af þess háttar samræmdu mati.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Reglugerðir haftaáranna hafa óðum verið felldar niður og það hefur gefið fjármálamarkaðinum byr undir báða vængi. Fjárfestingar í nýjum tæknigreinum eru nú mögulegar en voru það ekki áður. Ríkisvaldið er óðum að losa tókin á ýmsum tæknigreinum svo sem í fjarskipta- og orkugeira. Mjög mikilvægt er að sú þróun verði án nokkurs dráttar. Forsenda vaxtar fjármagnsmarkaðarins er án efa sú að opinber afskipti séu sem minnst, bæði af rekstri fjármálamarkaðarins sjálfs, svo og af rekstri fyrirtækja almennt.

Fjármálamarkaðurinn, eins og hann hefur þróast undanfarið, er ungur og að mörgu leyti ómótaður. Þegar mikið af lögum og reglum eru sett utan um eitt svið, eins og háttar um hinn nýja fjármálamarkað, hættir mönnum stundum til að tapa sér í formföstum reglum. Menn eiga það til, bæði þeir sem starfa á viðkomandi sviði og þeir sem kaupa þjónustuna, að einblína um og of á regluverkið sjálft þegar kemur að því að meta hvað séu eðlilegir viðskiptahættir. Menn mega ekki gleyma því að gömul lögmál, t.d. um heiðarleika, varkárni og eðlilega viðskiptahætti, eiga alltaf að vera í fyrirrúmi, og á ekki að þurfa reglur þar um. Með of ítarlegum reglum er hætt við að þær óskráðu reglur, sem oftast eru þær mikilvægustu, gleymist. Gott siðferði í viðskiptum verður til að mynda aldrei skráð í lög. Fyrirtækin sjálf verða að stöðugt að huga að þeim mikilvægu sannindum og miklar kröfur eru gerðar til þeirra í þessum efnunum.

Ekki hægt að festa allt í reglur

HAGNÝTING UPPLÝSINGA- OG FJARSKIPTATÆKNI Á ÍSLANDI

Ný upplýsinga- og fjarskiptatækni hefur trúlega snert íslenskt atvinnulíf á áhrifaríkari hátt en atvinnulíf margra annarra landa. Íslendingar hafa tekið nýjungum tækninnar afar vel og óhætt er að fullyrða að í samanburði við evrópsk fyrirtæki þá eru íslensk fyrirtæki mjög framarlega hvað nýtingu internetsins varðar og hafa verið mjög opin fyrir þeirri hagræðingu sem tölvutækniin býður upp á. Hinn mikla hagvöxt undanfarin ár má að mörgu leyti rekja til þessara tækniframfara sem fengið hafa að njóta sín hér á landi en nýsköpun og tækniframfarir hafa löngum verið taldir mikilvægustu þættir hagvaxtar. Að mati margra þykir sjá þess stað að vægi þessara þátta hagvaxtar aukist til muna í framtíðinni. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga mikilvægi rannsóknar- og þróunarvinnu en fyrirkomulag slíkrar vinnu skiptir sköpum um áhrif hennar á hagvöxt. Hér á landi hefur þróunarvinna í auknum mæli verið fjármögnuð af fyrirtækjunum sjálfum en ekki með opinberu fé. Það sama hefur verið að gerast í öðrum löndum þar sem hagvöxtur hefur verið umfram það sem venjulegt hefur verið talið. Einkafjármögnun á rannsóknarvinnu virðist gera mun meiri kröfur um árangur heldur en opinber fjármögnun. Þess vegna er mikilvægt að nýsköpun og hvers konar þróunarvinna lúti lögmálum markaðarins og sæki fjármagn til hans en ekki í opinbera sjóði.

Þróunarvinna í höndum einkaaðila

Þeir sem vinna að hugbúnaðargerð á Íslandi verða fljótt varir við það að einn af kostum íslenska markaðarins er smæð hans og návígið við neytendur. Slíkt návígi hentar sérstaklega vel í þróunarvinnu því það

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Lítill
markaður
oft kostur

leiðir til þess að mistök verða oft fyrr uppgötvuð og tækifæri til leiðréttinga gefst frekar. Íslendingar hafa nýtt sér þessar aðstæður og starfsfólki í íslenskum hugbúnaðariðnaði hefur fjölgað um 800 á fimm árum, mest síðustu ár. Veltuaukning hefur líka orðið á þessu sviði, allt að 75% milli árána 1998 og 1999. Í upphafi 10. áratugar 20. aldar var ekki um neinar útflutningstekjur að ræða vegna hugbúnaðargeirans. Í lok aldarinnar voru tekjur af útflutningi á hugbúnaði hins vegar orðnar 13 milljarðar króna. Þær virðast hins vegar fara lækkandi sem hlutfall af heildarveltu í greininni. Trúlega má skýra það með aukinni sókn íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja á erlendan vinnumarkað því auðvitað hafa íslensk fyrirtæki það að leiðarljósi við ákvörðun staðsetningar sinnar að starfsumhverfið sé þeim sem hagstæðast. Tækniðnaðurinn er sú atvinnugrein sem einna frjalsust er hvað þetta snertir. Tiltölulega einfalt er að flytja starfsemi tölvufyrirtækja milli landa og það fólk sem helst starfar í greininni er ungt fólk sem lítur á það sem kost frekar en galla að dvelja erlendis við störf sín. En Ísland má ekki við því að missa þessa atvinnugrein úr landi. Þess vegna þarf að vera hægt að bjóða henni betri kjör en gerast erlendis, ekki með ívilnunum heldur með almennum umbótum, sérstaklega í skattamálum.

BREYTINGAR Á VINNUMARKAÐI - NÝJAR ATVINNUGREINAR

Aukin
hreyfing
á vinnu-
markaði

Þótt yfirleitt líti menn björtum augum til aukinna tækniframfara og aukins hagvaxtar þá fagna sumir ekki jafn ákaft þeirri, nánast óumflýjanlegu, afleiðingu þessa sem er aukinn hreyfanleiki á vinnumarkaði. Í augum margra er hreyfing á vinnumarkaði merki um óstöðugleika sem kemur niður á laubegum sem finna fyrir óöruggi um störf sín. Einnig verða atvinnurekendur áþreifanlega varir við aukna hreyfingu vinnuafls og finna líka fyrir óöruggi um starfsfólk sitt. Þessi hreyfing á vinnumarkaði kemur til vegna nýrra starfa sem tækniframfarir kalla fram um leið og mörg störf verða úrelt og leggjast af.

Svo virðist sem framfarir á upplýsinga- og tæknisviði hafi almennt haft meiri áhrif til aukningar hagvaxtar í Bandaríkjunum en í Evrópu og Japan. Ein ástæða þessa getur verið sú að í löndum Evrópu og í Japan er vinnumarkaðurinn mun ósveigjanlegri heldur en í Bandaríkjunum. Bæði er sá ósveigjanleiki vegna lagareglna en einnig hefur hugarfar almennings í þessum löndum mikla þýðingu í þessu tilliti. Vinnulöggjöf í Evrópu gerir fyrirtækjum það erfitt að skipta út starfsfólki eftir þörfum og kostnaður umfram bein laun er mikill. Á sama tíma virðast launþegarnir sjálfir hafa litla þörf fyrir hreyfingu á vinnumarkaði. Ósveigjanleiki vinnumarkaðar leiðir af sér mikinn kostnað. Aukinn hagnaður í kjölfar tækniframfara er að miklum hluta til kominn vegna minni kostnaðar vegna starfsmanna á hverja selda einingu. Ef hins vegar kostnaður vegna breytinga á starfsmannahaldi er mikill geta þær hæglega vegið gegn þeim hagnaði sem myndast hefur með upplýsingatækninni. Í Evrópu er þessu einmitt þannig farið að hagnaður af tæknifjárfestingum er minni þar en í Bandaríkjunum, séu bornar saman sambærilegar fjárfestingar. Kostnaðurinn við vinnumarkaðinn virðist ná að vega upp á móti hagræðingunni sem verður til með tækninni. Í Bandaríkjunum er til að mynda mun minni

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

kostnaður við uppsagnir og ráðningar starfsmanna. Skýrir þetta meðal annarra þátta minna atvinnuleysi vestan hafs en í Evrópu.

Vinumarkaðurinn á Íslandi hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár. Ekki er það þó vegna almennra formbreytinga og sérstakra aðgerða sem hafa átt að miða að breytingum og auknu frelsi á vinnumarkaði, heldur einfaldlega vegna nýrra atvinnugreina sem hefur tekist að standa utan við hinn miðstýrða vinnumarkað. Þessar nýju atvinnugreinar eru einkum á tæknisviði og krefjast menntaðs vinnuafns. Ungt fólk hefur að miklu leyti byggt upp þessar atvinnugreinar. Í þessum geirum atvinnulífsins er áhersla lögð á þekkingu starfsfólksins. Starfsfólkið hefur sjálft mótað að miklum hluta það starfsumhverfi sem það vinnur í og ljóst er að aðrar áherslur eru þar en tíðkast hefur. Er nú svo komið að á íslenskum vinnumarkaði eru komnar kynslóðir launþega sem ekki þekkja af eigin raun hópjarasamninga, skylduáðild að verkalýðsfélögum og löggildingar starfsstéttar, svo dæmi séu tekin af hinum hefðbundna vinnumarkaði. Það unga fólk sem starfar á ýmsum sviðum tæknigeirans sækist ekki sérstaklega eftir því að láta aðra semja um kaup sitt og kjör eða tilheyrja með öðrum hætti verkalýðsfélagi. Þetta fyrirkomulag er sjálfsprottið vegna þarfa atvinnulífsins og starfsmannanna sjálfra fyrir sveigjanleika og hagkvæmni. Sú öra þróun sem hefur orðið í hinum ýmsu greinum tækniiðnaðarins hefði tæplega átt sér stað ef miðstýring opinberra og hálfopinberra aðila hefði verið til staðar. Þess vegna hafa verkföll ekki náð að setja mark sitt á þessar tæknigreinar og heldur ekki miðlæg kjarabaráttu löggiltra starfsstétta. Einmitt vegna þessa virðast aðilar á þessum markaði una við sitt.

Breyttar
áherslur
á vinnu-
markaði

Þátttaka í stéttarfélögum hefur minnkað ár frá ári. Á árinu 1993 voru 88% launþega í stéttarfélögum en árið 1999 var það hlutfall komið niður í 83,8%. Fjölgun launþega í stéttarfélögum var um 3% á þessu tímabili en launþegum alls fjölgaði hins vegar um 8,2%. Á sama tíma fjölgaði þeim sem í heild eru starfandi á vinnumarkaði um 11%. Það má búast við því að þeim fækki enn frekar sem sjá ástæðu til að vera innan verkalýðshreyfingarinnar. En þar með er ekki sagt að mönnum sé það í raun í sjálfsvald sett hvort þeir séu innan stéttarfélags eða ekki. Stéttarfélög hafa, í krafti verkfallsréttar síns, náð föstu taki á atvinnulífi landsmanna. Því má hins vegar ekki gleyma að þeir sem eru á vinnumarkaði eru þar á ýmiss konar forsendum. Launþegar eru ekki einsleit hjörð og hafa fráleitt allir sömu væntingar og markmið á vinnumarkaði. Þess vegna er ekki óeðlileg sú þróun sem átt hefur sér stað með hlutfallslegri fækkun í stéttarfélögum.

Launþegar
ekki
einsleit
hjörð

Með tilliti til þessarar þróunar þarf að huga að vinnumarkaðinum í heild sinni og taka vinnulöggjöfina til rækilegrar endurskoðunar.

Lög um stéttarfélög og vinnudeilur eru frá árinu 1938, með lítilvægum breytingum. Því verður almennt ekki haldið gegn löggjöf að hún sé komin til ára sinna enda er eru eldri lög gjarnan skilvirkari en hin yngri á þann hátt að um skýringu þeirra hefur oftast náð að myndast venja og ákveðin festa. Það á einnig við að nokkru leyti um lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Löggjöfin er hins vegar efnislega svo forn að ekki verður við unað miklu lengur. Þau markaðslögmál sem áður var barist gegn njóta nú almenns skilnings og þau stjórn málaátök sem

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Ekki
andstæðir
pólar

Áður einkenndu vinnumarkaðinn eru nú horfin, að minnsta kosti úr hugum flestra sem ekki beinlínis hafa af því atvinnu að viðhalda slíkum átökum. Stéttarfélagsvitund almennings fer líka minnkandi. Nú viðurkenna flestir að launþegar og atvinnurekendur eru ekki andstæðir pólar sem ekki ná saman. Það er ekki lengur viðurkennt að hægt sé að skipa í andstæðar fylkingar framleiðendum annars vegar og neytendum hins vegar. Slíkar hagfræðikenningar eiga einfaldlega ekki upp á pallborðið lengur því auðvitað falla flestir undir báða flokkana. Og atvinnurekendur og launþegar vinna báðir að sameiginlegu markmiði, því að framleiða vörur til að fullnægja kröfum neytenda. Atvinnurekendur og launþegar starfa því saman í þágu neytenda. Í nágildandi vinnulöggjöf er hins vegar byggt á því að launþegar og atvinnurekendur hafi gagnstæð markmið og vinni hverjir gegn öðrum. Það er slæmt þegar ríkisvaldið skipar mönnum þannig í fylkingar og enn verra þegar ríkivaldið etur þeim saman á einhvern hátt. Því er fyrirfram slegið föstu í nágildandi löggjöf að verkalýðsfélög séu veik og ómegnug þess að standa á eigin fótum á eigin forsendum. Þess vegna er þeim, umfram önnur félög, veitt sérstök vernd stjórnvalda og skylduaðild launþega að verkalýðsfélögum hefur í reynd verið við lýði. Þetta hefur án efa verið það sem helst hefur veikt verkalýðshreyfinguna á síðustu árum.

Hlutverk stéttarfélaganna getur verið mikið og starfsemi þeirra á fullan rétt á sér. Hins vegar er það baráttu stéttarfélaganna ekki til framdráttar að starfsemi félaganna sé í skjóli forgangsréttarákvæða og verkfallsvopnsins. Stéttarfélög munu í auknum mæli hafa miklu hlutverki að gegna í beinni þjónustu við félagsmenn sína, svo sem á sviði menntamála. Skylduaðild að verkalýðsfélagi er ekki lausnin að betra verkalýðsfélagi og spornar í raun gegn þróun í starfsemi.

SALA Á NETINU

Ísland
með frá
upphafi

Internetið hefur skapað áður óþekktar möguleika til markaðssetningar. Það hefur ekki vafist fyrir Íslendingum að eiga viðskipti við erlenda aðila á netinu og hafa einstaklingar sérstaklega nýtt sér þennan kost í viðskiptum. Og jafnvel þótt kaup einstaklinga á neysluvörum (hljómplötum, gallabuxum, húsgögnum) með þessum hætti sé oft skilgreint sem einhvers konar „neysluæði almennings“ og hafi þannig fengið á sig neikvætt yfirbragð, skyldu menn þó ekki gera lítið úr þeirri þekkingu sem almenningur aflar sér með þessum hætti. Yngri kynslóðir víla það ekki fyrir sér að kaupa hvers konar hluti með rafrænum hætti, hvaðanæva úr heiminum og hafa þannig í raun tamið sér þennan samskiptamáta. Það er einmitt mikilvægt að íslensk fyrirtæki temji sér einnig markaðssetningu með þessum hætti. Það sem helst tefur þá þróun er hins vegar afstaða erlendra aðila til þessa viðskiptamiðils. Eins og áður hefur komið fram virðast til að mynda evrópsk fyrirtæki ekki eins internetvædd og þau íslensku. Það er því heldur á brattann að sækja enn sem komið er fyrir íslensk fyrirtæki í markaðsstarfi á netinu. Það leikur þó enginn vafi á því að þetta mun breytast. Þá munu íslensk fyrirtæki búa vel að reynslu Íslendinga á viðskiptum á netinu.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Internetið býður mikla möguleika í markaðsstarfi. Sérstaklega veitir það litlum fyrirtækjum tækifæri á að sækja á markaði sem kostnaðarsamt er að vinna á með hefðbundnum hætti. Það er mikilvægt að fyrirtækin hafi þessa þróun í huga og séu með frá upphafi.

SAMANTEKT

- * Þrátt fyrir nýjar áherslur í atvinnulífi flestra landa undanfarin ár gilda enn sannindin um viðskiptafrelsi sem forsendu hagvaxtar.
- * Eldri atvinnugreinar njóta einnig ávaxta nýja hagkerfisins. Það er því engin ástæða til að veðja síður á þær.
- * Menntun hefur verið miðstýrð á Íslandi. Nú er kominn tími til þess að leyfa nýjum sjónarmiðum og áherslum að þrífast. Að afla sér menntunar er eins og að falast eftir annarri þjónustu, menn hafa mismunandi þarfir og gera mismunandi kröfur. Það þarf að markaðsvæða allt skólakerfið.
- * Ný fyrirtæki á sviði nýsköpunar eiga allt sitt undir traustum fjármálamarkaði og setja traust sitt oft á óefnisleg verðmæti. Um leið og fjármálamarkaðurinn er forsenda nýsköpunar þarf hann að meta raunsætt hvaða verðmæti ætlunin er að skapa.
- * Öll fyrirtæki þurfa að tileinka sér internetið sem hluta af starfsvettvangi sínum.
- * Nýja hagkerfið mun knýja áfram þróun í uppbyggingu vinnumarkaðar. Stéttarfélag og önnur miðstýringaröfl þurfa að huga að annars konar skipulagi.

ALPJÓÐAVÆÐING OG SAMKEPPNISSTAÐA ÍSLANDS

ALPJÓÐAVÆÐING

Heimurinn
allur eitt
markaðs-
svæði

Á undanförunum árum hefur átt sér stað hröð þróun í þá átt að atvinnulíf helstu viðskiptaþjóða heimsins hefur tengst æ nánari böndum. Bættar samgöngur, fullkomnari samskiptatækni og síðast en ekki síst stórukið frjálsræði í milliríkjaviðskiptum veldur því að landamæri skipta stöðugt minna máli í hvers kyns atvinnustarfsemi og með þeim hætti hafa þjóðir heims orðið háðari hver annarri en nokkru sinni fyrr. Sífelld fleiri fyrirtæki líta á heiminn allan sem markaðssvæði sitt og neytendur gera sér grein fyrir því að þeir eiga auðveldara með að útvega sér vörur og þjónustu frá aðilum utan heimalands síns.

Ísland fer ekki varhluta af þessari þróun. Alþjóðlegir samningar og ákvarðanir innlendra stjórnvalda hafa leitt til þess að ýmsum hindrunum í viðskiptum við önnur lönd hefur verið rutt úr vegi. Jafnframt hefur tækniþróun í samgöngum og fjarskiptum leitt til þess að lega landsins skiptir minna máli en áður. Þetta hefur leitt til þess að íslensk fyrirtæki þurfa að mæta sífelld meiri samkeppni frá erlendum aðilum á heimamarkaði sínum en jafnframt hafa möguleikar þeirra til útrásar á alþjóðlegum mörkuðum aukist verulega. Þessar breytingar hafa leitt til þess að bæði stjórnvöld og stjórnendur fyrirtækja verða í öllum ákvörðunum sínum að taka mið af alþjóðlegri þróun, bæði hvað varðar starfsumhverfi atvinnulífsins og frammistöðu fyrirtækjanna sjálfra. Íslendingar mega ekki dragast aftur úr þróuninni eigi að vera unnt að halda uppi viðunandi hagvexti hér landi á komandi árum.

STAÐAN Í ALPJÓÐLEGUM SAMANBURÐI

Margir
kostir
þrátt fyrir
smæð

Íslendingar standa að sumu leyti vel að vígi í alþjóðlegum samanburði. Lífskjör eru hér almennt góð, tekjur á hvert mannsbarn með því hæsta sem gerist í heiminum, atvinnuþátttaka mikil, menntunarstig allgott og velferðarkerfið tiltölulega skilvirkt. Samfélagið er friðsælt og laust við ýmis vandamál sem fylgir stærri og margbrotnari ríkjum. Til þess að viðhalda þessari jákvæðu stöðu er hins vegar mikilvægt að stuðla að öflugri uppbyggingu atvinnulífsins á komandi árum. Það á að vera unnt að gera þrátt fyrir smæð hagkerfisins og að sumu leyti getur smæðin verið kostur í hinum alþjóðlega samanburði. Lítil hagkerfi geta til dæmis haft meiri aðlögunarhæfni en þau sem stærri eru og stjórnvöld brugðist skjótar við breyttum aðstæðum. Fámennar þjóðir eru hins vegar almennt háðari aðgangi að erlendum mörkuðum en þær stærri og margs kyns breytingar á alþjóðavettvangi geta valdið meiri sveiflum í afkomu þeirra.

Lífskjör hér á landi munu á næstu árum ráðast mjög af því hvernig tækifæri alþjóðavæðingarinnar eru nýtt. Í því sambandi skiptir höfuðmáli að starfsumhverfi atvinnulífsins sé hagstætt, svo sem með tilliti til erlendar fjárfestingar hér á landi og sóknar íslenskra fyrirtækja

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

á erlenda markaði. Í því sambandi er vert að hafa áhyggjur af tveimur þáttum, annars vegar því að erlend fjárfesting hér á landi er of lítil og hins vegar að hlutfall útflutnings af landsframleiðslu hefur minnkað á síðustu árum. Hugsanlega má draga þá ályktun af þessum staðreyndum, að Íslendingar séu ekki að nýta sér nægilega vel þá möguleika, sem breytt alþjóðlegt umhverfi býður upp á. Hér á eftir verður vikið sérstaklega að nokkrum atriðum, sem gætu leitt til úrbóta á þessum sviðum.

NÝJAR ÚTFLUTNINGSGREINAR

Sjávarafurðir eru enn sem fyrr mikilvægasta útflutningsvara Íslendinga og ekki er útlit fyrir að það muni breytast í nágrenni framtíð. Það er hins vegar liðin tíð að landsmenn geti vænst þess að þessi grein standi ein undir stöðugt batnandi lífskjörum. Því er mikilvægt að horfa til annarra greina þegar fjallað er um hvernig halda megji uppi hagvexti í landinu. Útlit er fyrir að tekjur af stóriðju geti aukist á næstu árum og jafnframt kunna ýmsir möguleikar í ferðaþjónustu að vera vannýttir. Einnig geta falist nýir möguleikar í aukinni útrás fyrirtækja í öðrum hefðbundnum atvinnugreinum ef þær búa við hagstæð skilyrði af hálfu opinberra aðila og kunna að nýta sérhæfingu og þekkingu starfsmanna sinna. Uppbygging nýrra atvinnugreina, sem skotið hafa rötum hér á landi að undanfögnu, getur líka ráðið miklu í sambandi við fjölgun arðbærra starfa hér á landi. Þar er ástæða til að horfa til hátæknifyrirtækja, svo sem í hugbúnaðargerð og erfðatækni, en einnig til sérhæfðra framleiðslufyrirtækja, sem náð hafa miklum árangri í að þróa tækni á sérhæfðum sviðum, svo sem hjálpartækjasmíði og gerð framleiðslutækja til notkunar í matvælaíðnaði.

Nauðsyn
að horfa
í nýjar áttir

Til þess að nýta möguleika á þessum sviðum til hins ítrasta er nauðsynlegt að hafa í huga að þar skipta ýmiss konar þekkingarverðmæti mestu um afkomumöguleikana. Sérfræðiþekking starfsmanna, sköpun og nýting hugverka af ýmsu tagi og verndun slíkra réttinda, verður stöðugt mikilvægari í því sambandi. Þarfir fyrirtækja í þessu nýja umhverfi eru líka aðrar en áður þekktist. Þau þurfa á annars konar starfsfólki að halda, betri aðgangi að áhættufjármagni, innlendu jafnt sem erlendu og eru næm fyrir ýmsum skattalegum þáttum, sem voru ekki fyrir hendi eða skiptu ekki sama máli áður fyrr. Hætt er við að ef starfsumhverfi er ekki hagstætt hér á landi leiti þessi fyrirtæki annað, enda eru engin lögmál sem segja að þau þurfi að vera staðsett hér á landi.

ERLEND FJÁRFESTING

Eitt þeirra atriða sem skiptir miklu máli við uppbyggingu nýrra útflutningsgreina hér á landi er aðgangur að erlendu fjármagni. Almennt hefur landið verið opnað fyrir erlendum fjárfestingum og í dag eru beinar lagalegar hindranir aðeins fyrir hendi í sjávarútvegi og orkugeiranum. Mikilvægt er að þeim hindrunum verði rutt úr vegi, en jafnframt þarf að huga að öðrum atriðum, sem geta dregið úr áhuga erlendra aðila á að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum.

Losa um
hindranir

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Öflun
erlends
áhættufjár

Reynsla ýmissa íslenskra fyrirtækja, sem reynt hafa að fá erlenda hluthafa að undanförunu er sú, að nokkur atriði valdi helst vandkvæðum. Þar eru oft nefndar hindranir gagnvart því að fyrirtæki geti fært reikninga sína einvörðungu í erlendri mynt, en ýmis dæmi eru um að erlendir fjárfestar hafi horfið frá kaupum á hlutabréfum í áhugaverðum íslenskum fyrirtækjum þar sem þeir þekktu ekki íslensku krónuna og höfðu ekki tíma eða forsendur til að setja sig inn í þau atvik og aðstæður, sem ráða þróun gengis hennar. Aukin áhætta, sem fylgir smáum gjaldmiðli sem erfitt getur verið að selja, hefur líka sitt að segja í þessu sambandi. Aðstaða íslenskra fyrirtækja til að afla sér fjármagns frá erlendum fjárfestum væri mun betri ef þeir gætu í þessu sambandi notast við gjaldmiðla, sem fjárfestarnir þekkjá. Fagna ber því að fjármálaráðherra hefur sett af stað vinnu við athugun á möguleikum þess að heimila fyrirtækjum að færa bókhald sitt og ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum. Ljóst er að ýmis fyrirtæki munu nýta sér þetta ef mögulegt er, og má reikna með að þau muni einkum horfa til Bandaríkjadals og evrunnar í þessu sambandi. Þó er ástæðulaust að takmarka heimildina við þessa tilteknu gjaldmiðla, enda verður ekki séð að nein sérstök vandkvæði þurfi að fylgja því þótt aðrir gjaldmiðlar séu notaðir.

Skyld þessu eru atriði sem snerta lagaákvæði sem varða svokölluð verðbólgu-reikningsskil eða verðbreytingafærslur. Þar er kveðið á um að íslensk fyrirtæki geti í reikningum sínum tekið tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag. Þessi regla er erlendum fjárfestum yfirleitt mjög framandi og eru þeir óvanir að þurfa að hafa hliðsjón af atriðum á borð við þetta við athugun ársreikninga. Ekki er hins vegar ráðlegt að fella niður þessa heimild til verðbreytingafærslna nema samhliða séu skoðuð önnur atriði í skattalögum og álögur lækkaðar, því ella er hætt við að skattbyrði margra fyrirtækja þyngist frá því sem nú er. T.d. væri hugsanlegt að auka fyrningarheimildir eða lækka skattlutföll samhliða slíkri breytingu.

Ýmsar
hindrandi
sérreglur

Þriðja atriðið sem oft er nefnt sem hindrun í sambandi við fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri er sérstakur 20% skattur, sem lögum samkvæmt leggst á allan söluhagnað og arð sem fellur til hinna erlendu eigenda. Þessi skattur bætist við hinn almenna 30% tekjuskatt sem lögaðilum ber að greiða af rekstrarhagnaði sínum. Jafnvel þótt ekki hafi mikið reynt á þetta ákvæði skattalaga, sem í raun er illframkvæmanlegt, þá hefur það mikinn fælingarmátt gagnvart útlendingum, sem eru að velta fyrir sér hvort þeir eigi að kaupa eignarhluti í íslenskum fyrirtækjum.

Loks má nefna að skylda erlendra aðila, sem kaupa hlutabréf í íslenskum félögum, til að útvega sér kennitölu hér á landi er ákveðin hindrun. Hér er ekki um að ræða veigamikið atriði, enda tiltölulega auðvelt að leysa úr því annað hvort með því að fyrirtækið lætur skrá sig hér að kaupir hlutabréfin í gegnum milliliði á borð við erlenda sjóði íslenskra fjármálafyrirtækja. Hins vegar verður að hafa í huga að hvers kyns sérreglur af þessu tagi, sem eru ólíkar því sem fjárfestarnir þekkjá á öðrum mörkuðum, geta dregið úr áhuga þeirra á hlutafjárkaupunum.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Önnur vandamál gagnvart erlendri fjárfestingu geta tengst smæð markaðarins. Framboð hlutabréfa er til dæmis ekki nægilega mikið hér á landi og hlutabréfamarkaðurinn í heild það lítil að ýmsir erlendir fjárfestar hika við hlutafjárkaup þar sem þeir óttast erfiðleika við að losa sig við bréfin. Ríkið getur haft ákveðin áhrif í þessum efnum með því að hraða sölu hlutafjár í t.d. Landssímanum, Landsbanka og Búnaðarbanka. Sömu sögu er að segja um fleiri stór fyrirtæki sem geta haft mikið markaðsverðmæti og má í því sambandi nefna Landsvirkjun.

Ríkið
getur
stuðlað
að árangri

Þeir þættir, sem hér hafa verið nefndir sem hindranir gagnvart erlendri fjárfestingu, geta valdið því að við ákveðnar aðstæður sé hagkvæmara fyrir íslensku fyrirtækin að stofna erlend eignarhaldsfélög um tiltekna þætti í rekstri sínum, svo sem þá starfsemi sem fram fer á þeirra vegum erlendis. Þá geta þau laðað til sín erlenda fjárfesta án þess að hafa áhyggjur af þessum atriðum.

SAMTENING FJÁRMAGNSMARKAÐA

Erlendis hefur sú þróun átt sér stað á undanförunum árum að verðbréfamarkaðir hafa verið að tengjast sífellt meir, bæði með aukinni samvinnu og jafnvel sameiningu. Hvatinn til þess hefur verið sá að þessir markaðir hafa þótt of litlir, jafnvel þótt þeir séu margfalt stærri en sá íslenski. Kostnaður við þróun viðskiptakerfa fyrir markaði af þessu tagi er hár og almennt henta stórir markaðir betur þörfum stórra alþjóðlegra fjármálafyrirtækja. Þá hefur afnám hindrana í fjármagnsflutningum og bætt samskiptatækni einnig sitt að segja í þessari þróun.

Íslenskir fjárfestar hafa nú betri aðgang að erlendum fjármálamörkuðum en nokkru sinni fyrr. Mikilvægt er að íslenski verðbréfamarkaðurinn sé líka aðgengilegur fyrir erlenda aðila og getur samvinna eða samtenging við erlenda markaði haft mikilvægu hlutverki að gegna. Á síðasta ári tengdist Verðbréfaþing Íslands norrænum mörkuðum með nýjum hætti og verður það vonandi aðeins fyrsta skrefið í þessa átt. Með þátttökunni í NOREX verður íslenskur markaður sýnilegri enda koma þar fram upplýsingar sem hann varða. Mikilvægt er að íslenski markaðurinn tengist í framtíðinni stærri mörkuðum, en ætla má að innan fárra ára verði eftir mun færri og stærri kauphallir í Evrópu en nú er. Markmiðið hlýtur að vera að íslenskur verðbréfamarkaður verði þátttakandi í þessari þróun, njóti hagkvæmni samtengdra viðskiptakerfa þar sem kostur er og eigi jafnframt þátt í að gera íslensk verðbréf áhugaverðari kost fyrir erlenda fjárfesta.

Markmið
aukin
þátttaka

SAMANTEKT

Í köflunum hér að framan hafa eftirfarandi megin sjónarmið og tillögur komið fram:

* Alþjóðavæðingin leiðir til þess að íslensk fyrirtæki mæta meiri samkeppni á heimamarkaði en fá jafnframt ný tækifæri til útrásar

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

- * Ísland á í harðnandi alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyriræki og forsenda áframhaldandi hagvaxtar er að starfsumhverfi atvinnulífsins sé samkeppnishæft.
- * Íslendingar flytja of lítið út og fá ekki til sín næga fjárfestingu. Spurt er hvort þeir nýti ekki nægilega vel tækifærin í alþjóðlegri þróun.
- * Uppbygging í nýjum útflutningsgreinar er mikilvæg forsenda áframhaldandi hagvaxtar.
- * Nauðsynlegt er að bæta fjárfestingarumhverfi hér á landi með það að markmiði að laða að erlenda fjárfesta.
- * Gera þarf fyrirtækjum kleift að færa reikninga sína í erlendum myntum.
- * Kanna ber hvort afnema eigi heimildir um verðbólguþrekingsskil úr lögum og um leið skoða hvaða ívilnandi aðgerðir fyrir fyrirtækin gætu fylgt með.
- * Hlutabréfamarkaðurinn er of smár en ríkið getur bætt úr því með einkavæðingu stórra fyrirtækja í sinni eigu.
- * Tenging íslensks fjármagnsmarkaðar við erlenda markaði mun skipta verulegu máli í framtíðinni og þarf að gera íslensk verðbréf áhugaverðari valkost fyrir erlenda fjárfesta.

HLUTVERK RÍKISINS Í NÝJA HAGKERFINU

GRUNDVALLARHLUTVERK RÍKISVALDSINS

Þegar fjallað er um möguleika Íslendinga til að viðhalda hér öflugum hagvexti og tryggja góð lífskjör landsmanna er nauðsynlegt að líta til þess hvert hlutverk ríkisins eigi að vera í því samhengi. Spyrja þarf, hvað ríkið eigi að gera til að stuðla að betri afkomu atvinnulífsins og heimilanna í landinu og hvað það eigi að láta ógert. Ljóst er að frumskyldur ríkisins eru að tryggja sjálfstæði og fullveldi landsins út á við og að lög og regla ríki inn á við. Í því felst meðal annars að almenn löggjöf sé nægilega skýr og réttlát og að farið sé eftir sanngjörnum leikreglum. Ríkið hefur því með höndum almennt löggjafarhlutverk og ber jafnframt að tryggja að þeir sem telja á sér brotið geti leitað réttar síns fyrir dómstólum og fengið dómum fullnægt með skilvirkum hætti. Þessa þætti er nauðsynlegt að tryggja til þess að frjálst markaðskerfi geti notið sín og eðlilegir viðskiptahættir ríki. Má ekki síst sjá þetta af reynslu ýmissa nýfrjálsra ríkja í Mið- og Austur-Evrópu, þar sem skortur á skýrum leikreglum og veikt dómkerfi hefur orðið til þess að seinka framþróun og valdið ýmsum vandkvæðum við að innleiða markaðsbúskap að vestrænni fyrirmynd.

Framangreindar frumskyldur ríkisins eru í raun sígildar og lítt umdeildar, þótt stundum sé ágreiningur um nánari útfærslu. Sjónarmið eru miklu skiptari um önnur umsvif ríkisins; svo sem í tengslum við hagstjórn, skattheimtu og afskipti af atvinnulífinu að öðru leyti. Hér á eftir verða reifuð ýmis sjónarmið varðandi þessi atriði, enda er ljóst að efnahagslegar framfarir, hagvöxtur og almenn velmegun á Íslandi á næstu árum mun ráðast verulega af því hvernig haldið verður á spilunum í þessum eignum. Verslunarráð telur að ríkisvaldið geti lagt sitt af mörkum í þessum eignum með því að stuðla að stöðugleika í efnahagsumhverfinu, gæta hófs í útgjöldum og umsvifum sínum, halda skattheimtu í lágmarki og tryggja að viðskiptalöggjöf hér á landi sé í samræmi við alþjóðlega þróun og hagsmuni atvinnulífsins.

Sígildar
frumskyldur

HAGSTJÓRNARHLUTVERK RÍKISINS OG VARÐSTAÐA UM STÖÐUGLEIKA

Meginhlutverk ríkisvaldsins á sviði hagstjórnar er að stuðla að stöðugleika með þeim tækjum sem það hefur yfir að ráða. Seint verður of mikið gert úr mikilvægi stöðugleikans fyrir atvinnuvegina enda sýnir reynsla undanfarinna ára ótvírætt að stöðugt efnahagslegt umhverfi ræður miklu um möguleika fyrirtækja til að gera skynsamlegar áætlanir til lengri tíma og hefur þannig afar mikil áhrif á afkomu þeirra. Þetta á jafnt við um fyrirtæki í hefðbundnum atvinnugreinum og nýsköpunarfyrirtæki, sem nú eru að hasla sér völl í starfsemi sem tæpast þekktist fyrir fáeinum árum. Er óhætt að fullyrða, að sá árangur sem náðst hefur í íslensku atvinnulífi á síðustu fimm til sex árum er ekki síst til kominn vegna þess að meira jafnvægi hefur ríkt heldur en þekktist um langt árabil. Með aðhaldssamri vaxtastefnu og stöðugleika

Forsendur
árangurs

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Í gengismálum hefur verið spornað gegn þeim síendurteknu sveiflum og óðaverðbólgu, sem íslensk fyrirtæki þurftu áður að búa við.

Nýjustu
spár
sýna
hjöðnun

Ljóst er að áfram verður að sýna varkárni á þessum sviðum þannig að þenslan í hagkerfinu fari ekki úr böndunum og verðbólga hefji ekki innreið sína á ný. Ýmis merki um ofhitnun hagkerfisins sáust þannig á lofti á síðasta ári, ekki síst í formi aukinnar verðbólgu, hækkana á fasteignaverði og launum, útlánaaukningar fjármálastofnana, og umframeftirspurnar á vinnumarkaði. Nýjustu spár benda hins vegar til þess að nú sé farið að draga úr ofpenslunni og að efnahagslífið muni forðast kollsteypu og ná mjúkri lendingu á komandi misserum. Verði þessar spár að veruleika bendir margt til þess að unnt verði að draga nokkuð úr aðhaldinu með vaxtalækkunum og gengisbreytingum, en hátt vaxtastig og raungengi hafa valdið ýmsum í atvinnulífnum erfiðleikum að undanfögnu og veikt samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum, að minnsta kosti til skamms tíma lítið.

Stefnumótun hvað framangreinda þætti varðar er að mestu leyti í höndum Seðlabankans, sem á undanfögnu árum hefur búið við meira sjálfstæði gagnvart stjórnvöldum en dæmi eru um áður hér á landi. Segja má að stjórnámálmennt hafi vísvitandi bægt frá sér ýmsum freistingum á þessu sviði, sem þeir féllu iðulega fyrir á árum áður. Skyndiákvæðanir ríkisstjórna um vaxtabreytingar eða gengisfellingar eru liðin tíð og það samræmist ekki hagsmunum atvinnulífsins að horfið verði aftur til slíkra stjórnarháttanna. Enn eru hins vegar ýmsir mikilvægir þættir hagstjórnarinnar á valdi hinna pólitísku valdhafa. Þannig geta þeir enn haft mikil áhrif í gegnum bein og óbein afskipti sín af vinnumarkaði, kjarasamningum og launaþróun. Er því sambandi mikilvægt að stjórnvöld leggi sitt af mörkum til að forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði haldist, ekki síst með því að samningsbundnar launahækkanir og launaskrið hjá hinu opinbera fari ekki fram úr þróuninni innan einkageirans.

Þjóðhags-
legur
sparnaður

Annað atriði sem stjórnvöld geta haft veruleg áhrif á er þjóðhagslegur sparnaður. Á þessu sviði hafa Íslendingar lengi staðið ver að vígi en flestar samunburðarþjóðir og þrátt fyrir aukinn skilning á mikilvægi langtímasjónarmiða í þessum efnum er sparnaður heimila, fyrirtækja og opinberra aðila enn alltof lítill. Unnt er að hafa áhrif á sparnað einkaaðila með ýmsum aðgerðum, svo sem í skatta- og lífeyrismálum. Áhrifaríkasta tæki ríkisvaldsins á þessu sviði er hins vegar að halda aftur af opinberum útgjöldum.

RÍKISFJÁRMÁL - NAUÐSYN AUKINS AÐHALDS

Aðhaldssöm stefna í fjármálum hins opinbera er mikilvæg forsenda þess að stöðugleiki haldist á næstu misserum og árum. Gott árferði í efnahagslífinu hefur að undanfögnu leitt til þess að afkoma ríkissjóðs hefur stórbatnað og munar þar mestu um auknar skatttekjur, sem til eru komnar vegna veltuaukningar í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir að skatthlutföll hafi verið lækkuð lítilllega skila tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja hærri skattgreiðslum og bættur kaupmáttur skilar sér til ríkissjóðs í gegnum óbeina skatta.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Bættur hagur ríkissjóðs hefur gefið stjórnvöldum möguleika á að lækka skuldir og auka útgjöld á ýmsum sviðum. Endurgreiðsla skulda hefur jákvæð áhrif til langs tíma litið, dregur úr vaxtakostnaði og býr í haginn fyrir framtíðina. Það að nýta góðærið til að greiða skuldir mun líka leiða til þess að ríkissjóður verði betur í stakk búinn til að mæta erfiðara árferði síðar. Útgjaldaaukning til einstakra verkefna ríkisins getur hins vegar orkað meira tvímælis. Í sumum tilvikum er vissulega verið að fjárfesta til framtíðar, svo sem með arðbærum framkvæmdum, sem eru til þess fallnar að styrkja innviði samfélagsins og draga til lengri tíma úr kostnaði ríkisins sjálfs, einstaklinga og fyrirtækja. Með þessum hætti má til dæmis rökstyðja ýmsar framkvæmdir á sviði samgöngumála, viðhald opinberra mannvirkja, endurnýjun tækjabúnaðar og innleiðingu nýrrar tækni. Aukin framlög til menntamála geta líka verið óhjákvæmileg þegar horft er til þess að menntunarsstig, þekking og færni af ýmsu tagi skiptir æ meira máli í efnahagslífinu. Mannauðurinn skiptir sköpum um framtíðarmöguleika íslensks atvinnulífs og því er afar mikilvægt að stoðir menntakerfisins séu styrktar. Þar verður þó að hafa í huga að ekki er nóg að veita auknum fjármunum til málaflokksins heldur verður að tryggja eins og unnt er að þeir séu nýttir með skynsamlegum hætti. Vafalaust má gera betur í þeim efnum hér á landi og hugmyndir Verslunarráðs um stærra hlutverk einkaaðila á sviði menntamála og aukinn sveigjanleika og samkeppni á því sviði miða að því að ná slíkum árangri. Er nánar vikið að þeim þáttum í umfjöllun um innviði samfélagsins á öðrum stað í þessari skýrslu.

Aukning
útgjalda
orkar
tvímælis

Aukning útgjalda til ýmissa velferðarmála svo sem heilbrigðis- og félagsmála á undanförunum árm kemur að sjálfsögðu til vegna aukinna væntinga um bætta þjónustu. Nokkuð almenn sátt er um það í þjóðfélaginu að tryggja beri öllum þjóðfélagsþegnum ákveðið lágmarksöruggi og að styðja beri við bakið á þeim sem höllum fæti standa. Gott heilbrigðiskerfi og ákveðin félagsleg þjónusta er einnig hluti þeirra lífsgæða sem flestir vilja búa við. Nauðsynlegt er að þessir þættir séu í góðu horfi hér á landi, ekki síst með tilliti til þess að það kann að skipta máli um vilja vel menntaðra og hæfra einstaklinga til búa hér. Hins vegar verður í þessum efnum að leitast við að beina fjármunum þangað sem þeirra er mest þörf, leita hagkvæmustu leiða til að veita þjónustuna og hjálpa fólki til sjálfshjálpar þar sem mögulegt er. Ljóst er að hið opinbera mun áfram hafa mikilvægu hlutverki að gegna að þessu leyti en hins vegar verður að kanna hvar hægt er að nýta kosti einkarekstrar og samkeppni til að ná betri árangri. Þrátt fyrir að fjármagn komi áfram úr opinberum sjóðum er ekki sjálfgefið að ríki eða sveitarfélög þurfi að annast sjálfa þjónustuna eða reka þær stofnanir sem hana veita. Þrátt fyrir svigrúm til að auka fjárveitingar til þessara málaflokka að undanförunu vegna góðrar afkomu ríkissjóðs verða stjórnvöld að fara varlega í að stofna til varanlegra útgjalda á þessu sviði því hafa ber í huga að erfitt getur reynst að draga saman seglin í framtíðinni ef dregur úr hagvexti og hið opinbera hefur úr minni fjármunum að spila.

Fleiri
valkostir
en opinber
rekstur

Framlög hins opinbera til annarra málaflokka, svo sem menningarmála, verða einnig stöðugt að vera skoðunar. Ljóst er að lifandi og öflugt menningarlíf er mikilvæg forsenda lífvænlegs samfélags hér á landi. Fyrir uppbyggingu atvinnulífsins skiptir það til

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Frjáls
menningar-
starfsemi

dæmis máli í ljósi þess að það er til þess fallið að laða hingað hæfa starfskrafta frá öðrum löndum, bæði fólk af erlendum uppruna og Íslendinga sem farið hafa utan til að afla sér menntunar og reynslu. Hins vegar má ekki líta svo á að aðkoma hins opinbera að menningarlífinu sé alltaf nauðsynleg í jafn miklum mæli og verið hefur. Ríkið og sveitarfélögin eru alls ekki alltaf bestu aðilarnir til að reka stofnanir á þessu sviði eða velja úr þau verkefni sem ástæða er til að fjármagna hverju sinni. Margir aðilar hafa á undanförunum árum náð góðum árangri við að halda uppi öflugri menningarstarfsemi án atbeina hins opinbera. Reynslan sýnir líka að einstaklingar og fyrirtæki eru tilbúin til að verja talsverðum fjármunum til starfsemi á þessu sviði, einstaklingarnir til að njóta menningarinnar og fyrirtækin í mörgum tilvikum til að byggja upp jákvæða ímynd og kynna sig með óbeinum hætti. Almennt má því ætla að það geti skilað sér til menningarstarfsemi í landinu ef dregið er úr skattheimtu og meira fjármagn verður eftir til ráðstöfunar hjá einstaklingum og fyrirtækjum.

ALMENNT UM SKATTAMÁL ATVINNULÍFSINS

Skattamál atvinnulífsins eru óhjákvæmilega til skoðunar þegar leitað er leiða til að tryggja öflugna atvinnuuppbyggingu og vöxt í efnahagslífinu. Eftir því sem starfsemi fyrirtækja verður alþjóðlegri og hindranir í viðskiptum milli landa hverfa verður auðveldara fyrir stjórnendur fyrirtækja að staðsetja þau með tilliti til þess starfsumhverfis, sem boðið er upp á í hinum ýmsu ríkjum. Við slíkt mat vega skattalegir þættir afar þungt, bæði skatthlutföllin sjálf og uppbygging skattkerfisins að öðru leyti. Verslunarráð hefur á undanförunum árum lagt fram fjölmargar tillögur um breytingar á skattalögum með það að markmiði að gera skattalegt umhverfi hér á landi samkeppishæft við það sem þekktist í helstu samanburðarlöndum okkar. Stjórnvöld og Alþingi hafa stigið ýmis skref í þessa átt, en ljóst er að gera þarf mun betur í ýmsum efnum til að bæta stöðuna hér á landi. Þá verður að hafa í huga að nýjar aðstæður í atvinnulífinu leiða til þess að þessu verkefni verður aldrei lokið. Má í því sambandi nefna, að alþjóðavæðingin á síðustu árum, opnari markaðir og aukin umsvif íslenskra fyrirtækja erlendis, kalla á breytingar, sem íslensk stjórnvöld hafa í sumum tilvikum verið alltof sein að bregðast við.

TEKJUSKATTAR FYRIRTÆKJA

Lægra
hlutfall
heppilegra

Hinn almenni tekjuskattur fyrirtækja hefur verið lækkaður á undanförunum árum. Skatthlutfallið er nú 30%, sem er nokkuð sambærilegt við það sem tíðkast víða í nágrannalöndunum. Halda má því fram með gildum rökum að þetta hlutfall sé þó enn of hátt, enda er það í sjálfu sér ekki til fallið að halda í íslenska aðila sem eiga möguleika á að færa starfsemi sína úr landi og hefur ekki heldur þau áhrif að laða hingað nýja starfsemi erlendra aðila. Lægra hlutfall gæti á hinn bóginn haft áhrif í þá átt og má minna á nýlega reynslu nágranna okkar Íra í þeim efnunum. Þar í landi var brugðist við langvarandi vanda í atvinnulífinu með því að samræma og lækka fyrirtækjaskatta í áföngum með það að markmiði að almennur tekjuskattur fyrirtækja verði í einu þrepi, 12,5%, í ársbyrjun 2003.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Þessi skattastefna hefur laðað til Írlands verulega erlenda fjárfestingu, ekki síst í hátæknigeiranum, með þeim afleiðingum að hagvöxtur hefur þar verið meiri en í nokkru öðru landi í hinum vestræna heimi. Færa má fyrir því sterk rök að umtalsverð lækkun skatthlutfalls hér á landi hefði áhrif í sömu átt og áhrifin yrðu auknar tekjur ríkissjóðs þar sem skattstofninn gæti stækkað verulega samhliða því að hlutfallið sjálft lækkaði.

SKATTAR Á STARFSMENN FYRIRTÆKJA

Svipuð sjónarmið eiga við um tekjuskatt einstaklinga. Tekjuskattshlutfallið var lækkað í nokkrum smáum áföngum á síðustu árum en var hækkað lítillega aftur á síðasta ári vegna hækkunar á útsvari til sveitarfélaga og er nú 38,76%. Við þetta bætist svo sérstakur 7% skattur á tekjur umfram 280 þúsund krónur á mánuði. Þetta svokallaða hátekjuprep, ásamt miklum jaðaráhrifum flókins kerfis tekjutenginga, hefur neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, ekki síst þegar horft er til samkeppni um vel menntað og hæft starfsfólk, sem möguleika hefur til að starfa hvar sem er í heiminum.

Neikvætt
fyrir
samkeppnis-
stöðu

Skattalegir þættir sem varða samninga atvinnurekenda og starfsmanna um kauprétt þeirra síðarnefndu á hlutabréfum í fyrirtækjunum sem þeir starfa hjá þarfnast líka endurskoðunar. Kaupréttarsamningar gegna víða mikilvægu hlutverki enda gera þeir fyrirtækjum kleift að hvetja starfsmenn til dáða, umbuna þeim sem standa sig og samtengja hagsmuni starfsmannanna og fyrirtækjanna. Starfsmennirnir taka þannig aukin þátt í áhættunni í rekstri fyrirtækjanna en njóta þess svo augljóslega þegar vel gengur. Samningar af þessu tagi eiga líka þátt í því að dreifa eignaraðild að hlutafélögum og geta skipt sköpun fyrir uppbyggingu nýrra fyrirtækja, þar sem í mörgum tilvikum er lagt af stað án mikils fjármagns en með góða viðskiptahugmynd og bjartar framtíðarhorfur. Fyrirtækin geta þannig boðið eftirsóknarverðum starfsmönnum kauprétt að hlutabréfum, sem í framtíðinni geta orðið afar verðmæt, í stað þess að þurfa að keppa við önnur fyrirtæki með yfirboðum í launum.

Mikil framför varð á síðasta ári þegar lögum um tekju- og eignarskatt var breytt með það að markmiði að stuðla að eðlilegri skattalegri meðferð kaupréttarsamninga. Hins vegar er ljóst að gera þarf betur til þess að þessar heimildir nýtist með þeim hætti sem að var stefnt. Hefur í því sambandi einkum verið bent á að fjárhæðarmörk varðandi árlegan kauprétt starfsmanna séu of lág, eða aðeins kr. 600 þúsund, og að ekki sé tryggt að kaupréttur samningi sé yfirfæranlegur milli ára, sé hann ekki nýttur á viðkomandi ári. Hefur Verslunarráð lagt til að fjárhæðarmörkin yrðu hækkuð upp í að minnsta kosti 2 milljónir króna á ári og að kauprétturinn yrði að fullu yfirfæranlegur milli ára innan samningstíma vinnuveitanda og launþega. Með því móti væri verið að stuðla að því að íslensk fyrirtæki geti frekar nýtt sér þennan möguleika til að laða til sín starfsfólk og hvetja það áfram í starfi.

Þróun
kaupréttar-
samninga

Fleiri þætti skattalaganna má nefna, sem hafa áhrif á möguleika íslenskra fyrirtækja til að taka þátt í alþjóðlegri samkeppni. Þar á

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Ívilnandi
reglur

meðal eru t.d. reglur um skattlagningu starfsmanna íslenskra fyrirtækja á erlendri grund. Í því sambandi hefur Verslunarráð ítrekað bent á að þörf sé á ívilnandi reglum vegna starfsmanna sem dvelja langdvölum í útlöndum vegna starfa sinna fyrir íslensk fyrirtæki. Núgildandi reglur hafa verið túlkaðar svo að dagpeningareglur eigi ekki við um greiðslur til slíkra einstaklinga með þeim afleiðingum að greiðslurnar koma að fullu til skattlagningar sem tekjur hjá starfsmanninum, jafnvel þótt þær séu ætlaðar til að mæta þeim sérstaka kostnaði, sem hann verður fyrir vegna dvalar sinnar erlendis.

EIGNARSKATTAR OG STIMPILGJÖLD SKAÐA SAMKEPPNISSTÖÐU

Eignarskattar hér á landi eru í vaxandi mæli farnir að hafa skaðleg áhrif á samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Eignarskattshlutfall fyrirtækja er 1,2% af eignum umfram skuldir og við það bætist sérstakur eignarskattur sem nemur 0,25% af eignarskattsstofni. Hér er um að ræða skatt frá eldri tíð og eru eignarskattar af þessu tagi að verða nær óþekktir í þeim löndum sem við berum okkar helst saman við. Ljóst má vera að eignarskattar hafa að undanfögnu átt þátt í því að sum íslensk fyrirtæki hafa á undanfögnu árum kosið að flytja hluta starfsemi sinnar til annarra landa og ekki er útlit fyrir að þeirri þróun verði snúið við nema skatturinn verði lagður af.

Eignarskattar einstaklinga lúta sömu lögmálum og má benda á að ef eignarskattur lögaðila yrði afnuminn gætu efnameiri einstaklingar stofnað innlend eða erlend eignarhaldsfélög um eignir sínar og komist hjá skattheimtunni. Hér eiga því í meginatriðum við sömu sjónarmið og í sambandi við tekjuskatta; verði skattheimta hér á landi óhagstæð miðað við samkeppnislöndin vex hættan á því að fyrirtæki og einstaklingar flytji rekstur sinn og eignir annað, og það getur leitt til þess að ríkissjóður verði þegar upp er staðið af meiri skatttekjum heldur en fengjust með því að halda skattheimtunni óbreyttri.

Óhagstætt
og
úrelt

Stimpilgjaldið er annað dæmi um gamaldags skattheimtu, sem farin er að valda lakari samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Gjaldið skal greiða af ýmsum íslenskum viðskiptaskjölum, svo sem kaupsamningum, afsölum, verðbréfum, leigusamningum o.fl. Skatthlutfallið er almennt frá 0,5-2% af heildarfjárhæð bréfsins eða samningsins. Bent hefur verið á að skattheimta af þessu tagi hefur verið á hröðu undanhaldi í öðrum OECD ríkjum og er hún því farin að skaða íslenskra fyrirtækja, t.d. fjármálafyrirtækja, þar sem gjaldið eykur kostnaðinn við útgáfu verðbréfa, m.a. þeirra bréfa sem ætlunin er að skrá á erlendum mörkuðum.

ÖNNUR SKATTALEG ATRIÐI

Nefna má fleiri atriði varðandi skattkerfið, sem hafa áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Þannig má nefna að miklu skiptir að auðvelt sé að breyta rekstrarformi fyrirtækja, t.d. úr einkafyrirtækjum eða sameignarfélögum í einkahlutafélög eða hlutafélög. Núgildandi skattareglur leiða til þess að slíkar breytingar

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

valda aukinni skattlagningu, t.d. þannig að einstaklingur sem vill stofna einkahlutafélag um rekstur sinn er skattlagður eins og um væri að ræða sölu eigna hans yfir til hlutafélagsins. Þessu þarf að breyta. Að sama skapi þarf að endurskoða þann mismun sem kemur fram í skattlagningu atvinnurekstrar eftir því í hvaða félagiformi reksturinn er stundaður.

Tvísköttunarsamningar verða stöðugt mikilvægari með vaxandi alþjóðavæðingu atvinnulífsins. Stjórnvöld þurfa að leggja aukna áherslu á gerð samninga af þessu tagi við fleiri ríki og jafnframt að tryggja að unnt sé að koma þeim í framkvæmd hér á landi, meðal annars með því að flýta opinerri birtingu þeirra. Tafir við birtingu samninganna hafa valdið óþörfum erfiðleikum á undanförunum árum eins og Verslunarráð hefur itrekað vakið athygli á.

Gildi
tvísköttunar-
samninga

Loks má nefna, að ekki er nægilegt að skattareglur séu hagstæðar atvinnurekstrinum, skattkerfið sjálft, málsmeðferð og túlkun reglna, verður líka að mótast í senn af skilvirkni og sanngirni. Verslunarráð hefur oft bent á brotalamir í þessu sambandi og jafnframt vakið athygli á þeim aðstöðumun sem oft kemur fram í samskiptum skattyfirvalda og skattgreiðenda.

UMSVIF RÍKISINS Í ATVINNULÍFINU - EINKAVÆÐING

Almenn umsvif ríkisins í hagkerfinu hafa veruleg áhrif á möguleika einkaaðila til að byggja upp öfluga atvinnustarfsemi. Eins og fjallað er um hér að framan hefur skattheimta hins opinbera veruleg áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækjanna í landinu en umsvif ríkisins geta haft skaðleg áhrif á ýmsa aðra vegu. Þannig er erfiðara fyrir einkaaðila að hasla sér völl á sviðum þar sem fyrir eru öflug ríkisfyrirtæki enda njóta þau oft óeðlilegs forskos vegna tengsla sinna við ríkisvaldið. Augljóst er að því meiri sem umsvif ríkisins eru á tilteknu sviði atvinnulífsins, þeim mun minna svigrúm er fyrir einkafyrirtæki að ná til sín verkefnum og viðskiptatækifærum, auk þess sem þau þurfa að standa í harðari samkeppni um starfsfólk.

Almennt er ekki lengur deilt um að opinberir aðilar eru síður færir um að reka atvinnustarfsemi með hagkvæmum og skilvirkum hætti heldur en einkaaðilar. Einkafyrirtæki búa við strangara aðhald markaðarins en opinber fyrirtæki og eru því næmari fyrir óskum viðskiptavina sinna. Þau þurfa jafnframt að bregðast við skýrum kröfum eigenda sinna um arðsemi, þannig að minni hættu er á óskynsamlegum og óarðbærum ákvörðunum af hálfu stjórnenda. Af þessum sökum hefur þróun undanfarinna ára verið sú um allan heim að ríkið er að draga sig út úr margvíslegum fyrirtækjarekstri. Þessi þróun hefur einnig átt sér stað hér á landi þótt sterk rök megi færa fyrir því að það hafi ekki gerst nægilega hratt. Ríkið hefur selt hlut sinn í fjölmörgum fyrirtækjum, ýmist að hluta til eða öllu leyti, og rekstrarformi annarra ríkisfyrirtækja hefur verið breytt með það að markmiði að þau búi við sem líkust skilyrði og samkeppnisaðilar á hinum frjálsa markaði. Samkeppnisstaða opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja verður hins vegar aldrei jöfnuð nema með því að hið opinbera dragi sig alfarið út úr rekstrinum og selji fyrirtæki sín að fullu.

Einkaaðilar
betri kostur
en ríkið

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Tímabært
á fleiri
sviðum

Tvö mikilvægustu verkefni á sviði einkavæðingar hér á landi eru um þessar mundir áformuð sala hlutabréfa Landssíma Íslands og áframhaldandi sala bréfa í Landsbanka og Búnaðarbanka. Verslunarráð hefur hvatt til þess að þessum verkefnum verði hraðað svo sem kostur er þannig að jöfn samkeppnisstaða og aukið svigrúm einkaaðila náist fram á fjarskipta- og fjármálamarkaði hér á landi. Verslunarráð hefur jafnframt bent á að hefjast bæri handa um einkavæðingu á fleiri sviðum, svo sem á sviði pósthlutninga og í vinnslu, dreifingu og sölu orku. Þá hefur ráðið lagt áherslu á að skynsamlegt sé að nýta kosti einkarekstrar og aukinnar samkeppni á fleiri sviðum, svo sem í heilbrigðis- og menntamálum eins og nánar er vikið að annars staðar í þessari skýrslu. Það má gera jafnvel þótt samstaða verði um að starfsemi á þessum sviðum verði áfram kostuð að hluta úr opinberum sjóðum.

Með því að gefa frumkvæði og athafnaþrá einstaklinganna aukið svigrúm til að njóta sín á sem flestum sviðum skapast mikilvægar forsendur fyrir áframhaldandi öflugri uppbyggingu atvinnulífsins hér á landi. Aukin verðmætasköpun styrkir fyrirtækin og gerir þeim kleift að skila bæði eigendum sínum og starfsfólki meiri tekjum, auk þess sem stoðir velferðarkerfisins eru styrktar með því að stækka þann skattstofn sem hið opinbera byggir afkomu sína á.

NÚTÍMALEG VIÐSKIPTALÖGGJÖF

Hlutverk ríkisins er að setja viðskiptalífinu leikreglur og skiptir þar miklu máli að vel sé að verki staðið. Reglurnar verða að vera almennar, einfaldar og skýrar þannig að aðilar í atvinnulífinu eigi auðvelt með að átta sig á rétti sínum og skyldum. Um leið verða þær að vera þannig úr garði gerðar að þær greiði fyrir eðlilegum viðskiptum en hindri þau ekki að þarflausu eða íþyngi atvinnulífinu á annan hátt. Miklar framfarir hafa orðið í þessum efnum á undanförunum árum, meðal annars í tengslum við gildistöku samningsins um hið evrópska efnahagssvæði, en þó er enn víða tilefni til lagfæringa og endurbóta. Hér á eftir verður fjallað um nokkra þætti viðskiptalöggjafarinnar sem Verslunarráð telur að taka þurfi til athugunar í náninni framtíð með það að markmiði að fyrirtækjareksturinn í landinu skili aukinni arðsemi og betri líf skjörum.

FJÁRMÁLAMARKAÐUR Í ÖRRI ÞRÓUN

Auka traust
og trúverðug-
leika

Íslenskur fjármálamarkaður hefur vaxið mjög hratt á síðustu árum og að mörgu leyti má segja að hann sé nú rétt að slíta barnsskónum. Áhrif þessarar þróunar hafa að flestu leyti verið jákvæð fyrir atvinnulífið en jafnframt hafa að sjálfsögðu komið fram ýmsir byrjunarörðugleikar, meðal annars hvað snertir þær reglur sem gilda á þessu sviði. Í heildina má segja að löggjöfin hafi reynst vel og ekki orðið til að hindra þróunina á markaðnum. Hins vegar hafa komið upp atvik, sem kallað hafa á breytingar, ekki síst til að auka traust á markaðnum og trúverðugleika hans. Var af þeim sökum farið út í vinnu við endurskoðun laga um verðbréfavíðskipti á síðasta ári, meðal

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

annars í kjölfar vinnu samráðshóps aðila á markaðnum, sem Verslunarráð stóð að.

Lagabreytingar í lok síðasta árs höfðu meðal annars þann tilgang að skýra ákvæði um útboð verðbréfa, meðferð trúnaðarupplýsinga og innherjaviðskipti. Er til dæmis að finna ítarlegri skilgreiningar á því hverjir séu innherjar og hvernig þeim beri að haga sér í sambandi við viðskipti með hlutabréfin þannig að minni hættu verði á misnotkun trúnaðarupplýsinga. Enn á eftir að koma í ljós hvaða áhrif hin nýju og breyttu ákvæði laganna hafa en vonir standa til þess að þau muni verða til framfara. Hins vegar er ljóst að lög og reglur á þessu sviði munu áfram verða til skoðunar enda geta örar breytingar á markaðnum og aukin reynsla á þessu sviði kallað á endurbætur á þeim lögum og reglum sem um hann gilda. Á sama tíma er ljóst að starf eftirlitsaðila á þessu sviði, Fjármálaeftirlits og skráðra kauphalla, á eftir að þróast, en á síðasta ári komu fram ýmsar athugasemdir í þá átt að þessir aðilar væru of veikir. Í því sambandi verður hins vegar að gæta jafnvægis; eftirlitsaðilarnir verða að gegna hlutverki sínu af festu en þó þannig að þeir trufli ekki eðlilega starfsemi á markaðnum.

Leikreglur á fjármálamarkaði sem stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum og trausti eru afar mikilvægar fyrir vöxt og viðgang íslensks atvinnulífs í framtíðinni. Hlutabréfakaup eru til dæmis í senn hagstæður fjárfestingarkostur og skynsamleg sparnaðarleið. Jafnframt stuðla virk viðskipti með hlutabréf að nauðsynlegum breytingum á eignarhaldi, stjórnun og skipulagi fyrirtækja. Þau eiga þátt í því að flytja fjármagn til fyrirtækja, sem eru vel rekin og bjóða upp á hagstæða framtíðarmöguleika, og eru þannig mikilvæg til að ná fram hagræðingu og nýsköpun í atvinnulífinu.

Leikreglur
mikilvægar

FÉLAGALÖGGJÖF TAKI MIÐ AF BREYTTUM AÐSTÆÐUM

Lög um einkahlutafélög og hlutafélög frá árinu 1995 hafa almennt reynst vel og eru að flestu leyti í samræmi við þarfir atvinnulífsins. Hins vegar hafa komið fram sjónarmið um þörf á endurskoðun á löggjöf um önnur félagsform, svo sem sameignarfélög og samvinnufélög. Engin sett lög eru til um sameignarfélagsformið sem slíkt og er eðlilegt að sett verði tiltölulega einföld og skýr löggjöf á því sviði til að skýra almennar formreglur og réttarstöðu eigenda. Varðandi samvinnufélögin hefur talsverð vinna átt sér stað að undanförunu og er mikilvægt í því sambandi að laga lagareglur að breyttu umhverfi í atvinnulífinu, t.d. með því að auðvelda aðgang þeirra að nýju eigin fé og auðvelda breytingu þeirra yfir í hlutafélagsformið. Sama á við um sparisjóðina, en bent hefur verið á að nógildandi lagaumhverfi geri þeim líka erfiðara fyrir en öðrum fjármálafyrirtækjum að afla sér eign fjár og sameinast öðrum félögum, sem kann að vera hindrun í þeirri þróun sem nú á sér stað á fjármálamarkaðnum með samruna, fækkun og stækkun fyrirtækja, sem almennt er til þess fallin að auka hagræðingu og styrkja innlenda aðila í samkeppni við erlenda.

Formreglur
og laga-
umhverfi

SAMKEPPNISLÖGGJÖFIN

Umdeilanleg
afskipti
yfirvalda

Samkeppnislögin íslensku eru frá 1993 en tóku nokkrum breytingum á síðasta ári. Meginramminn er í samræmi við almennar reglur á Evrópska efnahagssvæðinu og löggjöf í nágrannalöndunum, en nánari útfærsla er þó séríslensk í sumum atriðum. Að sumu leyti er góð reynsla af þessari löggjöf, til dæmis í sambandi við fjárhagslegan aðskilnað rekstrar sem nýtur verndar eða niðurgreiðslna hins opinbera frá samkeppnisrekstri. Á hinn bóginn eru afskipti samkeppnisyfirvalda af málum sem snerta samskipti fyrirtækja á frjálsum markaði oft umdeilanleg.

Breytingarnar á samkeppnislögunum á síðasta ári höfðu það að markmiði að skýra og styrkja heimildir samkeppnisyfirvalda til afskipta af misnotkun markaðsráðandi stöðu og samruna fyrirtækja. Enn á eftir að koma í ljós hvort ákvæðin um markaðsráðandi stöðu fela í sér mikla efnisbreytingu frá eldri lögum þar sem var að finna heimildir til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum eða aðstæðum, sem taldar voru hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Þau ákvæði sem hins vegar hefur valdið mestum deilum í seinni tíð varðar samruna fyrirtækja. Þar vegast á tvö meginsjónarmið; annars vegar um að stuðla beri að virkri samkeppni og hins vegar um að samruni fyrirtækja geti verið mikilvægur og nauðsynlegur þáttur í aukinni hagræðingu og framþróun atvinnulífsins.

Verslunarráð telur að samkeppnisyfirvöld hafi í ýmsum tilvikum gengið of langt við túlkun samrunaákvæða eldri laga. Á það bæði við um skilyrði sem sett voru fyrir samruna, sem og úrskurði um að sameining tiltekinna fyrirtækja væri óheimil. Var því hvatt til endurskoðunar á viðkomandi ákvæðum en niðurstaða stjórnvalda og Alþingis í þeim efnum á síðasta ári var hins vegar ekki í samræmi við sjónarmið ráðsins. Þvert á móti var valin sú leið að auka heimildir samkeppnisyfirvalda til afskipta af samruna. Virðist því ljóst að ekki verður samstaða um þennan þátt löggjafarinnar á næstunni og er ekki að efa að ákvarðanir Samkeppnisstofnunar og Samkeppnisráðs í þessum efnum munu áfram valda ágreiningi í þjóðfélaginu. Af hálfu Verslunarráðs verður áfram unnið að tillögum um lagabreytingar á þessu sviði með það að markmiði að löggjöfin standi ekki í vegi eðlilegrar þróunar og að ákvarðanir opinberra aðila hindri ekki skynsamlegar ákvarðanir stjórnenda fyrirtækja á markaðnum.

Ákvarðanir
valda
ágreiningi

Afstaða Verslunarráð til samrunaákvæðanna mótast af því að samkeppnislöggjöfin og framkvæmd hennar eigi ekki að koma í veg það í sjálfu sér að fyrirtæki sameinist, stækki eða nái á einhverjum tímavarki aukinni hlutdeild á þeim markaði þar sem þau starfa. Slíkt er oft afleiðing góðs árangurs í rekstrinum og getur stuðlað að hagræðingu og aukinni arðsemi án þess að nokkurn tímann sé beitt eða standi til að beita samkeppnishamlandi aðgerðum. Þegar vel rekin fyrirtæki sameinast, eða fyrirtæki sem náð hefur góðum árangri kaupir illa staddan samkeppnisaðila sinn, getur til dæmis náðst fram mikil hagræðing og lækkun kostnaðar, til hagsbóta jafnt fyrir viðskiptavini og atvinnulífið í heild. Slíkt getur líka verið nauðsynlegt vegna smæðar íslenskra fyrirtækja í samanburði við erlenda samkeppnisaðila á ýmsum sviðum.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Almennt eru opinberar stofnanir, nefndir og ráð, ekki bestu aðilar til að meta forsendur og afleiðingar ákvarðana sem teknar eru í viðskiptalífinu. Reynslan virðist sýna, að þessir aðilar hafa tilhneigingu til að líta á markaðsaðstæður sem kyrrstæðar en ekki síbreytilegar. Jafnframt hættir þeim til að skilgreina einstaka markaði of þröngt. Aðgerðir þessara opinberu aðila verða því að mótast af varfærni og setja ber heimildum þeirra til íþyngjandi aðgerða þröngar skorður. Það er óviðunandi staða fyrir atvinnulífið ef samkeppnisyfirvöld eða önnur stjórnvöld telja sig þess umkomin að velja úr þau fyrirtæki sem ná eiga árangri, refska þeim sem vel gengur, eða vernda þau sem stunda óhagkvæman rekstur. Nauðsynleg viðleitni til að stuðla að frjálsri og virkri samkeppni má ekki snúast upp í andhverfu sína með óhóflegum afskiptum af rekstri fyrirtækjanna í landinu.

Opinberir
aðilar
ekki hæfastir

SAMANTEKT

Í köflunum hér að framan um hlutverk ríkisins í nýja hagkerfinu koma fram eftirfarandi megináherslur og tillögur:

* Verslunarráð telur að ríkisvaldið eigi almennt að halda að sér höndum, gæta hófs í umsvifum og útgjöldum og stilla skattheimtu í hóf. Með þeim hætti er einkaaðilum gefið nauðsynlegt svigrúm til að byggja upp öfluga atvinnustarfsemi í landinu til að standa undir auknum hagvexti og bættum lífskjörum.

* Ríkisvaldið hefur mikilvægu hlutverki við að standa vörð um stöðugleikann í efnahagsmálum og verður að gæta aðhalds við stjórn vaxta- og gengismála.

* Aðhaldssemi í útgjöldum hins opinbera er mikilvæg og gæta verður þess að stofna ekki til varanlegra skuldbindinga þegar vel árar, sem erfitt getur verið að standa undir þegar harðnar á dalnum. Hins vegar geta útgjöld til að styrkja innviði samfélagsins verið réttlætunleg þegar þeim er vel varið.

* Skattlagning atvinnulífsins verður að miðast við að efla stöðu íslenskra fyrirtækja í síharðnandi samkeppni við erlenda keppinauta. Skattaleg samkeppni milli ríkja er nú meiri en nokkru sinni fyrr og ef íslensk stjórnvöld taka ekki mið af því hverfur fjármagn og atvinnutækifæri úr landi.

* Lægri skattar á fyrirtæki geta styrkt samkeppnisstöðuna. Tekjuskattur fyrirtækja er nú 30% af rekstrarhagnaði og er það hlutfall enn of hátt. Írar hafa aukið skatttekjur ríkisins með verulegum skattalækkunum og fengið þannig mikið nýtt fjármagn inn í atvinnulíf sitt.

* Hátt tekjuskattshlutfall, jaðaráhrif tekjutenginga og sérstakt hátekjuskattþrep skaða samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Þessi atriði gera þeim erfiðara að laða til sín vel menntað og hæft starfsfólk af íslenskum og erlendum uppruna, sem á kost á áhugaverðum og vel launuðum störfum um allan heim.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

- * Breyta verður ákvæðum skattalaga um kauprétt starfsmanna á hlutafélögum svo þau nái tilgangi sínum. Hækka ber fjárhæðarmörk og tryggja að hægt sé að færa vannýttan kauprétt milli ára.
- * Endurskoða ber álagningu gamaldags skatta á borð við eignarskatta og stimpilgjöld, sem í senn flæma íslensk fyrirtæki úr landi og draga úr áhuga erlendra aðila á að taka þátt í atvinnustarfsemi hér.
- * Hraða ber sölu hlutabréfa ríkisins í fyrirtækjum á fjármála- og farskiptamarkaði, auk þess sem undirbúa þarf einkavæðingu á öðrum sviðum, svo sem í pósthlutningum og orkugeiranum.
- * Endurskoða ber ýmis atriði í viðskiptalöggjöfinni með það fyrir augum að lagaramminn hindri fyrirtæki ekki í starfsemi sinni. Breyttar aðstæður kalla á sífellda endurskoðun á þessu sviði.
- * Breyta þarf félagalöggjöfinni þannig að auðveldara verði að breyta samvinnufélögum og sparisjóðum í hlutafélög og jafnframt þarf að lögfesta skýrar og einfaldar reglur um sameignarfélög.
- * Tryggja þarf að samkeppnislöggjöfin og aðgerðir samkeppnisyfirvalda hindri ekki eðlilega þróun á markaðnum, einkum í sambandi við samruna. Fyrirtækjum verði ekki bannað að vaxa og auka umsvif sín ef þess er gætt að þau misnoti ekki markaðsráðandi stöðu sína.

AÐILD AÐ EVRÓPUSAMBANDINU OG ÁHRIF Á ÍSLENSKT ATVINNULÍF

STAÐA EES-SAMNINGINS

Frá því að samningurinn um hið evrópska efnhagssvæði EES tók gildi í ársbyrjun 1994 hafa verulegar breytingar átt sér stað á starfsumhverfi íslensks atvinnulífs. Almenn samstaða er nú um að þessi áhrif hafi verið afar jákvæð fyrir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja þótt um það væri hart deilt á sínum tíma. Munar þar auðvitað mestu um óhindraðan aðgang að sameiginlegum innri markaði Evrópusambandsríkjanna fimmtán og þeirra þriggja EFTA-ríkja, sem aðild eiga að samningnum. Íslendingar gátu hins vegar hafnað aðild að ákveðnum þáttum samstarfsins, sem taldir voru óhagstæðir og munar þar mestu um að standa utan hinnar sameiginlegu sjávarútvegsstefnu ESB. Þá má benda að samningurinn flýtti fyrir breytingum á margvíslegri innlendri löggjöf sem snertir atvinnulífið, að sumu leyti vegna nauðsynlegrar aðlögunar að regluverki Evrópusambandsins en í öðrum tilvikum vegna þess að tækifærið var nýtt til endurskoðunar ýmissa annarra laga og reglna, sem hvort sem er var tímabær.

Aðstæður hafa að ýmsu leyti breyst frá því EES-samningurinn var gerður. Samningurinn hefur þróast áfram, meðal annars vegna túlkunar hans í framkvæmd og dómaframkvæmdar, auk þess sem nýjar tilskipanir Evrópusambandsins hafa leitt til breytinga á löggjöf á öllu svæðinu. Þrjú EFTA-ríki sem stóðu að honum hafa gengið í ESB og EFTA-stoð hans því veikst. Framkvæmdastjórn ESB á í samningaviðræðum við fjölmarga aðildarumsækjendur, bæði ríki í Austur- og Mið-Evrópu og smáríki á Miðjarðarhafi. Þá ríkir ákveðin óvissa um þróun Evrópusambandsins sjálfs, bæði vegna spurninga um stækkun þess og um eðli samstarfsins milli aðildarríkjanna í framtíðinni. Þar er t.d. útkljáð hvort farið verður út í víðtækt samstarf í skattamálum eða ekki.

Breyttar
aðstæður

Loks má nefna að erfitt er að meta á þessu stigi hver áhrif myntsamstarfsins innan ESB verða á atvinnulíf aðildarríkjanna, en þar geta komið upp aðstæður sem haft geta veruleg áhrif á stöðu íslensks atvinnulífs.

Allt veldur þetta því að ákveðin óvissa ríkir um hvort EES-samningurinn verði áfram fullnægjandi lausn fyrir Íslendinga í sambandi tengsl þeirra við ESB.

Nokkur
óvissa

HELDUR EES-SAMNINGURINN EÐA ÚRELDIST HANN?

Engin teikn eru uppi um að ESB-ríkin hafi hug á að rifta samstarfinu innan EES jafnvel þótt EFTA-stoðin hafi veikst og ný ríki leiti eftir inngöngu. Yfirlýsingar ráðamanna innan ESB í viðræðum við íslensk stjórnvöld benda ekki til slíkrar afstöðubreytingar. Hættan á að

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Íslendingar glati þeim ávinningi sem þar hefur þegar náðst fram virðist því ekki mikil í náinni framtíð. Á hinn bóginn hefur því verið haldið fram að áhrif EFTA-ríkjanna þriggja á framtíðarþróun samningsins og nýja löggjöf á innri markaðnum verði minni en verið hefur, meðal annars vegna stofnanabreytinga innan ESB, aukins vægis Evrópuþingsins og tilfærslu verkefna frá framkvæmdastjórn sambandsins til vinnuhópa ráðherraráðs þess og annarra stofnana, sem óháðar eru því samráðsferli sem gert er ráð fyrir innan EES. Vægi EFTA-stoðarinnar gagnvart ESB kann einnig að verða veikari í framtíðinni en við upphaflegu samningsgerðina vegna þess að Austurríki, Svíþjóð og Finnland hafa færst milli samningsaðila. Íslendingar kunna þannig í auknum mæli að verða háðir ESB-löggjöf, sem þeir hafa ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á á undirbúningsstigi.

Þurfum
að fylgjast
vel með

Erfitt er að meta hættuna á því að EES-samningurinn tapi gildi sínu á komandi árum eða að kröfur komi upp innan ESB um breytingar á honum. Hins vegar er ljóst að Íslendingar verða að fylgjast náið með þróuninni á þessu sviði og vera reiðubúnir að endurskoða afstöðu sína til samstarfsins ef veruleg veðrabrigði verða í þessum efnunum.

ÁHRIF EVRUNNAR

Myntsamstarf flestra aðildarríkja ESB og upptaka evrunnar mun að öllum líkindum hafa veruleg áhrif á íslenskt atvinnulíf á komandi árum, ekki síst ef Danir og Bretar bætast í hóp aðila að Myntbandalaginu. Þannig er hugsanlegt að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja á Evrópumarkaði veikist vegna þess að viðskipta- og fjármagnskostnaður evrópskra keppinauta þeirra lækki. Jafnframt verður allur verðsamanburður skýrari milli aðildarlandanna og er líklegt að það leiði til virkari samkeppni í atvinnulífi þeirra. Hafa ber í huga að rúmlega 1/3 af milliríkjavíðskiptum Íslendinga er við núverandi aðildarríki Myntbandalagsins og með inngöngu Dana og Breta myndi það hlutfall hækka í nær 2/3. Slíkt myndi óhjákvæmilega auka þrýstinginn á tengsl við evruna. Margir óvissuþættir eru þó uppi í þessu sambandi og er til dæmis óvíst hvort og þá hvenær Danir og Bretar taka ákvarðanir í þessa átt og jafnframt á eftir að koma betur í ljós hvernig og hve hratt myntsamstarfið nær tilgangi sínum, en almennt fór evran veikar af stað en margir höfðu spáð fyrirfram. Loks er þess að geta að finna má bæði rök með og á móti því að Íslendingar tengi sig við myntsamstarfið, annað hvort með aðild að því eða einhliða evrutengingu krónunnar. Hefur til dæmis verið bent á að þannig myndi svigrúm til mótunar sjálfstæðrar peningastefnu hér á landi minnka, en það gæti haft óæskileg áhrif í ljósi þess að hagsveiflan hér á landi er ekki alltaf í takt við sambærilega þróun á evrusvæðinu og vægi Bandaríkjadals í erlendum viðskiptum Íslendinga er meira en þar þekkt.

Margir
óvissu-
þættir

Hafa ber í huga, að aðild að Myntsamstarfinu er háð aðild að ESB og mat flestra sérfræðinga gengur í þá átt að einhliða tenging krónunnar við evruna sé óraunhæf við núverandi aðstæður. Spurningin um tengslin við evrusvæðið mun því óhjákvæmilega verða nátengd spurningunni um hugsanlega aðild Íslands að ESB á næstu árum. Ef það verður talið efnahagslega hagstætt fyrir Íslendinga að taka upp

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

hina sameiginlegu evrópsku mynt mun þrýstingurinn á aðild að ESB því aukast til muna.

SJÁVARÚTVEGSSTEFNAN OG HUGSANLEG AÐILD

Íslendingar kusu að halda sig utan hinnar sameiginlegu sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins þegar samið var um EES. Almenn samstaða var um að sjávarútvegurinn væri það mikilvægur þáttur íslensks efnahagslífs að óviðunandi væri að lúta forræði stofnana sambandsins á því sviði. Ekki er líklegt að Íslendingar fengju varanlegar undanþágur á þessu sviði í aðildarviðræðum við ESB. Undanþágur sem Norðmenn fengu á sínum tíma í samningaviðræðum sínum voru tímabundnar og takmörkuðust við auðlindastjórnun norðan vissrar breiddargráðu með vísun í sérstaka hagsmuni þar af fiskveiðum. Spurningunni um hvað Íslendingum gæti boðist í þeim efnum verður ekki fullsvarað nema að farið verði út í slíkar samningaviðræður.

Spurningum
ekki fullsvarað

Í þessu sambandi er hins vegar rétt að benda á að það er yfirlýst stefna ESB að leitast við að mæta efnahagslegum grundvallarhagsmunum allra aðildarríkjanna og margir þættir í hinni sameiginlegu sjávarútvegsstefnu fara saman við hagsmuni Íslendinga. Þannig er viðurkennt forræði einstakra aðildarríkja á sínum hafssvæðum varðandi mikilvæga þætti fiskveiðistjórnunarinnar jafnvel þótt ákvörðun um heildaraflamagn séu teknar af ráðherraráði ESB. Hvað heildaraflann varðar hafa komið fram röksemdir í þá átt að unnt yrði að semja um að ráðgjöf íslenskra stofnana verði lögð til grundvallar við þessar ákvarðanir ráðsins. Hefur því jafnframt verið haldið fram að tekið yrði tillit til veiðireynslu á íslensku hafsvæði og að kvótaskipting og framsal kvóta gæti haldist. Miðað við viðmiðunarreglur ESB hafa ekki aðrir en Íslendingar veiðireynslu á Íslandsmiðum. Þeir sem halda fram sjónarmiðum af þessu tagi vilja því meina að Íslendingar gætu áhyggjulítið gengist undir hina sameiginlegu sjávarútvegsstefnu án þess að ástæða væri til að reikna með miklum raunverulegum breytingum á fyrirkomulagi fiskveiða hér við land. Aðrir leggja aftur á móti áherslu á þann þátt, að fiskveiðiauðlind Íslendinga yrði hluti af sameiginlegum auðlindum ESB-ríkjanna og allar breytingar á stefnu sambandsins á þessu sviði hefðu bein áhrif nýtingu hennar. Hefur í þessu sambandi meðal annars komið fram ótti við að skilningsleysi á mikilvægi sjávarútvegs fyrir íslenskt hagkerfi og vanþekking á fyrirkomulagi fiskveiða hér geti leitt til þess að heildarafla Íslendinga verði takmarkaður einhvern tímann í framtíðinni, - ekki með hliðsjón af vísindalegum rannsóknum heldur á grundvelli órökstuddra tilfinninga og jafnvel öfgakenndra umhverfissjónarmiða.

Hætta
vegna
vanþekkingar

ÁHRIF HUGSANLEGRAR AÐILDAR Á TOLLA

Þar sem sjávarafurðir voru ekki hluti sjálfs EES-samningsins byggja Íslendingar tollfrelsi þessara afurða sinna á sérstökum fylgisamningi um það efni. Þar kemur fram að mikilvægustu tegundirnar eru undanþegnar tolli en ýmsar smærri bera enn slík gjöld. Dæmi um það

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

Hraðar
hagræð-
ingu

eru t.d. humar og aðrar smærri afurðir. Aðild að ESB og sameiginlega tollabandalagi þess myndi aflétta þessari gjaldtöku. Sama á t.d. við um landbúnaðarafurðir en aðildin myndi án efa leiða til aukins innflutnings þeirra til Íslands. Innganga í ESB myndi þannig hraða hagræðingu í landbúnaði og vinnslu búfjárafurða hér á landi með lækkun verðs á landbúnaðarafurðum og samdrætti í innlendri framleiðslu.

Þátttaka í tollasamstarfinu hefði jafnframt þau áhrif, að ýmsar vörur sem fluttar eru til Íslands í gegnum ESB ríki, myndu ekki lengur bera tvöfaldan toll. Í dag kemur oft upp sú staða, að vörur sem svo horfir um, taka á sig toll í ESB-ríkinu og síðan aftur þegar þær eru fluttar til Íslands. Þessu geta Íslendingar að vísu breytt með einhliða ákvörðunum af sinni hálfu, en ESB-aðild myndi tryggja að vörurnar yrðu aðeins tollaðar einu sinni.

STOFNANAPÁTTUR ESB

Skiptar
skoðanir
innan
ESB

Stuðningsmenn aðildar Íslands að ESB hafa bent á að með aðild fengju Íslendingar beinan aðgang að undirbúningi mála og ákvarðanatöku innan sambandsins. Óvíst er þó hver áhrif Íslands yrðu í raun, ekki síst ef þeim sjónarmiðum vex fiskur um hrygg innan sambandsins að vægi aðildarríkjanna við ákvarðanatöku eigi í auknum mæli að taka mið af fólksfjölda. Einnig hefur verið bent á að samráðsferlið innan EES gefi Íslendingum kost á ákveðnum áhrifum, þótt ljóst sé að full aðild myndi styrkja þá stöðu. Þegar þessi þáttur ESB er til umfjöllunar er vert að hafa í huga að innan þess eru afar skiptar skoðanir um hversu ríkt miðstjórnarvaldið eigi að vera. Verður forvitnilegt að fylgjast með umræðum um það efni innan sambandsins á næstu misserum og árum.

SAMANTEKT

Hér á eftir eru rakin nokkur helstu sjónarmið sem fram koma í kaflanum hér að framan:

* Reynslan af EES-samningnum hefur verið afar góð fyrir íslenskt atvinnulíf, einkum vegna aðgangs íslenskra fyrirtækja að hinum sameiginlega innri markaði.

* Ýmsar breytingar hafa sér stað frá því EES samningurinn var gerður og kann þróunin að verða sú að hann muni ekki tryggja hagsmuni Íslendinga í framtíðinni. Þetta er þó háð ýmsum óvissupáttum, ekki síst hvað varðar þróunina innan Evrópusambandsins sjálfs.

* EFTA-stoð samningsins hefur veikst og kunna Íslendingar í auknum mæli að þurfa að lúta löggjöf, sem þeir hafa ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á.

* Enn er óvíst hvaða áhrif myntsamstarfið innan ESB hefur á atvinnulífið hér á landi en nái upptaka evrunnar tilgangi sínum gæti samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja á Evrópumarkaði versnað.

AÐ HALDA UPPI HAGVEXTI

- * Gangi Ísland í ESB munu fiskveiðar hér við land lenda innan ramma hinnar sameiginlegu sjávarútvegsstefnu sambandsins. Einhverjar undanþágur kunna að nást fram í aðildarviðræðum en um líkurnar á því er erfitt að segja.
- * Ýmsir telja að Íslendingar muni áfram hafa raunverulegt forræði yfir fiskveiðiauðlindinni þrátt fyrir að þeir taki formlega þátt í hinni sameiginlegu sjávarútvegsstefnu, enda verði tekið tillit til núverandi fyrirkomulags og sjónarmiða þeirra sjálfra við útfærslu stefnunnar í sambandi við fiskveiðar hér við land.
- * Aðrir benda á að með því að afsala sér formlega forræði í sjávarútvegsmálum til ESB taki Íslendingar mikla áhættu, enda geti komið upp sú staða í framtíðinni að pólitískur vilji verði til þess innan sambandsins að takmarka veiðar meira en vísindamenn telja nauðsynlegt eða að gengið verði fram hjá hagsmunum Íslendinga að einhverju öðru leyti.
- * Ljóst er að með aðild að ESB yrði Ísland hluti af sameiginlegu tollabandalagi, sem myndi auðvelda aðgang ýmissa afurða að Evrópumarkaði og leiða til lægra vöruverðs hér á landi, sérstaklega vegna aukins innflutnings landbúnaðarafurða.
- * Með aðild að ESB fengju Íslendingar beinan aðgang að ákvarðanatöku innan sambandsins en erfitt er að segja fyrir um það hver áhrif Íslands yrðu í raun.